

SHALDOR  
skoðun 16



3 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is  
Veislupjónustur



**ÚTSALA**  
**ÁRSINS**  
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI  
**TÖLVUTEK**  
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlöð 2 • 430 6900

**4BLB**  
**BÆKLINGUR**  
STÓTFULLUR AF  
TILBOÐUM Í FRÉTTA-  
BLAÐINU Í DAG

# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

27. desember 2011  
302. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

REST LESNA  
DAGLAÐ Á ÍSLANDI  
**10**  
ÁRA  
2001 - 2011

\*Samkvæmt reennsóknirum Cancer Cent Gallup apríl - júní 2011



**75 og 50 ára tímamót**  
Bjarni Fel heldur upp á  
75 ára afmæli og 50 ára  
trúlofunarafmæli í dag.  
**tímamót 22**

## Í ísbað á Íslandi

Tveir Norðmenn eru  
á leiðinni til landsins  
gagngert til að fara í ísbað.  
**fólk 46**




**Búnir að ná Man. City**  
Manchester-liðin eru bæði  
með 45 stig á toppi ensku  
úrvalsdeildarinnar.  
**sport 40**



**SÖNGUR Í HJARTA** Kór Menntaskólans í Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur heimsótti Landspítalann við Hringbraut í gær og söng fyrir sjúklinga á öllum deildum. Þessi siður komst á að frumkvæði Önnu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra lækninga, árið 1996 og hefur haldist alla tíð síðan. Þorgerður segir afar gefandi að heimsækja spítalann og stórkostlegt að krökkunum í kórnum sé sýnt svo mikið traust.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## veðrið í dag



**STÖKU ÉL** Í dag verða víða  
suðvestan 3-8 m/s. Stöku él S- og  
V-til en annars yfirleitt bjart veður.  
Frost 0-10 stig.

VEÐUR 4

**Hefur þú  
skolað í dag?**

Fyrir börn og fullorðna

Sterkar tennur, fallett bros  
- það er Flux!  
FÆST Í APÓTEKUM **actavis**

# Hætta inntöku lyfja vegna aukaverkana

Brjóstakrabbameinssjúklingar hætta að taka hormónabælandi lyf vegna aukaverkana. Ásgerður Sværrisdóttir krabbameinlæknir segir mikilvægt að leita allra leiða áður en gefist sé upp á að taka mikilvægt fyrirbyggjandi lyf.

**HEILSA** Dæmi eru um að konur með brjóstakrabbamein hafi gefist upp á að taka hormónabælandi lyf vegna aukaverkana, að sögn Ásgerðar Sværrisdóttur, krabbameinlæknis á Landspítalanum.

„Við höfum rætt þetta reglulega í okkar hópi. Mörg okkar hafa það á tilfinningunni að konur séu ekki að taka þessi lyf alveg samkvæmt fyrirmælum og gefist stundum upp á að taka þau án þess að láta lækni vita af því. En þær gera það reyndar í sumum tilfellum í samráði við lækinn.“

Í Bandaríkjunum hættir um þriðjungur sjúklinga með brjóstakrabbamein að taka hormónabælandi lyf vegna aukaverkana. Þetta sýna niðurstöður rannsóknar sem gerð var við Northwestern-háskólann í Chicago.

„... konur sætta sig kannski við mjög miklar aukaverkanir í svona langan tíma.“

ÁSGERÐUR SVÆRRISDÓTTIR  
KRABBAMEINSLÆKNIR

Samkvæmt rannsókninni kváðust 36 prósent hafa hætt að taka lyfin vegna liðverkja, hitakófs, þyngdaraukningar og ógleði.

Ásgerður bendir á að hormónabælandi lyf séu gefin í fyrirbyggjandi skyni í fimm ár. „Þetta er langur tími og konur sætta sig kannski ekki við mjög miklar aukaverkanir í svona langan tíma.“

Um 75 prósent ætla í brjóstum eru hormónanæm, að því er

Ásgerður greinir frá. „Meirihluta kvenna með brjóstakrabbamein er ráðlagt að taka þessi lyf en algengustu aukaverkanirnar eru tíðahvarfaeinkenni.“

Ásgerður segir að þessari fyrirbyggjandi meðferð hafi verið beitt í um 40 ár. „Árangur meðferðarinnar hefur verið mikið rannsakður og öflug gögn á bak við þær rannsóknir sýna að meðferðin minnkar hættuna á endurkomu sjúkdómsins um 50 prósent og hættuna á dauða af völdum hans um 30 prósent óháð því hvort konan er komin yfir breytingaskeiðið eða ekki.“

Ásgerður segir afar mikilvægt fyrir konur að ræða aukaverkanirnar við lækni.

„Mikilvægt er að leita allra leiða áður en gefist er upp á inntöku svona mikilvægs lyfs.“ - ibs

## Stunginn til bana í jólaösinni: Morð í verslun á Oxford-stræti

**BRETLAND, AP** Átján ára piltur var stunginn til bana í verslun á Oxford-stræti í London í gær, þegar búðir voru troðfullar á fyrsta útsöludegi að loknum jólum.

Morðið varð í tengslum við átök sem brutust út í íþróttavörversluninni Foot Locker og bárust síðan út á götu. Að sögn lögreglu voru tíu manns handteknir í tengslum við þetta atvik. Hundruð manna fylgdust með átökunum. - gb

**ÁRAMÓTASPRENGJA!**  
ADEINS EINU SINNI ÁRI!  
OPNUM KL. 11.30 27. DES.!  
BRJÁLUD TILBOÐ!  
TÖLVU LISTINN  
tl.is

**Kringlan**  
Opið 10-18:30  
í dag



**SPURNING DAGSINS**

Guðmundur, hafa allir lagt hönd á plóg í söfnuninni?

„Já, fólk hefur látið hendur standa fram úr ermum.“

Guðmundur Felix Grétarsson missti báðar hendur í vinnuslysi fyrir þrettán árum. Söfnun hefur gengið vel fyrir Guðmund, sem hyggst fara í handaágræðslu í Frakklandi á nýju ári.



**HREINDÝR** Tveir veiðipjófar voru handteknir af lögreglunni á Fáskrúðsfirði eftir að hafa drepit hreindýr.

Skutu hreindýr í Hamarsfirði:

## Veiðipjófar handteknir

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn á Fáskrúðsfirði gómuðu á jóladag tvo veiðipjófa sem höfðu skotið hreindýr í Hamarsfirði fyrir um daginn.

Upp komst um verknaðinn við vengubundið umferðareftirlit lögreglunnar. Hún hafði afskipti af bifreið sem í voru menn klæddir í veiðigalla og virtust mjög vel útbúnir til veiða. Þeir kváðust hafa verið við refaveiðar í Hamarsfirði og ekki staðist mátið þegar hreindýrs varð vart. Málið, sem telst upplýst, er til meðferðar hjá lögreglunni í umdæmi lögreglustjórans á Eskifirði.

- fb

### LÖGREGLUFRETTIR

#### Slökkviliðið hjá Eimskipi

Tilkynnt var um ammoníaksleka hjá Eimskipi í Sundahöfn í gærmorgun. Þegar slökkviliðið kom á vettvang reyndist lekinn óverulegur.

#### Bíll út af á Snæfellsvegi

Umferðaróhapp varð á Snæfellsnesvegi upp úr hádeginu í gær þegar bifreið valt og fór út af veginum. Talið er að slæmt skyggni hafi átt hlut að máli. Ökumaðurinn var einn í bílnum og slapp hann við meiðslu en bíllinn er ónýtur.

Tveir voru fluttir á sjúkrahús eftir árekstur á Vesturlandsvegi í gærkvöldi:

## Sex bifreiðar skulu saman

**UMFERDARSLYS** Tveir voru fluttir á sjúkrahús eftir sex bíla árekstur rétt hjá afleggjaranum við Álfsnes á Vesturlandsvegi á sjöunda tímanum í gærkvöldi.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu skulu tveir bílar saman sem voru að koma úr gagnstæðri átt og lentu þá fjórir bílar til viðbótar á þeim. Að sögn lögreglunnar er ekki talið að hraðakstur hafi valdið umferðarslysinu. Fjórir sjúkrahúsfluttir voru sendir á vettvang auk tækjabíls. Vesturlandsvegur var lokaður í báðar áttir vegna umferðaróhappsins og engin hjáleid var framhjá slysstaðnum. Löng röð bíla myndaðist frá slysstað eftir norðanverðum Kollafirði.

- fb



**SEX BÍLA ÁREKSTUR** Áreksturinn á Vesturlandsvegi var harður. Löng röð bíla myndaðist frá slysstað eftir norðanverðum Kollafirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vill endurskoða skotvopnabúnað lögreglu

Lögreglumaður veltir upp þeirri spurningu hvort lögreglumenn eigi að hafa skotvopn í bílum sínum. Aðstæður í glæpaheiminum eru þegar farnar að kalla á aukinn viðbúnað lögreglu. Svipað fyrirkomulag er víða í nágrennalöndunum.

**LÖGGÆSLA** Þróun ástands og aukin skotvopnanotkun í glæpaheiminum hér á landi undanfarnin misseri er farin að kalla á frekari umræðu um skotvopnanotkun lögreglu.

Þetta er megininntak greinar lögreglumannsins G. Jökuls Gíslasonar í nýjasta eintaki Lögreglumannsins, félagsblaði Landsambands lögreglumanna.



**G. JÖKULL GÍSLASON**

Jökull tekur í greininni nokkur nýleg dæmi um atvik þar sem skotvopnum hefur verið beitt við handrukkanir og rán hér á landi.

Það segir hann hafa hleypt umræðunni af stað. „Þannig að hvort heldur sem við viljum eða viljum ekki búa í vopnlausu samfélagi er þetta ekki atriði sem við fáum að kjósa um eða tekur tillit til óska okkar.“ Hann bætir því við að reynsla nágrennalöndanna sýni að skotvopnavæðing undirheima gerist á afar skömmum tíma.

„Vopnabúnaður lögreglu á Íslandi snýst ekki um ákvörðun um í hvernig samfélagi við viljum búa heldur um kalt mat á staðreyndum,“ skrifar Jökull.

„Óvopnaðir lögreglumenn hafa þegar verið sendir í verkefni þar sem verkefnið sjálft bar með sér að þeir hefðu alls ekki átt að fara í það óvopnaðir. Það er komið að þeim tímamarki að við þurfum að skoða og gera klárt til þess að við getum, með skömmum fyrirvara, vopnað lögreglu landsins.“

Jökull segir í samtali við Fréttablaðið



**VÍGBÚNAÐUR UNDIRHEIMA** Jökull segir að glöggst megi sjá að skotvopn séu að verða algengari í undirheiminum hér á landi. Hér sést hluti vopnabúrs sem var tekið við húsléit í Reykjavík fyrir skemmstu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það er komið að þeim tímamarki að við þurfum að skoða og gera klárt til þess að við getum, með skömmum fyrirvara, vopnað lögreglu landsins.“

**G. JÖKULL GÍSLASON**  
LÖGREGLUMÁÐUR

blaðið að hugmyndir hans séu að norskrir og breskir fyrirmynd.

„Þeir eru með byssur í læstum hirslum í bilunum þannig að ef nauðsyn krefur geta lögregluþjónar nálgast vopnin.“

Hann segist alls ekki tala fyrir munn allra lögreglumanna í þessum málum en vissulegra margra þeirra sem þurfi að kljást við slík tilfelli.

Í greininni leitast Jökull einnig

við að svara nokkrum „mýtum“ sem hann segir að séu í umræðunni um vopnabúnað lögreglu.

Til dæmis sé Ísland alls ekki vopnlaust land, þar sem skotvopnaeign sé nokkuð almenn, þá sé lögregla vopnuð í mörgum nágrennalöndunum og þvert á það sem margir telji leiði aukinn vopnabúnaður lögreglu ekki til þess sama hjá glæpamönnum.

„Því er í raun þveröfugt farið. Lögregla sem er íhaldssöm stofnun í eðli sínu hefur sögulega vígbúist til að bregðast við harðnandi samfélagi.“

Jökull segir þó að áður en nokkuð verði að gert í þessum málum verði að tryggja vinnu-umhverfi lögreglumanna. Þeir þurfi skýrar verklagsreglur til að ekkert fari milli mála varðandi stöðu þeirra við embættisstörf.

thorgils@frettabladid.is

## Hættulegt sílikon á Íslandi: 400 konur með franskt sílikon

**HEILBRIGÐISMÁL** Talið er að um fjögur hundruð íslenskar konur séu með sílikonpúða frá franska framleiðandanum PIP sem hugsanlega geta valdið heilsutjóni.

Yfirvöld í Frakklandi greindu frá því rétt fyrir jól að hætta væri talin stafa af sílikonpúðum frá PIP. Fyrirtækið fór í þrot á síðasta ári en í ljós kom að hluti púðanna fór ekki í gegn um viðunandi gæðiferli og því er aukin hætta á að þeir rifni. Stofnandi PIP er eftirlýstur af Interpol.

- eh



**JENS STOLTENBERG** Forsætisráðherra Noregs mun aldrei gleyma illskunni sem hann varð vitni að í sumar.

## Jens Stoltenberg í jólavíðtali: Gleymir aldrei illskunni í Útey

**ÓSLÓ, AP** Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, segist aldrei munu gleyma þeirri illsku sem hann varð vitni að þegar 77 manns voru myrtir í landinu í júlí síðastliðnum.

Í jólavíðtali við fréttastofuna NTB sagði Stoltenberg að hinar myrku minningar um atburðinn væru ennþá jafnsterkar nú og þegar hann hitti fyrst þá sem komust lífs af eftir áráð Anders Behring Breivik í Útey 22. júlí. „Þetta kemur í bylgljum. Litlir hlutir geta orðið til þess að þetta hellist aftur yfir mig. Þannig verður það örugglega áfram,“ sagði Stoltenberg. Breivik myrti átta manns í sprengjuárás í Ósló og 69 til viðbótar í Útey. Stoltenberg bætti því við að það væri mikilvægt að þetta atvik myndi aldrei gleymast.

- fb

### VÍDSKIPTI

#### Tvö þúsund eignir á uppboð

Rúmlega tvö þúsund og tvö hundruð fasteignir hafa verið seldar nauðungarsölu í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík frá bankahruni. Fjöldinn hefur nærri fjórfaldast frá árunum fyrir hrun.

Fyrirverandi forsetafrú Suður-Kóreu heimsótti ráðamenn í Norður-Kóreu:

## Kim tekur á móti sendinefnd

**NORÐUR-KÓREA, AP** Lee Hee-ho, fyrirverandi forsetafrú Suður-Kóreu, hélt í gær á fund Kim Jong-un, hins nýja leiðtoga Norður-Kóreu. Í för með henni var Hyun Jeong-eun, sem er stjórnarformaður Hyundai-fyrirtækisins.

Báðar eru þær ekkjur. Eiginmaður Lee var Kim Dae-Jung, forseti og friðarverðlaunahafi, sem lést árið 2009, en eiginmaður Hyun var í nokkrum tengslum við ráðamenn í Norður-Kóreu.

Með heimsókninni virðast þær hafa ætlað að leggja sitt af mörku til þess að bæta samskipti landanna. Þær heimsóttu meðal annars grafhýsið, þar sem hinn nýlátne Kim Jong-il liggur í glerkistu.

Heimsóknin festir um leið í sessi son hans, sem norður-kóreskir fjölmiðlar keppast við að lofa í hástert. Kim Jong-un tók í gær við



**Á EIGN VEGUM** Fyrirverandi forsetafrú og stjórnarformaður Hyundai reyna að bæta samskipti ríkjanna.

NORDICPHOTOS/AFP

embætti formanns miðnefndar Kommúnistaflokks Norður-Kóreu og tryggði þar með völd sín enn frekar.

Útför föður hans verður gerð á

morgun og minningarathöfn verður haldin á fimmtudag. Búast má við miklum skrautsýningum báða dagana.

- gb

# 15% afsláttur

af öllum styrkleikum og pakkningastærðum



**Voltaren**  
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

**Lyf & heilsa**  
við hlustum!



# Áramótabomba BT músarinnar

**SAMSUNG** 30.000 kr. lækkun  
149.999 áður 179.999  
Samsung D5004 LED  
1920 x 1080p - Full HD  
**40"**

**SAMSUNG** 15.000 kr. lækkun  
99.999 áður 114.999  
Samsung D455 Plasma  
1024 x 768 - HD Ready  
**43"**

**SAMSUNG** 20.000 kr. lækkun  
149.999 áður 169.999  
Samsung D455 Plasma  
1366 x 768 - HD Ready  
**51"**

fleiri flottar bombur í boði !!

10.000 kr. lækkun  
79.999 áður 89.999  
Samsung HT-D5000 Heimabíó  
500w - 2.1 kerfi - Blu Ray 3D - DVD  
**SAMSUNG**

10.000 kr. lækkun  
64.999 áður 74.999  
Samsung NC110 bleik  
10,1" LED HD - 320GB - 1GB DDR2

10.000 kr. lækkun  
109.999 áður 119.999  
HP Pavilion DV6-3130EO  
15,6" LED HD - 320GB - 4GB DDR3

20.000 kr. lækkun  
149.999 áður 169.999  
Samsung RV711  
17,3" LED HD+ - 500GB - 4GB DDR3

allt í alvöru áramótaveislu  
og rúmlega það !!

## tónlistin

23.999  
**SCOTT** Scott S2  
40W - CD - DVD - USB

29.999  
**SCOTT** Scott WXH120  
12W - CD - USB - iPod dokka

## stuðió

7.999  
**ION** Discover Keyboard  
hijómborð fyrir tölu

24.999  
**ION** Discover Guitar  
USB gítar

29.999  
**ION** Tailgater Hátalari /  
gítarmagnari / iPod dokka

## myndirnar

14.999 áður 19.999  
**SAMSUNG**  
ES70 stafræn myndavél  
12.2 megapíxlar

19.999 áður 22.999  
**SAMSUNG**  
ST90 stafræn myndavél  
14 megapíxlar

79.899  
**SAMSUNG**  
EX1 stafræn myndavél  
10 MP - 3" hreyfanlegur skjár

## góðu lögin

3.999 áður 5.999  
**COBY**  
MP550  
2GB - Clip

4.999 áður 7.999  
**COBY**  
MP620  
2GB

5.999 áður 9.999  
**COBY**  
MP620  
4GB

Flugeldamarkaður  
Björgunarsveitana  
er á planinu við BT í Skeifunni

vaxtalausar  
raðgreiðslur  
til allt að 12 mánaða

# BT



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	122,20 122,78
Sterlingspund	191,60 192,54
Evra	159,64 160,54
Dönsk króna	21,474 21,600
Norsk króna	20,536 20,656
Sænsk króna	17,81 17,914
Japanskt jen	1,5650 1,5742

SDR 188,31 189,43

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
218,7178

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ringulreið, samskiptaleysi og rangar ákvarðanir stjórnvalda eftir kjarnorkuslysið í Japan:

# Viðbrögðin gerðu illt verra í Fukushima

**JAPAN** Viðbrögð stjórnvalda jafnt sem starfsmanna kjarnorkuverisins í Fukushima í kjölfar jarðskjálftans mikla og flóðbylgju fyrr á árinu voru ómarkviss og gerðu illt verra.

Ringulreið, samskiptaleysi og rangar ákvarðanir einkenndu viðbrögðin, að því er fram kemur í nýrri 500 blaðsíðna skýrslu sem stjórnvöldum var afhent í gær.

Höfundar skýrslunnar hafa rætt við meira en 400 manns, bæði starfsmenn í verinu og embættismenn á ýmsum stigum stjórnsýslunnar. Fram kemur að hætta af flóðbylgju var gróflega vanmetin. Allir aðilar málsins hafa einnig reynt að koma sér undan ábyrgð með því að vísa til þess að

flóðbylgjan hafi verið stærri en nokkrum hefði getað dottið í hug.

Stuttu fyrir jól skýrðu japönsk stjórnvöld frá því að loks hefði tekist að ná tökum á ástandinu í Fukushima. Um svipað leyti kynntu stjórnvöld einnig áætlun um að leggja niður öll kjarnorkuver í landinu innan fjórutíu ára.

Aðeins sex af 54 kjarnorkuverum Japans eru reyndar í notkun þessa dagana. Hin eru lokuð vegna viðhalds af ýmsu tagi.

**TEKUR VIÐ SKÝRSLUNNI** Yoshihiko Noda forsætisráðherra tekur við skýrslunni úr hendi Yotaro Hatamuta.



## Deilur sjá og súnnía harðna: Sadristar vilja nýjar kosningar

**IRAK, AP** Stjórnmalaflokkur rót-tækra sjá-múslima, sem fylgja klerkinum Muktada al-Sadr,



TARIK AL-HASHEMI

krefjast þess að kosningar verði haldnar sem fyrst í landinu og núverandi þing verði leyst upp.

Flokkurinn á aðild að ríkisstjórn Nouri al-Maliki forsætisráðherra, sem í síðustu viku fór fram á að Tarik al-Hashemi varaforseti, sem er súnní-múslimi, yrði handtekinn vegna gruns um að hann hefði verið með aftökusveitir á sínum snærum, en hann var þá flúinn til kúrdahéraðanna í norðurhluta landsins.

Sadristar segja að núverandi ráðamenn geti ekki fundið lausn á þessum deilum, sem stefna í að valda djúpstæðum klofningi.

## Fyrstu eftirlitsmenn komnir: Tugir drepnir til viðbótar

**SÝRLAND, AP** Á þriðja tug mótmælenda voru drepnir í Sýrlandi í gær, sama dag og 60 fyrstu eftirlitsmennirnir frá Arababandalaginu komu til landsins.

Stjórnarherinn í Sýrlandi hefur drepð nokkur hundruð manns síðustu vikuna, en alls hafa hátt í sex þúsund manns verið drepnir í landinu síðan mótmæli gegn stjórn Bashar al-Assad hófust síðastliðið vor.

Embættismaður Arababandalagsins í Kaíró sagði Assad nú hafa fengið sitt síðasta tækifæri til að snúa við blaðinu, þegar eftirlit væri hafið.



SEGLBÁTUR Á BILASTÆÐI Strandaður seglbátur á bilastæði skammt frá bænum Molde í Noregi þar sem fellibylurinn Dagmar gekk yfir.

# Dagmar olli usla í Noregi og Svíþjóð

Rafmagn fór af á nokkur hundruð þúsund heimilum í Noregi og Svíþjóð um jólin þegar fellibylurinn Dagmar gekk þar yfir. Eignatjónið er gífurlegt.

**STOKKHÓLMUR, AP** Rafmagn fór af á hátt í þrjú hundruð þúsundum heimila í Mið-Noregi og í norðurhluta Svíþjóðar eftir að fellibylurinn Dagmar gekk þar yfir á jóladag og annan jólum. Margir þurftu því að notast við kertaljós upp á gamla mátann þegar þeir fögnuðu jóluunum. Þetta er eitt mesta óveður sem komið hefur upp að Noregsströndum í tvo áratugi.

Þeir sem ætluðu að ferðast um hátíðarnar þurftu margir hverjir að breyta áætlunum sínum eftir að tré féllu á vegi og lestarteina og hindruðu alla umferð. Engin slys urðu á fólki og spilar þar inn í að almenningsingur var varaður við óveðrinu

með góðum fyrirvara. Vindhraðinn mældist mest hátt í fimmtíu metra á sekúndu þegar Dagmar fór yfir Noreg á sunnudag og til Svíþjóðar snemma í gær. Lögreglan hvatti fólk til að halda sig innandyra á meðan bylurinn gekk yfir. Um fimm hundruð manns höfðu hringt inn og tilkynnt um eignaspjöll í gær, samkvæmt blaðinu Verdens Gang, og ljóst er að kostnaður trygginga-félaga vegna fellibyljarins mun nema nokkrum milljörðum króna.

Dagmar olli einnig vandræðum á hafi úti því tvö skemmtiferðaskip þurftu að halda sig við bryggjuna í Þrándheimi vegna veðursins. Um fjögur hundruð farþegar

voru því strandaglópar í bænum á meðan fellibylurinn gekk yfir. Abrahamhallen, íþróttahús knattspyrnuliðsins Rosenborg í Þrándheimi, hrundi í óveðrinu, en um svokallað loftbóluhús er að ræða. Þetta er í annað sinn sem það gerist en fyrir tveimur árum hrundi það vegna mikils fannfergis ofan á þakinu.

Sænska veðurstofan sendi út næsthæsta viðvörunarstigið í norðurhluta landsins vegna fellibyljarins. Öllum lestarsamgöngum var frestað frá sunnudagskvöldi til mánudagsmorguns. Símasamband fór einnig víða af, þar á meðal í Vágsøy-sýslu í Sogn og Fjordane í Noregi.

## Dregur til tíðinda í makrfldeilu: Noregur býður til fundarhalds

**UTANRÍKISMÁL** Noregur hefur boðið Íslandi, Færeyjum og þeim Evrópusambandslöndum sem stunda makrflveiðar til fundar um veiðarnar í Bergen 24. til 27. janúar.

Tómas H. Heiðar, aðal-samningamaður Íslands, segir íslensk stjórnvöld hafa orðið fyrir verulegum vonbrigðum með tillögu ESB og Noregs á síðasta fundi, í Clonakilty á Írlandi.

„Ég vænti þess að fundarboð Norðmanna sé til marks um vilja þeirra til að stíga skref fram á við,“ segir Tómas.

Íslensk stjórnvöld leggja mikla áherslu á að ná samkomulagi um stjórnun makrflveiðanna til að tryggja sjálfbærar veiðar og koma í veg fyrir frekari ofveiði úr stofninum.

Filippus á sjúkrahúsi:

## Sagður á góðum batavegi

**BRETLAND, AP** Filippus drottningarmaður í Bretlandi er sagður á góðum batavegi, þar sem hann lá a sjúkrahúsi í gær að jafna sig eftir hjarta-áðgerð.

Hann hafði þá legið fjórar nætur á sjúkrahúsinu, en hann þurfti að gangast undir aðgerð fyrir jól vegna kransæðastíflu.

Filippus er níræður og hefur alla tíð verið heilsuhraustur, en missti að þessu sinni bæði af jólahaldi fjölskyldunnar og af skotveiðiferð, sem hann annars er vanur að stjórna á annan í jólum.



FILIPPUS PRINS

**Ert þú 60 ára eða eldri og vilt auka úthald við dagleg störf?**

Létt leikfimi, tækjapjálfun, slökun og vellíðan

Nýtt námskeið hefst 9. janúar

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

**HEILSUBORG**  
Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is

**VEDURSPÁ**

Elisabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

**FÍNT VEDUR**  
Skaplegasta veður á landinu í dag en það verður yfirleitt hæg suðvestanátt og úrkomulítið. Litlar breytingar þar til annað kvöld en þá gengur í vaxandi SA-átt vestan til, fyrst með snjókomu aðra nótt. Snjócoma eða él víða á fimmtudag.

Á MORGUN Vaxandi SA-átt V-til síðdegis.

FIMMTUDAGUR Stíf V-átt S- og SV-til, annars hæg breytileg.

**HEIMURINN**

Alicante	15°
Basel	6°
Berlín	10°
Billund	9°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	20°
London	7°
Mallorca	16°
New York	9°
Orlando	26°
Ósló	6°
París	7°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# GÓÐ KAUP!

FULLT  
VERÐ: 169.950  
**99.950**  
SÓFASETT  
3+2



**SPARIÐ  
70.000**

**RUSSELL sófasett 3 + 2**  
Glæsilegt sófasett úr PELLISIMA leðri.  
Litur: Dökkbrúnn.  
2ja sæta: 150 x 86,5 x 84 sm.  
3ja sæta: 205 x 86,5 x 84 sm.



FULLT  
VERÐ: 12.950  
**7.950**



**SPARIÐ  
5.000**

**VELOUR COMFORT gestarúm**  
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss. Auðveldara getur þetta ekki verið! Vindsæng með innbyggðri rafmagnspumpu. Taska fylgir. Stærð: B 157 x L203 x H47 sm.



FULLT  
VERÐ: 9.995  
**6.995**  
SÆNG

**SPARIÐ  
3.000**

LÚFFUR/  
HANSKAR  
**995**  
1 PAR



**Lúffur og hanskar**  
Margir litir af lúffum og hönskum fyrir börnin.  
Stærðir: 1-10 ára.

**HØIE CLEAN & GREEN thermosæng**  
Góð sæng fyllt með polyester kúlutrefjum. Í raun tvær sængur saumaðar saman á þann hátt að hitaainangrandi lofrúm myndast á milli þeirra. Áklæði: 50% bómull og 50% viscose/bambus. Stærð: 135 x 200 sm.

FULLT  
VERÐ: 1.995  
**1.595**



**Glærir vaxdúkar**  
Góðir, glærir vaxdúkar á frábæru verði.  
Þykkt: 0,1 mm. **399** pr. mtr.  
Þykkt: 0,2 mm. **595** pr. mtr.

**FRÁBÆRT  
VERÐ**



VERÐ PR.  
MTR. FRÁ:  
**399**

**THINSULATE vettlingar**  
Góðir vettlingar frá THINSULATE með rúskinni í lófa. Fáanlegir í svörtum og gráum lit. Stærðir: M-XL.

**20%  
AFSLÁTTUR**

**Plastkassi  
37 lítra**  
Plastkassi með smelltu loki, tekur 37 lítra.

TILBOÐ GILDA: 27.12 - 29.12



HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ  
[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)

1 PAR  
VETTLINGAR  
**1.295**







Borðaðirðu skötu á Þorláksmessu?

Já	43,4%
Nei	56,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Först þú í kirkju um jólin?

Segðu skoðun þína á visir.is



Fyrirverandi forstjóri FME vísar því á bug að eftirlitið hafi vanrækt gagnagrunn:

# Skorti heimild til að nýta gagnagrunn

**VIÐSKIPTI** Jónas Fr. Jónsson, fyrirverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), segir skort á heimild ástæðu þess að eftirlitið hafi ekki notað gagnagrunn um hlutabréfaviðskipti til að fylgjast með viðskiptum bankanna með eigin bréf í aðdraganda bankahrunsins. Þetta kom fram á fréttavef Ríkisútvarpsins í gær.

Fréttablaðið greindi frá því á aðfangadag að FME hefði birt niðurstöður athugunar á rafrænu eftirliti Kauphallarinnar fyrir bankahrunið haustið 2008. Gerði FME athugasemd við það að Kaup-



JÓNAS FR. JÓNSSON

höllin hefði ekki tekið nægilega snemma eftir viðskiptum tiltekinnna fjármála fyrirtækja með eigin hlutabréf á árinu 2008. Ríkissjórnvarpið ræddi við Pál Harðarson, forstjóra Kauphallarinnar, vegna þessa á jóladag. Í máli Páls kom fram að FME hefði aldrei notað sérstakan gagnagrunn sem

komíð var á fót árið 2007 til að fylgjast með hlutabréfaviðskiptum fjármála fyrirtækjanna. Þá sagði Páll að sér þætti það í hæsta máta undarlegt þar sem dýrmætar upplýsingar hefði verið að finna í gagnagrunninum.

Í samtali við Ríkisútvarpið í gær sagði Jónas hins vegar að Persónuvernd hefði lagst gegn því að unnið yrði úr upplýsingum úr kerfinu eftir kennitölum fyrirtækja. Í kjölfarið hefði viðskiptaráðuneytið gefið út reglugerð þar sem FME hefði ekki verið veitt heimild til að nýta gagnagrunninn á slíkan hátt. - mbl

Náttúruverndarsamtök fagna:

# Ánægð með jarðminjagarð

**NÁTTÚRUVERN** Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands fagna nýlegri ákvörðun Grindavíkur-bæjar um stofnun jarðminjagarðs á Reykjanesi.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að ákvörðunin sé vel til þess fallin að auka almenna vitund um mikilvægi náttúruverndar á svæðinu. Huga þurfi vandlega að þeim málaflokki, t.d. með tilliti til virkjana. Einnig þurfi að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir utanvegaakstur sem hafi verið vandamál á Reykjaneskaga. - fb



*Norræna húsið óskar öllum gleðilegrar hátíðar með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða*

**Opnunartímar yfir hátíðarnar:**

**Bókasafnið:** 27.-30. des. Frá kl. 12-17.

**Dill Restaurant:** 27.-30. des. Opið frá kl. 11.30-17 og frá kl. 19-22 (nema þriðjud. 27. des.). Opið Gamlárskvöld.

**Sýningin Strangir fletir:** 27.-30. des. Frá kl. 12-17.



Fylgstu með dagskrá Norræna hússins á [www.norraenahusid.is](http://www.norraenahusid.is) og á facebook.



Norræna húsið Sturlugata 5 101 Reykjavík S. 5517030 [www.norraenahusid.is](http://www.norraenahusid.is)

# Hafa ekki fengið svör um fangaflug

Í áfangaskýrslu segja mannréttindasamtök að Evrópulönd dragi lappirnar við svör fyrirspurnar um „fangaflug“ CIA. Nærri helmingur Evrópulanda hunsar samtökin. Ísland hefur ekki enn svarað spurningum um fangaflugið.

**MANNRÉTTINDAMÁL** Ísland er meðal Evrópulanda sem ekki hefur svarað fyrirspurn erlendra mannréttindasamtaka um fangaflug bandarísku leyniþjónustunnar CIA.

Í áfangaskýrslunni „Rendition on Record“, sem út kom í byrjun vikunnar og samtökin Reprieve og Access Info Europe standa að, kemur fram að af 28 Evrópulöndum sem beðin voru um upplýsingar um fangaflug Bandaríkjanna hafa einungis sjö svarað, Bandaríkin, Þýskaland, Írland, Danmörk, Litáen, Noregur og Finnland. Nærri helmingurinn, eða 46 prósent, hefur engu svarað.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum virðast hins vegar mun viljugri til að veita upplýsingar. Fram kemur í skýrslunni að Bandaríska flugmálastjórnin FAA hafi látið af hendi 27.128 færslur vegna flugs 44 flugvéla árin 2002 til 2006.

Fangaflug CIA er hluti af „stríði Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum“ þar sem grunaðir hryðjuverkamenn voru fluttir til landa þar sem þeir kunna að hafa verið pyntaðir.

Rannsókn Reprieve og Access info Europe hefur nú staðið í hálf tveimur árum og segja samtökin að upplýsingabeidni þeirra sé á reglubundinn hátt hunsuð í Evrópulöndum, eða látið sem hún sé léttvæg og það kalli á stöðuga eftirfylgni og þrautagöngu milli stofnana.

Í umfjöllun á vef Reprieve er haft eftir Crofton Black, einum höfunda skýrslunnar, að sláandi dæmi um „áhyggjulausa velþóknun“ Evrópu sé að svör fáiast greiðlega í Bandaríkjunum á meðan evrópska flugumferðarstjórnin Eurocontrol láti ekki svo mikið sem eina skráningu af hendi. „Eins er óásættanlegt að lönd á borð við Austurríki, Frakkland, Ítalíu, Lettland, Rúmeníu og Spán skuli hreinlega hunsar beiðnir



**MEINT FANGAFLUGVÉL** Smáþota sem talin er hafa verið notuð til fangaflugs bandarísku leyniþjónustunnar var mynduð á Reykjavíkflugvelli árið 2005, en þá var fjallað um málið í fréttum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

## Staða fyrirspurnar um flug CIA með fanga til pyntingar

**Upplýsingar látnar af hendi**

Danmörk, Finnland, Þýskaland, Írland, Litáen, Noregur, Bandaríkin.

**Upplýsingar liggja ekki fyrir**

Búlgaría, Tékkland, Eistland, Slóvenía, Bretland.

**Engin svör við fyrirspurn**

Albanía, Austurríki, Aserbaidsjan, Grænhöfðaeyjar, Georgía, Frakkland, Ísland, Ítalía, Lettland, Rúmenía, Rússland, Spánn, Tyrkland.

**Upplýsingabeidni hafnað**

Kanada, Eurocontrol, Portúgal, Svíþjóð.

um upplýsingar sem varða mikilvæg mannréttindi,” segir hann.

Þótt Ísland hafi ekki enn svarað er landið þó ekki sagt hunsar fyrirspurnina, heldur sé beðið „svars sem hefði átt að vera komið fram“.

Friðþór Eydal, talsmaður Isavia ohf. (áður Flugstöðir), segir töf sem orðið hefur á að svara fyrirspurn erlendu samtakanna skýrast að nokkru af því að fyrirspurnin hafi upphaflega borist á rangan stað.

Henni hafi verið beint til Flugmálastjórnar, sem aftur hafi komið henni áleiðis til Isavia. Þar liggja umbeðnar upplýsingar fyrir en þó sé ekki hægt að svara fyrirspurninni án heimildar stjórnvalda. „Við sendum þetta á innanríkisráðuneytið með ósk um fyrirsmæli um hvernig taka ætti á málinu,” segir Friðþór. Í gær lágu ekki fyrir upplýsingar um stöðu fyrirspurnarinnar hjá innanríkisráðuneytinu. [olikk@frettabladid.is](mailto:olikk@frettabladid.is)

Dýrafræðingar og steingervingafræðingar leystu 300 ára ráðgátu um fílsfætur:

# Fundu sjöttu tána á fílsfótum

**VÍSINDI** Dýrafræðingar og steingervingafræðingar telja sig hafa leyst rúmlega 300 ára ráðgátu um fílsfætur. Bein sem finna má í fótum þessara stærstu landdýra heims hefur lengi verið mönnum ráðgata, en nú er talið að beinið sé í raun sjötta tánín.

Steingervingar hafa leitt í ljós að forfedur fíla þróuðu með sér sjöttu tána fyrir um 40 milljón árum þegar tegundin fór stækkandi og flutti sig á þurrt land. Nú er talið að þessi auka tá hjálpi filunum að bera líkamshyngd sína, að því er fram kemur á vef BBC.

Tilgangur beinsins hefur verið ráðgata frá því fyrsti fillinn var krufinn árið 1706. „Allir sem hafa rannsakað fílsfætur hafa velt þessu fyrir sér og hugsað með sér

hvað þetta væri skrýtið,” segir John Hutchinson, prófessor við Konunglega dýrafræðiháskólann í Bretlandi.

Hingað til hefur það verið talin staðreynd að fílar væru með fimm tær á hverjum fæti. Þó að fætunir líti út eins og trjádrumbar eru þeir mun flóknari en þeir líta út fyrir að vera. Í raun ganga fílar á tánum, fimm tær snúa fram en sú sjötta snýr aftur og er mun minni en hinar fimm. - bj

**FÍLL Í ÞÝSKALAND** Fílsunginn Tarak, sem er í dýragarðinum í Hannover, fékk 30 kílóa afmælistertu þegar hann varð þriggja ára. Nú er komið í ljós að fílar hafa sex tær, fimm snúa fram og ein aftur.

NORDICPHOTOS/APP







*Gledilega hátíð!*

## MÓTUM FRAMTÍÐINA

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar.  
Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.





1. Í hvaða sveitarfélagi er Finn-bogaskóli?
2. Hversu margir nýliðar eru á tíu manna forvalista fyrir íþróttamann ársins?
3. Með hvaða íslensku hljómsveit hyggur tónlistamaðurinn John Grant á samstarf?

SVÖR:

1. Arneshreppi 2. Átta 3. GusGus.

Æðstu embættismenn vara við vondri stöðu Lífeyrissjóðs borgarstarfsmanna:

# Langlífi og lök ávöxtun kostar borgina 8,6 milljarða

**REYKJAVÍKURBORG** Hækka þarf iðgjald Reykjavíkurborgar í lífeyrissjóð starfsmanna um tæp fjögur prósent eigi A-deild sjóðsins að standa undir skuldbindingum sínum.

Í greinargerð Kristbjargar Stephensen borgarlögmanns og Birgis Björns Sigurjónssonar fjármálastjóra sem lögð var fram í borgarráði segir, að upphaflega hafi verið talinn öruggur grundvöllur fyrir A-deildinni. Fljótlega hafi þó annað komið á daginn. Hækkun framlags borgarinnar úr 11,5 í 112 prósent á árinu 2007 hafi ekki dugað til. Hækka þurfi framlagið um næstum fjögur prósent í viðbót.

Ástæðurnar fyrir veikri stöðu A-deildarinnar segja Kristbjörg og Birgir vera veru-

legar breytingar á forsendum varðandi lífslíkur og örorkulíkur annars vegar og hins vegar slæm skilyrði til ávöxtunar, einkum vegna hrunsins 2008 en einnig vegna áhrifa netbólunnar upp úr árinu 2000. Hallinn sé nú 13 milljarðar, þar af megi rekja 8,6 milljarða til breytinga á lífslíkum. Meðalaldur sjóðfélaga sé nú fimm árum hærri en við stofnun sjóðsins. Lagalega sé ekkert annað í stöðunni en að hækka framlag borgarinnar.

„Undirrituð vara við því að fresta slíkri endurskoðun mótfamlags lengur en eitt ár,“ segja borgarlögmaður og fjármálastjóri borgarinnar. Borgarráð ákvað að kalla eftir frekari greiningu á stöðunni og hugsanlegum valkostum.



**RÁÐHÚSIÐ** Meðalaldur borgarstarfsmanna hefur hækkað um fimm ár og lífslíkur þeirra aukist með tilheyrandi byrðum fyrir lífeyrissjóð þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KÓPAVOGUR** Foreldrar leikskólabarna eru ósáttir við mikla hækkun á gjöldunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Foreldrar í Kópavogi mótmæla: Ósátt við hærri leikskólagjöld

**MENNTUN** Samtök foreldra leikskólubarna í Kópavogi mótmæla gjaldskrárhækkunum sem eiga að taka gildi um áramót. Þá hækka leikskólagjöld um sjö prósent.

Foreldrarinn segja hækkunina nú koma ofan á mikla hækkun gjaldanna um síðustu áramót. Þá hafi gjöld í Kópavogi hækkað mest á öllu landinu, eða um 15 til 17 prósent miðað við átta tíma vistunardag en um 30 prósent miðað við níu tíma vistun.

Þá mótmæla foreldrarinn vinnubrögðum bæjaryfirvalda, og segjast ekki hafa fengið neinn fyrirvara til að mæta auknum álgöllum.

- þeb

Vopn í finnskri hafnarborg:

## Flugskeytin „flutt löglega“

**FINNLAND** Patriot-flugskeytin, sem finnskir tollverðir fundu um borð í flutningaskipinu Thor Liberty á dögunum, voru flutt löglega frá þýskum yfirvöldum til Suður-Kóreu að því er finnska útvarpsstöðin Yle hefur eftir þýska varnarmálaráðuneytinu.

Eigandi skipsins er danska félagið Thorcos en skipið er skráð á Mön. Einn starfsmanna Thorcos, segir að flugskeytin kunni að hafa verið sett um borð „vegna mistaka“ án þess að geta þess nánar hvernig mistökin hafi getað orðið. Flugskeytanna var ekki getið í farmbréfi.

- ibs

Slagsmál í misnotkunarmáli:

## Réðist á föður sinn í dómshúsi

**DANMÖRK** Slagsmál brutust út í dómshúsi í Tønder á Jótlandi fyrir helgi þar sem 22 ára gamall maður veittist að föður sínum.

Faðirinn var fyrir rétti, sakaður um að hafa misnotað unga dóttur sína kynferðislega og beitt fyrrnefndan son grófu ofbeldi.

Á vef héraðsblaðs Vestur-Jótlands segir að ungi maðurinn hafi skyndilega ráðist á föður sinn á gangi dómshússins. Réttarhaldinu var frestað í kjölfarið.

- þj



**ÞJÓDMENNINGARHÚSIÐ** Ein meginrökin fyrir því að Þjóðminjasafnið tekur yfir rekstur hússins er sú reynsla sem þar er innandyra við slíkan rekstur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Landsdómur og hrun tefur sýningarhaldið

Rekstur Þjóðmenningarhússins færir til Þjóðminjasafnsins sumarið 2013. Ásamt Listasafni Íslands og Stofnun Árna Magnússonar mun Þjóðminjasafnið setja upp lýsandi sýningu á þjóðararfinum. Hrunið og Landsdómur hafa tafið fyrir.

**SAFNAMÁL** Þjóðmenningarhúsið mun í framtíðinni hýsa grunn-sýningu sem lýsir íslenskum þjóðmenningararfi. Að sýningunni koma höfuðsöfnin tvö Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn auk Stofnunar Árna Magnússonar. Þjóðminjasafn mun taka við rekstri hússins af mennta- og menningarmálaráðuneytinu þegar skipunartími Markúsar Arnar Antonssonar, forstöðumanns hússins, rennur út 1. júní 2013.



**HALLDÓR BJÖRN RUNÓLFSSON**

Starfsemi Þjóðmenningarhússins hefur ekki verið nákvæmlega skilgreind til þessa. Þar hefur farið fram fjölbreytt sýningarhald á vegum ýmissa aðila og hefur það verið fundarstaður fyrir ráðherra, ráðuneyti og stofnanir.

Síðla árs 2010 var ákveðið að flytja Þjóðmenningarhúsið úr vörslu forsætisráðuneytis undir menntamálaráðuneyti, og tengdist það hrókeringum innan stjórnarráðsins. Síðla sumars 2011 var síðan gengið frá stjórnarskiptum í húsinu. Í stað fráfarandi stjórnar var forstöðumönnum þriggja stofnana, Þjóðminjasafnsins, Stofnunar Árna Magnússonar og Listasafnsins, falið að leggja á ráðin um framtíðarskipan hússins og fékk sú hugmynd brautar-gengi að grunn-sýning yrði skipulögð í öllu Þjóðmenningarhúsinu, sem lyti að sögu íslenskrar myndlistar í aldanna rás, frá miðöldum til samtímans. Listasafn Íslands reið á vaðið með sýningu, aðallega í efri hluta hússins í júní.

Halldór Björn Runólfsson, safnstjóri Listasafnsins, segir að sú sýning – Þúsund ár/Millennium – sé fyrsti hluti áætlunar sem muni taka nokkur ár að ljúka. „Líklega mun verða breyting á sýningunni

þegar Þjóðminjasafnið og Árnastofnun bæta við sínum hluta á neðri hæðum og mun þá verða sameiginleg sýning viðkomandi stofnana,“ segir Halldór.

Að sögn Halldórs hefur ýmislegt tafið framgang áætlunarinnar, svo sem efnahagsástandið, sem hægir á framkvæmdum, og notkun hússins sem höfuðstöðvar landsdóms. Þá undirbýr Þjóðminjasafnið 150 ára afmæli sitt, en safnið var stofnað 1863, og Árnastofnun mun eignast eigið húsnæði á komandi árum og með því hverfur handritasýningin af grunnhæð hússins í þeirri mynd sem verið hefur undanfarin ár.

„Vegna þessa verður óhjákvæmilega töf á grunn-sýningunni og sýningin Þúsund ár ber áfram ein vitni sem fyrsti hluti þessarar áætlunar stofnananna þriggja. Hún mun þó breytast að hluta og verða þétt með fræðslu- og upplýsingarefni,“ segir Halldór.

svavar@frettabladid.is

## Við gerum Vínbúðina Dalvegi fallegri og betri

Vínbúðin Dalvegi verður lokuð frá 2. janúar til 15. febrúar vegna endurbóta.



VÍNBUÐIN

Seljendur húss dæmdir til að greiða kaupanda rúmar átta milljónir vegna galla:

## Bætur vegna ærandi smella í húsi

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt mann og konu til að greiða konu rúmar átta milljónir króna vegna galla á fasteign sem þau seldu henni árið 2007. Ástæðan var óþægileg smelluhljóð sem voru vel yfir hávaðamörkum, auk þess sem húsið lak.

Konan keypti fasteignina, sem er í Hafnarfirði, fyrir 42 milljónir króna. Nokkrum vikum eftir kaupin fór að bera á háværum smellu-

hljóðum. Konan lýsti því þannig að hún hefði vaknað við háværa smelli við sólarupprás. Svo dró úr hljóðunum yfir daginn en við hitabreytingu á kvöldin byrjuðu smellirnir að heyrast á ný og gátu haldið áfram alveg til klukkan tvö eftir miðnætti.

Dómkvaddur matsmaður skilaði undirmatsgerð árið 2008. Í matinu kom fram að fasteignin væri haldin verulegum galla. Hann tók

svo til orða að hann hefði aldrei heyrt önnur eins hljóð í nokkru húsi. Hann væri sannfærður um að hann myndi ekki treysta sér til að festa svefn við slíkar kringumstæður.

Yfirmatsmenn mældu styrk smellanna með hljóðstigsmæli að að kvöldi og fram á morgun. Alls heyrðust 33 smellir. Sá háværa mældist 57 desibel, sem er langt yfir mörkum.

- jss



# Áramóta Útsala

Allt að  
**50%**  
afsláttur

Allt að 50%  
afsláttur af  
baðinnréttingum,  
speglum ofl.



afsláttarverð  
**69.900**  
stgr.

KY-001 Stærð 130x50 sm ~~139.800~~

Ath!  
Takmarkað  
magn

## SPEGLAR með ljósum

50%  
afsláttur

Stærð sm:	áður	áður	áður
60 x 80 með hillu	45.800.-	22.900.-	22.900.-
80 x 80 með hillu	51.800.-	25.900.-	25.900.-
60 x 80 án hillu	43.800.-	21.900.-	21.900.-
80 x 80 án hillu	49.800.-	24.900.-	24.900.-
90 x 80 án hillu	51.800.-	25.900.-	25.900.-
100 x 80 án hillu	53.800.-	26.900.-	26.900.-
120 x 80 án hillu	57.800.-	29.900.-	29.900.-



afsláttarverð  
**59.900**  
stgr.

S-9016 eik Stærð 100x46 sm ~~119.800~~



afsláttarverð  
**49.900**  
stgr.

~~99.800~~  
S-9010 eik Stærð 62x48 sm

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)

**INNRETTINGAR  
& TÆKI**  
- fyrir þitt heimili



FRÉTTAVIÐTAL: Hákon Hákonarson, læknir við Barnaháskólasjúkrahúsið í Filadelfíu

# Nýtt ADHD-lyf innan seilingar

Nýlegar uppgötvanir dr. Hákonar Hákonarsonar og rannsóknarteymis hans við Barnaháskólasjúkrahúsið í Filadelfíu í Bandaríkjunum vegna ofvirkni og athyglisbrests (ADHD) í börnum hafa vakið mikla athygli, enda bregða þær nýju ljósi á orsakir kvillans og, sem heyrir ekki síður til tíðinda, möguleg lyf gegn ADHD.

Hákon flutti til Filadelfíu árið 2006 þar sem hann var ráðinn til að fara fyrir nýrri deild erfðafræðirannsókna á spítalanum, en hann hafði áður unnið hjá Íslenskri erfðagreiningu frá 1998. Síðan þá hefur deildin sannlega vaxið hratt og nú vinna þar 89 manns að tugum rannsóknaverkefna. Þá hefur deildin safnað erfðafnasýnum úr riflega 70.000 börnum og 30.00 foreldrum, sem er stærsta barnalífssýnasafn í heiminum í dag.

## Erfðabreytileiki orsökinn hjá 10% ADHD-sjúklinga

ADHD-rannsóknin, sem birt var í tímaritinu Nature Genetics fyrir skemmstu, er þó eitt af mestu afrekum Hákonar og hans fólks en þess má þó geta að tímaritið TIME setti uppgötvun Hákonar á erfðavísu tengdum einhverfu í hóp tíu mestu vísindaafreka ársins 2009.

„Við erum búin að vinna að ADHD-rannsókninni í rúm þrjú ár,“ segir Hákon í samtali við Fréttablaðið og bætir því við að margt varðandi ADHD kalli á ítarlegar rannsóknir. Til dæmis séu börn sem þjáist af ADHD líklegri til þess að lenda á jaðri samfélagsins og lyfin sem helst hafi verið notuð gegn sjúkdómnum séu örvandi lyf eins og amfetamín og amfetamínafleiður, sem hafi margs konar neikvæðar afleiðingar þótt þau komi að gagni í sumum tilfellum.

„Við náðum að safna lífsýnum frá rúmlega 1.100 börnum með ADHD sem okkar rannsókn byggir á, og það sem komið hefur í ljós með því að skanna allt erfðamengi þeirra mjög ítarlega með 500.000 til 1 milljón erfðamarka er að rúmlega 10% úr þessum hópi hafa ákveðinn erfðabreytileika í genum sem skrá fyrir sérstök eggjahvítuefni sem sjá um boðefnaflutning í heilanum, þar sem algengast er að eitt gen eða hluta af geni vantar sem raskar starfsemi þessara boðefna-brauta.“



**TÍMAMÓTAUPPGÖTVANIR** Hákon Hákonarson og erfðarannsóknarteymi hans á Barnaspítalanum í Filadelfíu hafa gert margar uppgötvanir að undanföru. Meðal annars eru þau langt komin með þróun lyfs sem hjálpar hluta ADHD-sjúklinga.

Þessi breytileiki hefur þau áhrif, að sögn Hákonar, að minna er framleitt af eggjahvítuefni sem frumur í heila nota til samskipta sín á milli og eru nauðsynleg til að halda athygli og stjórn á margvíslegri líkamsstarfsemi.

„Þetta er flókið samspil á milli mismunandi boðefnakerfa en lykilþátturinn er að skortur á þessum eggjahvítuefnum sem eru nauðsynleg til að boðin berist eðlilega um heilann leiðir til svipgerðar eins og ADHD. Það er jafnframt athyglisvert að við sjáum hliðstæðar breytingar í þessari sömu genafjölskyldu hjá sjúklingum með einhverfu og geðklofa.“

## Fundu gagnlegt lyf sem stytta leiðina

Þegar þessi orsakabáttur hafði verið staðfestur var hægt að byrja að leita leiða til að leiðrétta það sem út af bar.

Hákon og hans fólk voru heppin því að þau fundu nokkurra ára gamla lyfjarannsókn frá Japan þar sem reynt var að hanna lyf við Alzheimer-sjúkdómnum, sem bar ekki árangur sem slíkt, en lyfið

“ Þetta lyf hefur einmitt þau áhrif að leiðrétta afleiðingarnar af erfðabreytileikanum sem við fundum hjá ADHD börnunum og réttur skammtur af lyfinu gæti því hjálpað þessum börnum og mögulega læknað sjúkdóminn.

HÁKON HÁKONARSON

sem var notað eykur magn boðefnisins sem hann hefur nýverið sýnt fram á að skortir hjá ákveðnum undirhópi barna með ADHD.

„Japanarnir gerðu tilraunir á músum sem leiddu til þess að þeir töldu að lyfið hefði áhrif á minni. Þegar við skoðuðum málið nánar var hins vegar líklegt að um væri að ræða að lyfið væri að

bæta athygli hjá þeim músum sem sýndu athyglisbrest eftir að eitt af þessum genum hafði verið fjarlægð. Þetta lyf hefur einmitt þau áhrif að leiðrétta afleiðingarnar af erfðabreytileikanum sem við

fundum hjá ADHD-börnunum og réttur skammtur af lyfinu gæti því hjálpað þessum börnum og mögulega læknað sjúkdóminn.“

Hákon segir að þrátt fyrir að lyfið hafi ekki haft þau áhrif sem upprunalegu vísindamennirnir ætluðu hafi stór hópur fólks þegar fengið lyfið í tilraunaskyni án þess að neinar aukaverkanir hafi fylgt því. Þá segir hann einstaklinga með Alzheimer-sjúkdóm ekki með erfðabreytingar í þessum genum heldur, þannig að það sé ólíklegt eftir á að hyggja að lyfið mundi virka við þeim sjúkdómi, en þetta hafi Japanarnir ekki vitað á þeim tíma.

„Þannig fengum við upp í hendurnar lyf sem búið var að þróa heilmikið en hafði aldrei verið sett á markað. Nú höldum við áfram með prófanir og stefnum að því að skrá lyfið á markað hér í Bandaríkjunum og þar á eftir í Evrópu. Við erum í raun mjög heppin að komast inn í þessa þróun. Ef við værum að byrja frá grunni værum við að horfa til þess að koma lyfi á markað eftir tólf til þrettán ár en núna miðum við að því að koma því á markað eftir þrjú ár. Það er mikill munur þar á.“

Lyfið verður aðeins gefið þeim hópi barna sem hefur fyrrnefndan erfðabreytileika, en greiningarpróf fyrir því tekur einn dag í framkvæmd. Hákon telur möguleika á að mun stærri hópur ADHD-barna gæti verið með erfðabreytileika sem þau misstu

af í fyrstu erfðamengjaskönnuninni eða í öðrum genum sem ekki hafa fundist ennþá en tengjast þessum sömu boðleiðum.

„Við erum einmitt að raðgreina alla okkar sjúklinga til að meta þau.“

## Fleiri stórverkefni í vinnslu

Fyrir utan þennan hóp sjúklinga er Hákon vongóður um að lyfið gæti komið að notum við meðhöndlun á einhverfu og geðklofa í börnum þar sem rannsóknarhópur hans hefur fundið sambærilegar genabreytingar í þeim sjúkdómum líka, þó ekki eins algengar og í ADHD, og verður það næst á dagskránni þegar ADHD-rannsókninni lýkur.

„Það er ekki til nein góð meðferð við þeim kvillum heldur, þannig að það yrði stórt skref fram á við ef okkar lyfjaþróun gengi upp.“

Hákon bætir því við að teymi hans sé um þessar mundir að vinna að þremur stórum verkefnum þar sem lausnir séu í sjónmáli. Fyrir utan ADHD-verkefnið eru þau annars vegar að rannsaka erfðabreytileika sem orsaka þarmabólgu og hins vegar breytileika sem veldur krabbameini í ákveðnum hópi barna. Í síðara tilvikinu eru þegar hafnar tilraunir með lyf sem hafa gefið góða raun fram til þessa og verður lyfið við þarmabólgu sett í þróun á næstunni.

„Það eru spennandi hlutir að gerast og það er sérstaklega gaman að sjá að við erum ekki bara að finna hluti og skrifa um þá, heldur erum við með mörg stór verkefni eins og ADHD, þarmabólgu og krabbamein þar sem við erum þegar farin að þróa lyf til að lækna börn.“

## NÁMSSTYRKIR TIL FRAMHALDSNÁMS ERLENDIS

### Viðskiptaráð auglýsir eftir umsóknum um fjóra styrki:

Styrkirnir eru veittir vegna framhaldsnáms við erlenda háskóla í greinum sem tengjast atvinnulífni og stuðla að framþróun þess. Tveir styrkjanna gera kröfu um nám á sviði upplýsingatækni.

- Hver styrkur er að fjárhæð krónur **400.000** og verða þeir afhentir á **Viðskiptaþingi**, þann 15. febrúar næstkomandi.
- Umsóknarfrestur rennur út **klukkan 16.00 föstudaginn 27. janúar 2012**.
- Umsóknum skal skilað til Viðskiptaráðs Íslands, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.
- Nánar á: [www.vi.is/namsstyrkir](http://www.vi.is/namsstyrkir)

Viðskiptaráð tekur virkan þátt í uppbyggingu menntunar og er bakhjarl bæði Verzlunarskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE













**Porgils Jónsson**  
thorgils@frettabladid.is





# Notaður bíll Dúndur díll

Við kveðjum árið með hveli dagana 27. til 31. desember.  
Notaðir bílar með dúndur afslætti og veglegum flugeldapakka frá  
Hjálparsveitum Skáta í Reykjavík í skottinu

			
MAZDA TRIBUTE 3,0 LIMITED, 8.2007, ekinn 63.000 km., sjálfskiptur, bensín. Verð kr. 2.990 þús. <b>Tilboð kr. 2.490 þús. stgr.</b>	SUBARU LEGACY 2000 LUX, 03.2008, ekinn 57.000 km., sjálfskiptur, bensín Verð kr. 3.540 þús. <b>Tilboð kr. 2.590 þús. stgr.</b>	SSANGYONG REXTON II RX-270, 01.2009, ekinn 51.000 km., 7 sæta, sjálfskiptur, dísel Verð kr. 4.550 þús. <b>Tilboð kr. 3.990 þús. stgr.</b>	OPEL ASTRA CARAVAN 1800, 1.2006, ekinn 91.000 km., sjálfskiptur, bensín. Verð kr. 1.490 þús. <b>Tilboð kr. 1.190 þús. stgr.</b>
			
CHEVROLET EVANDA 2000, 2.2006, ekinn 113.000 km., sjálfskiptur, bensín. Verð kr. 1.790 þús. <b>Tilboð kr. 1.190 þús. stgr.</b>	CITROEN C5 STATION 2000, 11.2007, ekinn 89.000 km., beinskíptur, bensín. Verð kr. 1.590 þús. <b>Tilboð kr. 1.190 þús. stgr.</b>	HONDA CIVIC 1600 LS, 12.2005, ekinn 108.000 km., sjálfskiptur, bensín Verð kr. 1.490 þús. <b>Tilboð 1.090 þús. stgr.</b>	RENAULT MEGANE SCENIC 1600, 2.2008, ekinn 74.000 km., beinskíptur, bensín Tilboð kr. 1.590 þús. <b>Verð kr. 1.090 þús. stgr.</b>
			
AUDI A-6 2400 WAGON, 11.2004, ekinn 92.000 km., sjálfskiptur, bensín Verð kr. 2.590 þús. <b>Tilboð kr. 1.850 þús. stgr.</b>	CHEVROLET LACETTI WAGON 1800, 6.2007, ekinn 63.000 km., beinskíptur, bensín. Verð kr. 1.490 þús. <b>Tilboð kr. 1.090 þús. stgr.</b>	SSANGYONG KYRON M-200, 07.2006, ekinn 52.000 km., sjálfskiptur, dísel Verð kr. 2.390 þús. <b>Tilboð kr. 1.990 þús. stgr.</b>	CHEVROLET LACETTI CDX 1800, 05.2009, ekinn 57.000 km., beinskíptur, bensín Verð kr. 1.790 þús. <b>Tilboð kr. 1.250 þús. stgr.</b>

Fleiri bílar á tilboði

Blit með fyrirvara um prentvillur og myndavísi.



**HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK**

**Sölustaðir Hjálparsveita Skáta í Reykjavík:**

Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23 - Risaflugeldamarkaður HSSR, Malarhöfða 6 - Spöngin, Grafarvogi  
Grafarholt v-Húsasmíðjuna - Mjóddin, Breiðholti - Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a - Norðlingaholt

**Bílabúð Benna er traustur styrktaraðili Hjálparsveita Skáta í Reykjavík**

Opið frá 10 - 18 alla virka daga.

Opið gamlársgagn hjá Bílabúð Benna Notuðum bílum frá 10 - 12.

Bílabúð Benna - Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 - 587 1000 - benni.is

Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330

**Bílabúð Benna**

— Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 —



## INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2011

# Stelpurnar okkar stóðu upp úr

Kvinnalandsliðið í fótbolta heldur áfram að klifra upp heimslistan. Nýr kafli var skrifaður í handboltasöguna með þátttöku kvinnalandsliðsins á HM. Ungur kylfingur frá Seltjarnarnesi náði fyrstur Íslendinga að leika á sterkustu atvinnumótaröð heims. **Sigurður Elvar Þórólfsson** velti fyrir sér helstu vendipunktum í íslensku íþróttalífi á árinu 2011.

**A**ð venju voru mörg eftirminnileg atvik og augnablik hjá íslenskum íþróttamönnum, konum og liðum á árinu 2011.

Á undanförunum árum hafa ný viðmið verið sett hjá okkar frábæra íþróttafólki og kröfurnar sem Íslendingar gera eru síst minni en áður. Íþróttarárið 2011 fer ekki í sögubækurnar fyrir mörg stórkostleg afrek en það var nóg um að vera í „íþróttapottinum“. Suðan kom bara aldrei upp. Vendipunktur ársins voru nokkrir í þeim íþróttagreinum sem eru innan ræða ÍSÍ og þar leika íþróttakonur stórt hlutverk. Fyrir ári síðan voru lág framlög íslenska ríkisins til afrekskjóðs ÍSÍ rauði þráðurinn í þessari samantekt. Staðan hefur lítið breyst og þar er verk að vinna.

Íslenska kvinnalandsliðið í handbolta lék í fyrsta sinn í sögunni í úrslitum á heimsmeistarumótum. HM í Brasilíu var frumraun liðsins og þar náði íslenska liðið að vinna sinn fyrsta leik á stórmóti. Evrópumeistarumótið í Danmörku í desember 2010 var fyrsta stórmótið sem kvinnalandsliðið lék á, þar töpuðust allir þrír leikir liðsins.

Markmið Íslands á HM í Brasilíu var að komast í 16 liða úrslit og það tókst. Ísland var hársbreidd frá því að enda í 2. sæti í sínum riðli í Santos en liðið endaði í fjórða sæti. Mótherjar Íslands í 16 liða úrslitum voru ríkjandi heimsmeistaralið Rússlands. Sá leikur tapaðist 30-19 og Ísland var þar með úr leik. Sigurleikir gegn Svartfjallalandi, Þjóðverjum og Kína standa upp úr eftir þessa keppni. Íslenska liðið er ungt að árum og á eflaust eftir að setja mark sitt á fleiri stórmót á komandi árum.

Karlandslíðið náði frábærum árangri á árinu með því að enda í 6. sæti á heimsmeistarumótinu í Svíþjóð, sem er annar besti árangur Íslands á HM frá upphafi. Best árangur Íslands á HM er 5. sætið í Kumamoto í Japan árið 1997 og tvívegis áður hafði Ísland endað í 6. sæti, árið 1986 í Sviss og árið 1961 í Vestur-Þýskalandi.

Íslenska liðið ætlaði sér mun meira á þessu heimsmeistarumóti og leikmenn og þjálfari leyndu ekki vonbrigðum sínum. Silfurverðlaun á ÓL og bronsverðlaun á EM í Austurríki hafa sett ný viðmið hjá íslenska karlandslíðinu.

## Besta ár kvinnalandsliðsins í fótbolta

Á Íslandsmótinu í knattspyrnu náði kvinnalið Stjörnunnar sínum besta árangri frá upphafi. Gardabæjarliðið varð Íslandsmeistari í fyrsta sinn í sögunni. Liðið vann 17 af alls 18 leikjum sínum í deildinni og rauf einokun Vals á þessu sviði. Á sama tíma náði karlalið félagsins sínum besta árangri í efstu deild, fjórða sætið var niðurstaðan. Það er mikill kraftur í starfi Stjörnunnar.

Ekki má gleyma frábærum árangri karlaliðs KR á Íslandsmótinu í knattspyrnu. Tveir titlar í hús hjá Rúnari Kristinssyni þjálfara KR, Íslands- og bikarmeistarar. Í fyrsta sinn frá árinu 1999 sem KR nær slíkum árangri.

Árangur kvinnalandsliðsins í knattspyrnu á árinu 2011 er sá besti í sögunni. Ísland, undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar, tapaði aðeins einum leik á árinu. Úrslitaleiknum á hinu sterka æfingamóti á Algarve gegn Bandaríkjunum, liðinu sem er í efsta sæti heimslistans.

Ísland náði að vinna Dani, Svía og Kínverja á þessu móti. Og liðið



**SJÓ SIGRAR Í NIÚ LANDSLEIKJUM Á ÁRINU** Margrét Lára Viðarsdóttir reyndir hér skot að marki Belgíu í undankeppni EM en Sara Björk Gunnarsdóttir fylgdist með. Þær átta báðar frábært ár með kvinnalandsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SÖGULEGUR SIGUR** Íslenska kvinnalandsliðið fyrir leikinn á móti Svartfjallalandi þar sem stelpurnar unnu fyrsta leik sinn á HM frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

vann Noreg í undankeppni Evrópumeistarumótsins. Sannarlega glæsilegur árangur.

Á þessu ári lék íslenska kvinnalandsliðið 9 leiki. Árangurinn var frábær, 7 sigrar, 1 jafntefli og 1 tapleikur. Alls skoraði Ísland 19 mörk og fékk á sig 7. Þar af 4 í úrslitaleik Algarve-mótsins, þar sem Bandaríkin höfðu betur, 4-2.

Ísland er í 15. sæti heimslista FIFA hjá kvinnalandsliðum. Staðan hefur aldrei verið betri og liðið hækkaði sig um tvö sæti frá því í fyrra. Aðeins markalaust jafntefli liðsins gegn Belgíu hér á heimavelli skyggir á stórkostlegt ár íslenska kvinnalandsliðsins.

Þrjú íslenskir landsliðsmenn eiga enn möguleika á að hampa sigri í Meistaradeild Evrópu í kvinnafótbolta. Þóra B. Helgadóttir og Sara Björk Gunnarsdóttir eru komnar í átta liða úrslit með sænska meistaraliðinu Malmö, og Margrét Lára Viðarsdóttir mun byrja að leika með þýska meistaraliðinu Potsdam á nýju ári – en liðið er líka í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Einhverjir eru þegar byrjaðir að láta sig dreyma um að Malmö og Potsdam mætist í úrslitaleiknum.

## Ólafur Björn setti ný viðmið fyrir íslenska kylfinga

Ólafur Björn Loftsson, kylfingur úr Nesklúbbnum á Seltjarnarnesi, setti ný viðmið fyrir íslenska

afrekskylfinga á árinu 2011. Íslandsmeistarinn í högggleik frá árinu 2009 náði fyrstur allra að leika á einu móti á sterkustu atvinnumótaröð heims – PGA-mótaröðinni í Bandaríkjunum.

Kylfingurinn tryggði sér keppnisrétt á Greensboro-mótinu í Norður-Karólínu með því að sigra á Cardinal-áhugamannamótinu. Ólafur Björn fékk aðeins að leika 36 holur af alls 72 í frumraun sinni en hann var aðeins einu höggi frá því að fá að leika tvo síðustu keppnisdagana.

Það er ekki sjálfgefið að íslenskir kylfingar séu að keppa á meðal þeirra bestu í heiminum. Ólafur Björn er einn fjölmargra ungra íslenskra kylfinga sem eiga góða möguleika á að ná langt í íþróttinni. Ólafur valdi þá leið að fara í bandarískan háskóla, þar sem hægt er að leika golf við bestu aðstæður nánast allt árið. Markmið hans eru skýr og hann mun væntanlega reyna fyrir sér á úrtökumótinu fyrir PGA-mótaröðina haustið 2012.

Draumur flestra ungra afrekskylfinga er að leika sem atvinnumenn á stóru mótardöðunum í Bandaríkjunum og Evrópu. Aðeins lítill hluti nær alla leið inn og rúmlega 1.000 kylfingar keppa á hverju hausti um 25-30 laus sæti á PGA og Evrópumótaröðinni. Nálaraugað er því lítið og í raun er það gríðarlegt afrek að komast

Árangur kvinnalandsliðsins í knattspyrnu á árinu 2011 er sá besti í sögunni. Ísland, undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar, tapaði aðeins einum leik á árinu. Úrslitaleiknum á hinu sterka æfingamóti á Algarve gegn Bandaríkjunum, liðinu sem er í efsta sæti heimslistans.

## SIGURÐUR ELVAR ÞÓRÓLFFSSON

í hóp þeirra 150-180 sem eru með keppnisrétt á sterkustu atvinnumótaröð heims. Það hefur aðeins einum íslenskum kylfingi tekist, Birgir Leifur Hafþórsson. Og Ólöf María Jónsdóttir er eini Íslendingurinn sem hefur náð að tryggja sér keppnisrétt á Evrópumótaröð kvenna – og var hún sú fyrsti íslenski kylfingurinn sem náði því.

Nýverið gaf Gólf samband Íslands út veglega afreksstefnu þar sem horft er fram á veginn og markmiðin eru skýr. Úlfar Jónsson, einn besti kylfingur Íslands fyrr og síðar, mun stýra þessu verkefni sem landsliðsþjálfari. Og markmiðið er að eiga íslenska kylfinga á sterkustu atvinnumótaröðum heims. Aðeins tíminn mun leiða það í ljós hvort það tekst.

## Met í fyrstu tilraun hjá Kára – mögnuð afrek standa enn

Kári Steinn Karlsson, langhlaupari úr Breiðabliki í Kópavogi, setti ný viðmið á árinu 2011 þegar hann tryggði sér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í London í maraþonhlaupi. Hinn 25 ára gamli hlaupari bætti 26 ára gamalt Íslandsmet Sigurðar Péturs Sigmundssonar í maraþonhlaupi er hann hljóp Berlínarmaraþonið á 2:17,02 klst.

Árangur Kára er áhugaverður en því má ekki gleyma að rúmlega 1.000 hlauparar í heiminum hafa náð betri tíma en Íslandsmet hafinn í þessari grein. Kári á sín bestu ár eftir í þessari grein og í viðtali við Fréttablaðið á dögunum sagði hann að langhlauparar næðu

oft sínum besta árangri á miðjum fertugsaldri – Ólympíuleikarnir árið 2020 gætu því verið leikarnir hans Kára. Aldrei áður hefur karlmaður keppt í maraþonhlaupi á ÓL en Martha Ernstsóttir keppti í kvennaflokki á ÓL í Sydney árið 2000.

Ef rýnt er í metalista frjálsíþróttasambandsins má sjá að Íslandsmet í ýmsum greinum hafa staðið í ótrúlegan langan tíma – og segir það kannski meira um hve stór afrek þau eru í raun og veru.

Elsta Íslandsmetið í karlaflokki í frjálsíþróttum er í eigu Vilhjálms Einarssonar. Þrístökksmet hans sem sett var árið 1960 stendur enn þrátt fyrir að rúmlega hálf öld sé liðin frá því að metið var sett.

Vilhjálmur stökk 16,70 metra þann 7. ágúst 1960 og á þeim tíma var afrek Vilhjálms aðeins 33 cm styttra en gildandi heimsmet. Vilhjálmur var aðeins 2% frá heimsmetinu árið 1960 og hálfri öld síðar er met Vilhjálms aðeins 10% frá núgildandi heimsmeti Jonathan Edwards frá árinu 1996, sem er 18,26 metrar.

Það eru fleiri íslenskir afreksmenn sem náð hafa stórkostlegum árangri í sinni grein – og met þeirra hafa staðist tímans tönn. Oddur Sigurðsson á enn Íslandsmetið í 400 metra hlaupi sem hann setti árið 1984 – 45,36 sekúndur. Á þeim tíma var Oddur aðeins 3,5% frá heimsmetstímanum og í dag er met hans aðeins 5% frá heimsmeti Michael Johnson frá árinu 1999.

Sömu sögu er að segja frá afreki Guðrúnu Arnardóttur í 400 metra grindahlaupi. Guðrún komst í úrslit í greininni á ÓL í Sydney og Íslandsmet hennar frá þeim tíma er rétt tæplega 4% frá heimsmetstímanum. Met Guðrúnar er 54,37 en heimsmet Yuliyu Pechonkina frá árinu 2003 er 52,34 sek.

Jón Arnar Magnússon á Íslandsmet í tugþraut sem sett var árið 1998 og á þeim tíma var það rétt um 3,7% frá heimsmetinu og nú 13 árum síðar stendur það met í 5,2% fjarlægð frá núgildandi heimsmeti.

Í sundíþróttinni eru aðeins Íslandsmet Jakobs Jóhanns Sveinssonar í bringusundi sem eru í þessum gæðaflokki. Í 200 metra bringusundi er Jakob aðeins 4% frá núgildandi heimsmeti.

Við Íslendingar höfum átt afreksfólk í einstaklingsgreinum í fremstu röð og þegar þessi met eru sett í samhengi við hlutfall af heimsmeti er kannski einfaldara að átta sig á því hversu góð þessi met eru.

Árið 2012 verður annasamt hjá íslensku afreksíþróttafólki, sumarólympíuleikar fara fram í London, og Íþrótt- og ólympíusamband Íslands heldur upp á 100 ára afmæli sitt hinn 28. janúar. Það eru allar líkur á að „suðan“ komi upp úr sjóðheitum íþróttapotti á stórafmælisári ÍSÍ.




**Sigurður Elvar Þórólfsson** er íþróttafréttastjóri 365 miðla. Hann hefur starfað sem íþróttafréttamaður í áratug og er formaður Samtaka íþróttafréttamanna.

## Innlendir vendipunktur 2011

Fréttablaðið gerir upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir valda höfundu. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir og atburði sem gerðust á árinu og gætu haft áhrif til frambúðar á Íslandi.



# ÚTSALAN HEFST Í DAG





# Epla

**AÐEINS  
10 STK**

## MacBook Pro 15"



2,2GHz Quad-Core Intel Core i7  
15,4" LED-baklýstur breiðtjaldsskjár 1440 x 900 dýlar  
4GB (tveir 2GB) 1333MHz DDR3 SDRAM  
750GB Serial ATA, 5400rpm  
Tvö USB 2.0 tengi  
Eitt FireWire 800  
Ein SDXC kortarauf  
Thunderbolt tengi  
8x SuperDrive (DVD±R DL/DVD±RW/CD-RW)  
Íslenskt lyklaborð með baklýsingu

**Útsöluverð: 299.990.-**  
**Verð áður: 419.990**

## Sýningarvörur 20-40% afsláttur

Nokkur dæmi um sýningarvörur á afslætti



MacBook Air 13"  
**Verð frá: 135.000.-**



MacBok Pro 13", 15"  
**Verð frá: 125.000.-**



iMac 27"  
**Verð frá: 199.000.-**



iPod nano 8GB  
**Verð frá: 22.000.-**



iPad 2  
**Verð frá: 65.000.-**



# Útsala

Fartölvutöskur og hlífar

**20%-50%**

AFSLÁTTUR

Heyrnartól

**15%**

AFSLÁTTUR

iPod, iPhone og iPad aukahlutir

**18%-20%**

AFSLÁTTUR

ION vörur

**20%**

AFSLÁTTUR

Fullt af öðrum tilboðsvörum - fyrstir koma fyrstir fá



## Áramótatilboð

MacBook Air 11" + iPhone 8GB

**Útsölu verð: 239.990.-**

Fullt verð: 279.980.-

Ókeypis  
námskeið  
[www.epli.is/namskeid](http://www.epli.is/namskeid)

Frí iPad námskeið  
alla daga milli jóla og nýárs



Fékkstu iPad eða aðra  
Apple vöru í jólagjöf?  
og langar þig að læra meira?

Nánari upplýsingar á:  
[www.epli.is/namskeid](http://www.epli.is/namskeid)

**epli.is**

Opnunartími milli jóla og nýárs  
Laugavegi 182 | Opnið: 27. des: 13-20 | 28.-30. des: 10-18 | 31. des: 10-12



Vitundarvakning gegn kynferðisofbeldi:

## Vandinn nær til allt of margra barna

Ákveðið hefur verið að verja 25 milljörðum króna til vitundarvakningar gegn kynbundnu ofbeldi á næsta ári. Þá munu öll börn í öðrum og tíunda bekk frá fræðslu um kynferðislegt ofbeldi í skólanum, sömuleiðis kennarar og annað starfsfólk skólanna.

Samkvæmt skýrslu UNICEF um stöðu barna á Íslandi árið 2011 berast barnaverndarnefndum 430 tilkynningar um kynferðislegt ofbeldi á ári. Það er því ljóst að kynferðislegt ofbeldi er umfangsmikill vandi sem nær til margra barna.



SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Til þessa hafa forvarnir gegn þessari vö þó ekki verið unnar með skipulegum hætti og enginn aðili hefur borið ábyrgð á málaflokknum. Málefnið lá enda í þagnargildi þar til fyrir fáum árum en fyrir tilstilli félagsamtaka, fyrst Stígamóta og svo einnig Blátt áfram sem hafa einbeitt

sér að kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, hefur þagnarmúrinn verið rofinn. Á vegum þessara samtaka hefur einnig verið unnið fræðslustarf sem máli skiptir.

Einn þáttur í sáttmála Evrópusambandsins um varnir gegn kynferðislegri misnotkun og misneytingu á börnum, sem Ísland er aðili að, fjallar um að standa fyrir vitundarvakningu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Veiting fjárlins til verkefnisins er þannig liður í að standa við þetta ákvæði samningsins.

Í ljósi umfangs kynferðisbrota gegn börnum blasir við nauðsyn skipulegra forvarna sem ná til allra barna. Það er mikilvægt að litíð sé á forvarnirnar sem viðbót við skyldubundna fræðslu barna en ekki aðeins sem verkefni sem tekur enda.

Að sama skapi er mikilvægt að þessi fræðsla sé byggð á faglegum grunni og sé í samræmi við þroska og reynslu þeirra nemenda sem hún beinist að. Það skiptir líka máli að fræðsla um kynferðislegt ofbeldi sé sett í samhengi við þann raunveruleika sem börn búa við.

Jafnframt því sem fræðslan beinist að því að styrkja börn til þess að þau verði síður þolendur kynferðislegs ofbeldis verður að hafa í huga að í barnahópi dagsins í dag er að finna gerendur í kynferðislegu ofbeldi framtíðarinnar. Þessum gerendum þarf að leitast við að fækka. Kynferðislegt ofbeldi byggir á valdamun þar sem gerendur hafa yfirráð yfir þolendum og framfylgja þörfum sínum og óskum án þess að skeyta um tilfinningar þolendanna. Um þetta þarf að fræða.

Auk formlegrar fræðslu um kynferðislegt ofbeldi, orsakir þess og afleiðingar, verður aldrei nægjanlega ítrekað að allt snýst þetta um kærleika og virðingu og í kynferðislegu ofbeldi felst skortur á hvoru tveggja. Sá sem virðir náunga sinn, þykir vænt um hann og lítur á hann sem jafningja er mun síður líklegur til að brjóta á honum með hvaða hætti sem er en sá sem byggir samskipti sín á virðingarleysi og valdamun.

Það er ljóst að megináherslan í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi verður að vera í vinnu með börnum. Markmiðið hlýtur að vera að þau sem eru börn í dag verði aldrei nokkurn tíma þolendur eða gerendur í kynferðisbrotum.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Bílslys

Það ætlar að reynast ríkisstjórninni erfitt að standa við yfirlýsingar sínar um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Almenn sátt virðist nú um að hið svokallaða stóra kvótafrumvarp sjávarútvegsráðherra, sem lagt var fyrir Alþingi í vor, hafi verið hand-ónytt eins og nær allar umsagnir um frumvarpið kváðu á um. Gekk Össur Skarphéðinsson svo langt að líkja framlagningu frumvarpsins við bílslys, í viðtali við Kastljósið í síðustu viku. Þá sagði hann að ná þyrfti sátt þar sem allir aðilar slökuðu á kröfum.



#### Uppgjafartónn?

Á sömu nótum talaði Guðbjartur Hannesson í viðtali á Sprengisandi í gær, en Guðbjartur og Katrín Jakobsdóttir munu leiða starf ráðherra-nefndar sem á að semja nýtt frumvarp. Guðbjartur sagði að sú vinna þyrfti að taka mið af því sem væri mögulegt og þess sem hægt væri að ná sátt um. Því þyrftu allir að setja til hliðar sínar yfstrustu kröfur. Þetta hljóma ekki eins og stjórnmálamenn sem ætla að umbylta fiskveiðistjórnunarkerfinu, eins og ríkisstjórnin stefndi að. En það er kannski bara hið besta mál?

#### Jólaskap

Það er óhætt að segja að það sé ládeyða í pólitíkinni yfir hátíðarnar þar sem jafnvel verstu strigakjaffar láta rifriði vera en leggja þeim mun meiri rækt við jólakveðurnar. Stjórnmálaflokkarnir eru einnig í jólaskapi og birtu fjórflokkarnir allir jólakveðju á vefsíðum sínum. Framsókn, Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkur óskuðu landsmönnum öllum gleðilegra jóla en Vinstri græn létu nægju að óska félögum sínum gleðilegra jóla.



magnusi@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Opnir nefndafundir Alþingis – aukið gegnsæi í þingstörfum



Ásta R. Jóhannesdóttir forseti Alþingis

Ísumar voru gerðar margvíslegar breytingar á þingskaparlögum í því skyni að styrkja eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu. Einn liður í þessum breytingum voru ákvæði um opna upplýsingafundi nefnda. Hlutverk slíkra funda er að vera vettvangur fyrir samræðu þingnefndar við aðila utan hennar þar sem nefndarmenn geta leitað upplýsinga eða skýringa á tilteknum málum fyrir opnum tjöldum. Þessir upplýsingafundir eru tvenns konar. Annars vegar eru fundir sem eru opnir almenningi og fréttamönnum og sem er jafnframt sjónvarpað beint og sendir út á vef Alþingis. Hins vegar eru upplýsingafundir sem ekki eru sendir út en sem opnir eru fyrir fréttamönnum.

Með lagaákvæði um opna upplýsingafundi þingnefnda er ekki aðeins verið að auka aðhald þingsins með störfum ríkisstjórnar og stjórnarsýslu hennar heldur er einnig verið að auka gegnsæi í störfum Alþingis og gefa fjölmiðlum og almenningi betra tækifæri til að fylgjast með störfum þingsins. Opnir upplýsingafundir

sem eru sendir út eru í eðli sínu sambærilegir við „yfirheyrslufundi“ (e. hearings, n. hearings) í öðrum þingum.

Frá því að þing var sett 1. okt. sl. hafa fastanefndir Alþingis haldið 23 opna nefndafundi. Þrettán þessara funda hefur bæði verið sjónvarpað og þeir sendir út á vef Alþingis og tíu hafa verið opnir fréttamönnum en ekki sendir út. Þeir sem ekki hafa tök á því að fylgjast með beinum útsendingum frá nefndafundum eiga þess kost að sjá þessa fundi með því að fara á vef Alþingis þar sem upptaka af fundunum er varðveitt á vefslóðinni <http://www.althingi.is/vefur/opnirnefndarfundir.html>.

Forsætisnefnd Alþingis hafði árið 2008 sett reglur um opna fundi nefnda og á þeim grundvelli voru haldnir 13 opnir nefndafundir á þriggja ára tímabili 2008-2011 eða að jafnaði fjórir á ári. Ljóst er hins vegar að skýr lagaákvæði um opna nefndafundi frá því í sumar hafa orðið þingmönnum mikill hvati til að halda slíka fundi eins og sést á þeim fjölda funda sem haldnir hafa verið á tveggja mánaða tímabili þetta haust.

FRÉTTABLAÐIÐ  
 ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Edwald  
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP

**TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!**

**visir**  
 Hægt og hollt  
 af heitum og þróttum



# Í upphafi var orð

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Tungumálið er DNA menningarinnar. Hugsun, lífsviðhorf og fordómar, viska, fávíska, þekking og blekking færast frá einni kynslóð til annarrar gegnum tungumálið, sumt fráleitt, sumt ómetanlegt.

Það er í sjálfu sér nokkurs vert að við skulum enn geta lesið og skilið það sem elst var skrifað á íslensku máli.

Við erum eina fólk í öllum heiminum sem það getur – fyrir utan sérhæft háskólafolk sem líka kann að lesa gotnesku og önnur dauð tungumál. Þetta er það eina sem Íslendingar eru betri í en aðrar þjóðir: að tala, lesa og skilja íslensku.

Við getum til dæmis lesið um orðið eins og það var ritað á íslensku um aldamótin 1200. Íslensk hómilubók hefur að geyma stólræður frá elstu tíð íslensks ritmáls og þar er vitnar til upphafs Jóhannesar guðspjalls: „Í upphafi var orð, og orð var með Guði, og Guð var orð.“

Þegar Oddur Gottskálksson þýddi Biblíuna í fjósinu um miðja 16. öld í anda Lúthers sem taldi að heilagt orð ætti að vera á þjóðtungunum en ekki á latínu þá byggði hann á aldagamalli hefð við að nota íslensku við guðsorð. Svona þýddi hann upphaf Jóhannesar guðspjalls:

„Í upphafi var orð, og það orð var hjá Guði, og Guð var það orð. Það sama var í upphafi hjá

Guði. Og allir hlutir eru fyrir það gjörðir, og án þess er ekkert gjört hvað gjört er. Í því var líf, og lífið var ljós mannanna. Og ljósið lýsir í myrkrinum og myrkrin hafa það eigi höndlað.“

Orð. Þrír stafir – eins og í orðinu Guð. Því að guð er orð og orð er guð.

## Orð af orði

Allt varð til af orði. Sú trú er grundvöllur menningar okkar – eldri en kristindómurinn, rétt eins og jólin, og rennur áreynslulaust inn í hann. Landnámsmennirnir fóru orði um landið, nefndu fjöll og dali og firði og um leið og landið fékk nöfn varð það í einhverjum skilningi til fyrir þessu fólk, fékk lögun sína og eðli í augum þess sem nafnið mælti fram.

Jesús Kristur guðspjallanna notar fátt annað en orð. Hann fer um og talar, segir sögur sem postularnir botna eiginlega ekkert í. Hann talar á stöðum þar sem má ekki tala – við fólk sem má ekki tala við – um hluti sem ekki má nefna. Orð hans græða og opna. Og þegar hann gerir kraftaverk sín segir hann eitt-hvað; hann notar orðið og mátt þess. Allt á sér stað í orðinu.

En tungumálið er í vissum skilningi eins og DNA menningarinnar. Tónlistin er æðst allra lista, vissulega; byggingarlistin, þrjónaskapurinn, ballettinn, múrverkið, sjómennskan, kökugerðarlistin, spjótkastr, glíma knattspyrna og allar hinar listirnar líka – allt ber þetta manningum fagurt vitni en það er samt í tungumálinu sem erfðaefni menningarinnar er borið áfram frá einni kynslóð til annarrar, í fastmótuðum

orðasamböndum og orðatiltækjum sem geyma fastmótaða hugsun, sem við köllum sannindi.

Íslensk menning hefur frá elstu tíð verið alveg sérstök menning orðræðunnar, hún hefur meira að segja á löngum köflum farið nær eingöngu fram í tungumálinu. Í bókmenntunum reistu Íslendingar sínar hallir, gerðu sínar uppgötvarnir, fóru í sinn víking; Íslendingar voru skáld – pappírskóngar og pappírshetjur; allt fór fram í orðinu og á pappírnum á meðan allt í kring var bara súld og suðaustan þræsingur, skortur á nýmeti og þverrandi eldiviður, kuldi, eynd og ekla. Riddarasögur voru skrifaðar hér á landi af ritóðu fólkum fram á tuttugustu öld. Þetta fólk var ekki að flýja veruleikann inn í þessar sögur. Þessar sögur voru veruleikinn ekkert síður en það sem gerðist og gerðist ekki í kringum þetta fólk. Og eftirlætisfræðigrein Íslendinga, lögfræðin: hún er í rauninni ekkert annað en göfgaður orðhengils-háttur, þar sem íþróttin er að snúa orðum sér í hag.

Þannig er Íslandssagan: skálduð afrek, orðaskak, orðaspijatur. Og þannig var umfram allt góðærið upp úr síðustu aldamótum. Það fór allt meira og minna fram á pappírnum – það var skáldað. Og á meðan það varði þá var það til og þegar það var afstaðið hafði það aldrei verið til.

Vegna þess að „í upphafi var orð. Og allir hlutir voru fyrir það gjörðir, og án þess var ekkert gjört hvað gjört var. Í því var líf og lífið var ljós mannanna.“


Ég óska lesendum Fréttablaðsins árs og friðar og þakka samfylgdina á árinu.

# TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!



VÍSIR

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



# OPIÐ Í DAG

AFGREIÐSLUTÍMI Í DAG 27. DES Í ÖLLUM VERSLUNUM BÓNUS

OPIÐ 11.00 - 18:30

AFGREIÐSLUTÍMI Í  
BÓNUS 28. DES - 2. JAN. 2012

28. DES MIÐVIKUD.	11:00-18:30
29. DES FIMMTUD.	11:00-18:30
30. DES FÖSTUD.	10:00-20:00
31. DES GAMLÁRSÐ	10:00-15:00
1. JAN NÝÁRSÐAGUR:	LOKAÐ
2. JAN MÁNUÐAGUR	11:00-18:30



BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu viltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarkúbbur



# Lyfjaverð á Íslandi

Lyf

Jakob Falur Garðarsson

framkvæmdastjóri Frumtaka



Íslendingar ekki höllum fæti. Þvert á móti bjóðast okkur lyfin á sambærilegu verði og íbúum fjölmennari landa. Ríkisendurskoðun tekur sérstaklega til þess hve lítil íslenski markaðurinn er og bendir réttilega á að „miðað við fámennið á Íslandi er ekki við því að búast að Íslendingum standi til boða að kaupa lyf á sama verði og íbúum fjölmennari landa.“ Sem er samt raunin. Það eru stóru tíðindin í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Slíkt er sjaldnast tilfellið þegar samanburður á vörum og þjónustu er gerður á milli Íslands og annarra landa. Loks má auðvitað bæta við að kostnaður framleiðanda miðað við okkar þekktu höfðatölu er

„Einu helsta markmiði lyfjalaganna, sem lýtur að samanburðarhæfu lyfjaverði við hin Norðurlandarákin, hefur verið náð.“

mun hærri á Íslandi, enda þarf að standa undir kostnaðarsömu opinberu eftirliti, ýmiss konar skráningargjöldum og árgjöldum, merkja lyfin á vissan hátt og tryggja lágmarksbirgðahald í landinu.

## Geð- og taugalyf allt að 17,6% ódýrari

Sé rýnt í skýrsluna kemur í ljós að mestur munurinn er í flokki geð- og taugalyfja. Munurinn er mestur á milli Íslands og Danmerkur en lyfin eru 17,6% ódýrari en þar og 0,6% ódýrari en í Norge. Fjöldi sjúklinga tekur þessi lyf og er þetta því stór útgjaldaliður hjá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ). Þetta kemur SÍ ánægjulega á óvart því hefðu magn-, gengis- og verðlagsbreytingar átt að leiða til 3,2% hækkunar á lyfjakostnaði, en raunin varð 10,8% lækkun. Sé skýrslan dregin fram í eina málsgrein er hún á þessa leið: Lyfjaverð á Íslandi er sambærilegt, jafnvel lægra, en verð í nágrennalöndunum og af því mega allir hlutaðeigandi vera mjög stoltir.

Í síðasta mánuði kom út athyglisverð skýrsla Ríkisendurskoðunar, Þróun lyfjakostnaðar 2008-2010. Rétt er að rifja upp að árið 2005 gaf Ríkisendurskoðun út sambærilega skýrslu sem sýndi fram á að lyfjaverð á Íslandi var hærri en í helstu samanburðarlöndum okkar. Sú spurning sem Ríkisendurskoðun leggur til grundvallar í hinni nýju skýrslu er því áhugaverð og hlýtur að vekja forvitni almennings: er lyfjaverð á Íslandi svipað og á Norðurlöndunum?

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er afdráttarlaus og er svarið við spurningunni einfalt: já. Á árunum 2009-2010 er meðaltal smásölu- og heilðsöluverðs á völdum númerum sem Ríkisendurskoðun athugaði meira að segja orðið lægra en í nágrennalöndunum. „Þessi athugun gefur vísbendingar um að verð á þeim lyfjum sem seld eru hér sé nú sambærilegt verði sömu lyfja á hinum Norðurlöndunum,“ segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Þótt niðurstaðan komi ekki á óvart þeim sem gerst þekktja til málaflökksins hlýtur hún óneitanlega að vera almenningi og stjórnmöldum ánægjuefni. Frumtök hafa ítrekað bent á þessa staðreynd, þó oft megi álykta af fjölmiðlaumræðu að hið gagnstæða sé staðreyndin.

## Frábær árangur á litlu markaðs-svæði

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar staðfestir þann frábæra árangur sem m.a. er fenginn með sameiginlegu átaki stjórnvalda og frumlyfjaframleiðenda. Einu helsta markmiði lyfjalaganna, sem lýtur að samanburðarhæfu lyfjaverði við hin Norðurlandarákin, hefur verið náð. Þetta er enn fremur ánægjuleg niðurstaða í ljósi smæðar íslenska markaðsins sem hefur ekki staðið í vegi fyrir því að tekst hafi að halda lyfjakostnaði ríkisins í skefjum undanfarin ár.

Þrátt fyrir fámennið standa

# Staðan í ESB-viðræðunum

ESB-viðræður

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður samninganefndar Íslands



Björg Thorarensen

varaformaður samninganefndar Íslands



Þorsteinn Gunnarsson

varaformaður samninganefndar Íslands



Á ríkjaráðstefnu í Brussel hinn 12. desember sl. voru opnaðir fimm samningskaflar í aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins (ESB). Þetta var þriðja ráðstefnan sem haldin er frá því að efnislegar samningaviðræður hófust í júní í sumar. Á fundinum nú í desember var í fyrsta skipti fjallað um samningskafla sem eru utan EES-samningsins, þ.e.a.s.kaflann um mannréttindi og um framlög aðildarríkja til ESB. Jafnframt lauk viðræðum um þrjá kafla sem eru hluti af EES-samningnum. Alls hafa 11 samningskaflar af þeim 33 sem viðræðurnar snúast um verið opnaðir og er viðræðum um átta þeirra lokið. Vel hefur gengið hingað til en framundan eru þó umfangsmiklir og erfiðir kaflar. Þar riður á að vanda sem áður til verka og byggja undir okkar nálgun og samningsafstöðu með traustum rökum.

## Sæstrengur, smáfyrirtæki, borgarþjónusta

Eftir því sem viðræðunum vindur fram kemur smám saman í ljós hvað aðildarsamningur – og aðild – getur falið í sér í einstökum málaflökum. Í samningskaflanum um „Samevrópsk net“, sem nær yfir regluverk ESB til að koma á sameiginlegu orku-, fjarskipta- og samgöngukerfi, er til að mynda að finna ákvæði um að tengja beri fjarlæg svæði við Evrópu. Fram hefur komið í viðræðunum að Evrópusambandið lítur svo á að lagning sæstrengs frá Íslandi til Evrópu gæti fengið skilgreint sem forgangsverkefni í orkuflutningsáætlun sambandsins og þannig gæti Ísland notið stuðnings við slík áform.

Í kaflanum um réttarvörslu og grundvallarréttindi deilir Ísland öllum grunngildum með öðrum Evrópuríkjum svo litlar breytingar verða þar. Þó kemur

fram í þessum málaflökum að borgarar aðildarríkja ESB geta leitað til sendiráða hvers annars á fjarlægum slóðum. Þetta myndi þýða að Íslendingar, sem eru í nauðum staddir erlendis þar sem Ísland er ekki með sendiráð, gætu leitað til hvaða sendiráðs ESB sem er til að fá aðstoð s.s. ef vegabréf glatast eða veikindi stöðja að.

Markmið regluverks ESB um atvinnu- og iðnstefnu er að skapa litlum og meðalstórum fyrirtækjum hagstætt rekstrarumhverfi sem hvetur til nýsköpunar og stuðlar að hagvexti.

Sérstök áhersla er lögð á að hvetja til frumkvöðlastarfsemi og stofnunar nýrra fyrirtækja. Ísland hefur í gegnum EES tekið þátt í og notið góðs af samstarfi ESB-ríkja á þessu sviði og hingað til hafa styrkir til íslenskra aðila verið hærri en framlög Íslands. Um 99% íslenskra fyrirtækja teljast vera smá eða meðalstór.

Í umfjöllun um samningskaflann um framlög til ESB hefur komið fram að Ísland muni greiða þó nokkrar fjárhæðir til ESB, komi til aðildar, rétt eins og raunin er innan EES. Að sama skapi fer það eftir elju og útsjónarsemi Íslendinga hversu mikið af framlaginu kemur tilbaka í formi styrkja og stuðnings

Íslands í yfirstandandi viðræðum en eitt af þeim samningsmarkmiðum sem lagt er upp með í álit Alþingis lýtur að því hvernig tryggja megi stöðugleika íslensku krónunnar með þátttöku Íslands í myntsamstarfinu ERM II.

Rétt er að hafa í huga að staðan á evrusvæðinu og aðgerðir ESB til að takast á við skuldavanda ákveðinna Evrópuríkja tengist ekki aðildarviðræðum Íslands eða stækkun ESB með beinum hætti eins og merkja má af því að Króatía undirritaði aðildarsamning sinn við ESB nú í desember. En þróunin í Evrópu og á evrusvæðinu hefur hins vegar umtalsverða þýðingu fyrir íslenska hagsmuni enda er mikill meirihluti okkar utanríkisviðskipta við aðildarríki ESB.

## Næstu skref

Í mars næstkomandi verða fleiri samningskaflar opnaðir og svo aftur í júní í lok dönsku formennskunnar í ESB. Fram undan er að takast á við erfiða kafla í samningaferlinu, þar á meðal um sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál og umhverfismál. Einnig þarf að óttast að viðræðurnar einkennist af asa eða ódagoti. Þvert á móti ráða gæði starfsins hraðanum og viðræðum mun

„Enginn þarf að óttast að viðræðurnar einkennist af asa eða ódagoti. Þvert á móti ráða gæði starfsins hraðanum og viðræðum mun ekki ljúka fyrr en góður samningur liggur fyrir.“

s.s. í gegnum samstarfsverkefni Evrópuríkja til atvinnuuppbyggingar í dreifbýli. Þar býr Ísland að dýrmætri reynslu m.a. með þátttöku í rannsóknarsamstarfi ESB á grundvelli EES-samningsins þar sem íslenskir vísindamenn hafa náð góðum árangri.

## Hvað með vandráðin á evrusvæðinu?

Ríkjaráðstefnan um aðild Íslands fór fram í beinu framhaldi af leiðtoga fundi ESB um auknið aðhald í ríkisfjármálum og efnahagsmálum. Ákvarðanir ESB um að takast á við skulda- og fjármálakreppuna kunna að sönnu að hafa áhrif á framtíðarsamstarfið innan vébanda Evrópusambandsins.

Samninganefndin mun fylgjast með þeirri þróun og leggja mat á hana út frá hagsmunum

ekki ljúka fyrr en góður samningur liggur fyrir.

Vandað hefur verið til verka í málsmeðferð allri og eiga hagsmunaaðilar og félagasamtök hrós skilið fyrir virka þátttöku í ferlinu. Alþingi er í lykilhlutverki en utanríkisráðgjafi fær allar upplýsingar og fylgist á virkan hátt með hverju skrefi.

Nánari útskýringar á innihaldi samningskafla í aðildarviðræðunum við ESB er að finna á esb.utm.is. Þar eru einnig samningsafstöður Íslands, önnur gögn og nánari upplýsingar um viðræðuferlið. Við hvetjum alla til að heimsækja þá síðu og kynna sér málið. Einnig skal bent á vandaða heimasíðu vísindavefs Háskóla Íslands á slóðinni evropuvefur.is þar sem er að finna ýmsar spurningar og svör um Evrópumálin og viðræðuferlið.

# Rangar staðhæfingar um bóludefni – enn og aftur

Heilbrigðismál

Haraldur Briem

sóttvarnalæknir



Þórolfur Guðnason

yfirlæknir bóludefninga á sóttvarnasviði Embættis landlæknis



síðu Embættis landlæknis upplýsingar um innihaldsefni allra bóludefna og vísar þar til upplýsinga frá ábyrgum aðilum sem eru Lyfjastofnun Evrópu (EMA) og Lyfjastofnun Íslands. Þar er vísað til rannsókna á öllum innihaldsefnum bóludefnanna sem hafa sýnt að innihaldsefni eru örugg og því á engan hátt hægt að flokka þau sem eitrefni. Sóttvarnalæknir hefur því ekki haldið neinum upplýsingum frá almenningi heldur þvert á móti komið upplýsingum til skila um öryggi innihaldsefna bóludefna.

Þorsteinn setur fram fullyrðingar um skaðsemi bóludefna en einu tilvitnanirnar eru í upphrópanir aðila á hinum ýmsu vefsíðum sem ekki styðjast við neinar rannsóknir.

Það hefur enginn reynt að breiða yfir það, að í Finnlandi og Svíþjóð tengdist bóludefning með Pandemrix drómasýki hjá ungu fólki. Þessi tengsl hafa hins vegar

„Almenningur veit að bóludefning er besta aðferðin til að vernda börnin okkar gegn alvarlegum smitsjúkdómum.“

ekki sést í öðrum löndum þrátt fyrir milljónir bóludefninga og hafa heldur ekki sést á Íslandi.

Í dag geisa ýmsir hættulegir barnasjúkdómar í mörgum nálægum löndum vegna lélegrar þátttöku í bóludefningum. Á Íslandi sjást þessir sjúkdómar ekki lengur því þátttaka í bóludefningum hér á landi hefur verið og er með miklum ágætum. Almenningur veit að bóludefning er besta aðferðin til að vernda börnin okkar gegn alvarlegum smitsjúkdómum.

## TILBOÐSDAGAR TIL ÁRAMÓTA



## TILBOÐSDAGAR

Á NÝJUM OG NOTUÐUM FERÐAVÖGNUM  
KOMDU OG GERÐU KAUP ÁRSINS - STÓRLÆKKAD VERÐ!

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SEGLAGERDIN.IS  
OG HJÁ SÖLUFULLTRÚUM



Eyjarlóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is



# 2 lyfjaform samtímis geta skilað árangri fyrr

Margir sem vilja hætta að reykja nýta sér stuðning nikótínlyfja. Reynslan sýnir þó að sumir geta þurft meiri hjálp en aðrir. Samsett meðferð Nicorette felst í að nota saman Nicorette forðaplástur og annaðhvort 2 mg Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí eða innsogslyf.



## Kostir lyfjaformanna sameinaðir

Samsett meðferð sameinar kosti lyfjaformanna: þ.e. jafna og stöðuga nikótínþörf plástursins og skjótvirkari áhrif lyfjatyggigúmmísins eða innsogslyfsins.

Þegar reykingalöngunin „toppar“, stýrir þú nikótínþörfinni með lyfjatyggigúmmí eða innsogslyfi.

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínþörf og til að draga úr fráhræfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnar eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf -12 stk. nikótínþappar. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.





# Íþróttir og tóbaksnotkun

## Heilbrigðismál

Reynir Björn Björnsson  
læknir



Nánast allir þjálfarar sem ég hafði frá átta ára aldri, þar til ég var kominn í meistaraflokk, reyktu. Frá 12-13 ára aldri voru alltaf nokkrir í liðinu sem reyktu að staðaldri og hafði maður á tilfinningunni að meira væri reykt í hópíþróttum en í einstaklingsgreinum.

Á undanförunum tveimur áratugum hafa reykingar meðal íþróttafólks, eins og almennt á Íslandi, dregist verulega saman. Stærstu stjórnurnar í íþróttahæminum hérlandis sem erlendis eru almennt

Fyrir utan svokallað „hamsturs-útlit“ er notkun munn-tóbaks subbuleg og óaðlaðandi.

reyklausar. Enginn vafi er lengur um skaðsemi reykinga og vitneskjan um tengsl við krabbamein, lungna-, hjarta- og æðasjúkdóma er

orðin almenn og byggð á sterkum vísindalegum grunni.

Reykingar valda samdrætti í sléttum vöðvum í æðum og berkjum sem dregur úr blóðflæði og súrefnisflutningi til vöðva og getur valdið öndunarerfiðleikum hjá íþróttamönnum, sérstaklega ef þeir eru viðkvæmir fyrir, hafa t.d. astma eða ofnæmi. Reykingar geta þar með komið niður á árangri og þeir sem reykja eru oft lengur að ná sér eftir venjulegar öndunarfærasýkingar, sem einnig kemur niður á æfingum og keppni.

Langvinnar afleiðingar reykinga (berkjubólga, lungnaþemba, hjarta- og æðasjúkdómar) koma fram síðar og hafa því ekki áhrif á íþróttafólk í byrjun. Við erum hins vegar í meiri mæli farin að stunda íþróttir og almenna hreyfingu eins lengi og okkur er unnt og byrjum jafnvel íþróttaiðkun seint á ævinni, því geta reykingar fyrr á árum hamlað getu okkar til þess.

Á síðari árum hefur mikil áhersla verið lögð á fræðslu um skaðsemi reykinga og margvíslegar forvarnir. Þekktir einstaklingar hafa tekið þátt í reykleysisherferðum, tóbaksauglýsingar hafa verið bannaðar, verð á tóbaki hefur hækkað mikið og smátt og smátt hefur verið þrengt að þeim sem reykja með því að banna reykingar víða í samfélaginu, m.a. á íþróttasvæðum.

Einnig erum við orðin meðvitaðri um áhrif óbeinna reykinga. Það eru ekki mörg ár síðan íslenska karlalandsliðið í handknattleik spilaði í Austur-Evrópu þar sem reykt var í íþróttahöllinni og fengu leikmenn og starfsfólk íslenska liðsins yfir sig ösku og reykt frá æstum áhorfendum sem sátu næst þeim.

Frá því að ég byrjaði að fylgja mínum börnum eftir í íþróttaiðkun frá 1997 hafa þau einungis haft reyklausa þjálfara og fyrirmyndir og hef ég ekki orðið þess áskynja að foreldrar eða aðrir reyki á íþróttasvæðunum. Núna heyrir það til algerra undantekninga ef einhver reykir í yngri flokkum í knattspyrnu og það sama á við í öðrum íþróttagreinum. Árið 1998 reyktu 23% 10. bekklinga daglega en einungis 5% árið 2011. Það má hins vegar ekki gleyma því að 50% unglunga prófa að reykja og eiga þar með á hættu að verða háðir nikótíni. Í dag er lítið á reykingar hjá börnum og unglungum sem áhættu- hegðun sem geti þróast út í neyslu sterkari fíkniefna og því er mikilvægt að við séum ávallt vakandi og öflugt forvarnastarf haldi áfram.

Aukin tóbaksnotkun í vörina hefur ekki farið framhjá neinum síðustu ár en virðist ekki algengari meðal íþróttafólks en annarra hópa, þótt hún sé sýnilegri. Í munn-tóbaki er nikótín, eins og í reyktóbaki, sem gerir viðkomandi háðan því, fíkninn í það. Slík efni eiga að sjálfsögðu ekki heima í íþróttum frekar en annars staðar.

Fyrir utan svokallað „hamsturs-útlit“ er notkun munn-tóbaks subbuleg og óaðlaðandi. Sýnt hefur verið fram á skaðsemi af völdum munn-tóbaks. Það hefur slæm áhrif á tannhold og munnslímhúð, getur haft áhrif á hjarta og æðakerfi og er jafnvel talið auka hættu á krabbameini í brisi. Erlendis finnast munn-tóbakstegundir sem geta verið skaðlegri en þær sem eru seldar hér á landi.

Jafningjafnræðslan, Lýðheilsustöð og KSÍ hafa staðið fyrir átaki gegn munn-tóbaksnotkun sem nefnist „Bagg er bögg“ og núna stendur yfir átak sem nefnist „Fyrirmyndarleikmaðurinn“ þar sem ÍSÍ, KSÍ og ÁTVR taka höndum saman gegn munn-tóbaksnotkun. Mikilvægt er að halda fræðslu áfram og stefna að því að íþróttirnar verði lausar við allt tóbak, hvort sem það er reykt, tekið í vörina eða nefið. Hér skipta fyrirmyndirnar mjög miklu máli, þ.e. þjálfarar, íþróttamenn og -konur sem hafa náð langt í sinni íþróttagrein, en einnig þeir sem vinna með íþróttafólki og börnunum okkar.

Tóbaksnotkun þjóðþekktis íþróttafólks er ekki bara einkamál þess þegar það er orðið að átrúnaðargoðum hundruða eða þúsunda krakka og unglunga. Það fylgir því mikil ábyrgð að vera fyrirmynd barna og unglunga, ekki bara m.t.t. tóbaks, heldur einnig annarra vímuefna, Facebook og spjallsíðna á veraldarvefnum eru mikil og ástæða fyrir okkur öll að gæta orða okkar og athafna þar.

www.lyfja.is

## + andaðu léttar

**Reykingamenn sem ætla að leggja öskubakkann á hilluna eiga bandamann í Lyfju**

Við viljum leggja okkar af mörkum til að hjálpa þeim sem ætla að losa sig við reykingar með góðu pakkaþilboði frá Nicotinell.

**Aðstoð við þá sem vilja hætta**

Í Lyfju Lág múla býðst þér stutt viðtal við lyfjafræðing eða lyfjatækni sem veitir þér stuðning og hollráð til að hætta að reykja. Þú getur fengið heilsufarsmælingar, t.d. á blóðþrýsting og blóðfitu. Við erum þér innan handar þegar þú tekur upp heilsusamlegan lífsstíl.

Við minnum á reyksímann: 800 6030 og reyklus.is

+ Lyfja býður öll lyfjaform Nicotinell.

## + Ódýrt og nýtt Nicotinell á lægra verði í Lyfju

Stór og lítill Nicotinell-pakki á lægra verði en einn stór.\* Tilboðið gildir til 22. janúar, 2012.

+
=
4.850 kr.

Stórt Nicotinell fruit: **5.120 kr.** Lítill Nicotinell Tropical fruit: **943 kr.** = ~~6063~~ **kr.**

\*Gildir einnig með 4 mg Nicotinell Fruit 204 stk. og lítum 2 mg Tropical Fruit á **6.419 kr.**

Nicotinell lyfjatyggigúmmi inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínólacrillin). Nicotinell lyfjatyggigúmmi er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhræfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmi eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmi. Ráðfærðu þig við lækinn eða lyfjafræðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtill, ofvirkan nýrnahettur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfisfahafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurláugavegur 12a, 210 Garðabæ.

ÍSLENSKA SJÚKLAUSLYF 57729 12/11



# Í fínu lagi á Íslandi en glæpur í Flórída

**Fasteignasala**

**Pétur Sigurðsson**  
löggiltur fasteignasali í Flórída



fyrirmæli um sínar séróskir eða sérþarfir. Þessar reglur miða við miðlara, en kúnninn getur ráðið okkur sem sinn einka fasteignasala og þá verður trúnaðurinn algjör við kúnnann.

Ef við vinnum sem dæmi sem einkafasteignasali fyrir kúna þá greiðir kúnninn fyrir okkar vinnu sama hvort um er að ræða kaup eða sölu eigna, en við verðum að gera öllum sem við skiptum við grein fyrir sambandi við okkar kúna. Flestir kjósa að nota sama kerfi og er á Íslandi eða miðlara samskipti þar sem þau

Maður veltir því fyrir sér hvort löggjafinn hafi sofið á verðinum þegar ástandið er skoðað á Íslandi?

eru léttari, ódýrari og ná yfirleitt sama árangri.

En lítum nú aftur á Ísland, þar sem málpípur fasteignasala og

leigumiðlara eru réttindalausar og tjá sig frjállega um kúna fasteignasalans. Þar sem fasteignir eru auglýstar til sölu án þess að sé hægt að sjá hvort það sé fasteignasali eða sölumaður fasteigna sem er að auglýsa. Neytandinn verður að geta séð fyrirfram við hvern hann er að eiga og hvort þetta er löglegur fasteignasali eða einhver sem vill verða fasteignasali en nennir ekki eða getur ekki náð sér í réttindi. Þegar ég auglýsi fasteign til sölu verður að koma fram í auglýsingunni að ég sé með réttindi og að ég vinni fyrir lög-

gilta fasteignasölu. Maður veltir því fyrir sér hvort löggjafinn hafi sofið á verðinum þegar ástandið er skoðað á Íslandi?

Tölum nú aðeins um glæpinn, í lögnum í Flórída stendur að: Enginn má vinna sem fasteignamiðlari eða sölumaður fasteigna nema hafa til þess tilskilið skírteini. Hver sá sem brýtur þessi lög er að fremja glæp (felony of the third degree), viðurlögin eru allt að fimm ára fangelsi og \$5.000 sekt. En eins og ég sagði að framan er þetta í fínu lagi á Íslandi.

Ástæðan fyrir því að ég settist niður til þess að rita þessa grein er frétt sem ég sá í íslensku dagblaði, þar sem blaðamaður ræddi við starfsmann (ekki löggiltan) á leigumiðlun. Þau voru að fjalla um leigumarkaðinn og tjáði starfsmaðurinn sig frjállega um leigusalan og þeirra hagsmuni með niðrandi athugasemdum. Einnig hef ég heyrt að fasteignasölur geti ráðið til sín solumenn án nokkurra réttinda og leyft þeim að selja og taka í sölu eignir.

Það er fróðleg lesning að bera saman lög um fasteignasala í Flórída og á Íslandi, og bera síðan saman framkvæmdina á þessum tveimur stöðum. Fyrsta grein laganna í Flórída hljómar svona í lauslegri þýðingu höfundar: Tilgangur – Löggjafinn telur það nauðsynlegt í þágu almanna hagsmuna og velferðar að setja reglur um fasteignamiðlara, solumenn og skóla í fylkinu. Íslensku lögin byrja á: Þeim einum er heimilt að hafa milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum eða skráningarskyldum skipum fyrir aðra sem hafa til þess löggildingu.

Eins og sést á upphafsgrein beggja laganna þá virðist tilgangurinn ekki sá sami, í Flórída er gegnumgangandi í lögnum að vernda almenning en á Íslandi að stjórna fasteignasalanum. Það skritna við íslensku lögin er að það vantar í þau kaflann um solumenn (aðstoðar) og annað aðstoðarfólk.

Mesti munurinn á Íslandi og Flórída er að enginn má taka við umboðslaunum eða semja um þau, fyrir fasteignasölu án þess að hafa til þess tilskilin réttindi. Réttindin í Flórída eru tvenns konar, annars vegar sölumaður fasteigna sem verður að vinna fyrir miðlara. Síðan eru það fasteignamiðlara réttindin sem veita réttindi til þess að eiga og/eða reka fasteignasölur. Einungis réttindafólk má tjá sig um kosti og galla eigna og skrifa samninga. Öll umboðslaun verða að vera greidd fasteignasölnunni og má fasteignasalan einungis greiða réttindafólki umboðslaun.

Lítum nú á hvað réttindalausir aðstoðarmenn mega gera í Flórída, þeir mega svara í símann, þeir mega setja upp viðtöl við fasteignasalana og ef spurt er um eign þá mega þeir lesa upp það sem stendur á blaði sem fasteignasalin hefur skrifað og afhent þeim. Aðstoðarmenn mega líka færa bókhald, sjá um skjalastjórn, koma auglýsingum í blöðin, uppfæra heimasíðu og aðra pappírsvinnu. Aðstoðarmenn mega ekki þiggja prósentur eða umboðslaun, þeir verða að vera launafólk á mánaðar- eða tímakaupi.

Lögin hérna kveða á um hvaða skyldur við höfum og að við verðum að láta kúnnann vita hvar hann stendur í samskiptum við fasteignasalann. Í fyrsta lagi þarf fasteignasalinn að vera heiðarlegur og sanngjarn. Í öðru lagi þarf fasteignasalinn að gera grein fyrir öllum fjármunum. Í þriðja lagi þarf fasteignasalinn að nota alla sína þekkingu, hæfileika og kostgæfni varðandi söluna. Í fjórða lagi þurfum við að láta kaupanda vita allt sem við vitum um eignina og verðmæti hennar. Í fimmta lagi verðum við að koma öllum tilboðum tímanlega til allra aðila, nema að við höfum skriflegar ráðleggingar um annað frá umboðsaðila okkar. Í sjötta lagi þá höfum við takmarkaðan trúnað við alla aðila, það er við megum ekki segja frá einhverju sem getur skaðað samningstöðu aðila. Síðan en ekki síst þá getur okkar kúnni gefið okkur skrifleg



# Alicante

á lægsta verðinu árið 2012!

flug frá **1X.900 kr.\***

Heimsferðir bjóða þér beint flug til Alicante á næsta ári eins og undanfarin 18 ár. Við bjóðum betri verð, góða flugtíma og þjónustu á íslensku alla leið – fyrir þig!

Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér í fyrstu sætin á lægsta verðinu á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

## Forsala

Fyrstu 400 sætin á þessu frábæra verði **bókaðu strax** á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)



Flug með Primera Air

Primera air annast þessi leiguflyg fyrir Heimsferðir á Íslandi eins og fyrir önnur dótturfyrirtæki Primera Travel Group í Skandinavíu. Þjónusta um borð er fyrsta flokks og að sjálfsgöðu á íslensku.

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.

ENNEAM / SIA • NM4775 | Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



\*Flugsæti aðra leið með sköttum. Netverð á mann.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)







**BENAZIR BHUTTO** fyrverandi forsætisráðherra Pakistans (1953-2007) lést þennan dag. „Í minni stjórnartíð veitti ég almennum borgurum Pakistan frið, öryggi, reisn og tækifæri til framfara.“



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Björn Andrés Óskarsson**  
vélstjóri,  
Barðastöðum 7,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 16. desember, verður jarðsúnginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 28. desember kl. 13.00.

Davíð Björnsson  
Óskar Björnsson  
Sigurður Jón Björnsson  
og barnabörn

Ólöf Lilja Sigurðardóttir  
Halla Katrín S. Arnardóttir  
Sigrún Jónsdóttir



Innilegar þakkir fyrir blyhubug við andlát og útför

**Klöru Klængsdóttir**  
kennara.

Margrét Ólafsdóttir, starfsfólk Hlaðhamra og Vorboðarnir gerðu ævikvöld frænku okkar ánægjulegt og innihaldsrikt.

Gunnar Klængur  
Rannveig

Móeiður  
Haukur

Margrét  
Jón Gunnar, Runólfur, Guðný, Urður, Theódór, Katla, Klængur, Hrafn, Úlfur, Illugi, Ingibjörg, Ragnheiður og Kría.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Kristján Jónsson**  
Sléttuvegi 23, Reykjavík,  
áður Hlégerði 5, Kópavogi,

lést 16. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag aðstandenda Alzheimerssjúklinga www.alzheimer.is eða í síma 533 1088 eða að láta líknarfélög njóta þess.

Guðbjörg Óskarsdóttir  
Olga Kristjánsdóttir  
Hrönn Kristjánsdóttir  
Lilja Kristjánsdóttir  
Lára Kristjánsdóttir  
Dóra Hjálmsdóttir  
afabörn og langafabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sr. Björn Jónsson**  
Ásabraut 2, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness að morgni 20. desember. Útför hans fer fram frá Akranesarkirkju fimmtudaginn 29. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð sonardóttur hans, Klöru Smith Jónsdóttur 0552-14-401455 kt. 010455-3249.

Sjöfn Pálfríður Jónsdóttir  
Sossa Björnsdóttir  
Ingibjörg Jóna Björnsdóttir  
Jón Páll Björnsson  
Gunnhildur Björnsdóttir  
afa- og langafabörn.

Ólafur Jón Arnbjörnsson  
Hörður Kári Jóhannesson  
Ásdís Kr. Smith  
Pétur Sigurðsson

ÞETTA GERÐIST: 27. DESEMBER 1956

## Hnefaleikar bannaðir á Íslandi

Lög um bann við hnefaleikum á Íslandi voru staðfest fyrir 55 árum og bönnuðu alla keppni og sýningar á hnefaleik. Bannið var samþykkt mótakvæðalaust á Alþingi og um það fóru fram litlar umræður. Íþróttasamband Íslands mótmælti banninu en ekki af miklum ákafa.

Hnefaleikar höfðu verið stundaðir á Íslandi mestalla öldina en aldrei náð verulegum vinsældum. Árið 1926 höfðu tvö íþróttafélög í Reykjavík hafið reglulega hnefaleikakennslu en það mældist misjafnlega vel fyrir. Í Morgun-

blaðinu í mars 1927 sagði til dæmis um hnefaleikasýningu að hnefaleikar væru „ljót íþrótt og luraleg“ og virðist þar hafa túlkað sjónarmið meirihluta almennings.

Upp úr 1950 fóru að birtast niðurstöður erlendra rannsókna sem sýndu fram á mikla skaðsemi hnefaleika, einkum hættu á heilaskemmdum eftir höfuðhögg. Læknar voru því í fararbroddi þeirra sem hófu baráttu gegn hnefaleikum hérlendis.

Heimild: Ísland í aldanna rás.



TRÚLOFUÐ FYRIR 50 ÁRUM Vesturbæingarnir Bjarni og Álfheiður urðu ástfangin í Vesturbænum og hafa búið þar alla tíð. Bjarni segir Álfheiði ekki deila fótboltaáhuga sínum en ávallt hafa stutt sig og syni þeirra í boltanum.

FRETTABLAÐIÐ/HAG

BJARNI FELIXSON ÍÞRÓTTAFRETTAMAÐUR: FAGNAR 50 OG 75 ÁRA AFMÆLI Í DAG

## Hjarta konunnar besta gjöfin

„Bestu afmælisgjöfina fékk ég þegar ég varð 25 ára og konan mín trúlofaðist mér. Það var mitt mesta gæfuspor,“ segir Bjarni Fel, sem í dag heldur upp á afmæli sitt í 75. sinn, en einnig 50 ára trúlofunarafmæli sitt og sinnar heitelskuðu Álfheiðar Gísladóttur.

„Ég hafði lengi haft löngun til að kvænast Álfheiði og lét verða af því að biðja hennar um miðjan desember árið 1961. Hún tók bónorði mínu strax og á öðrum degi jóla laumudumst við inn í herbergi til að setja upp hringana og komum svo fram til að opinbera trúlofun okkar í jólaboði sem gjarnan var samofið afmæli mínu,“ segir Bjarni.

Í þá daga var til siðs að opinbera trúlofanir með tilkynningu í Morgunblaðinu og í júní 1962 giftust þau Bjarni og Álfheiður.

„Desember er rómantískur mánuður og minningin fögur, enda man ég mun betur eftir trúlofuninni en afmælinu þetta árið. Ég hef ekki lagt í vana minn að halda upp á afmælið nema þegar

ég var fimmtugur og hélt veislu með glæsibrag. Ég lét það nægja, enda er þriðji dagur jóla ómögulegur til hátíðahalda og runnin af fólki mesta veislu-gleðin. Þess vegna týnist afmælisdagurinn minn ofan í jölunum og það finnst mér afar þægilegt,“ segir Bjarni brosmildur.

Bjarni Fel fæddist og ólst upp á Bræðraborgarstíg og hefur alla sína ævi búið í Vesturbænum.

„Ég hef aldrei sofið fyrir austan læk og aldrei komið til greina að flytja yfir lækinn né vestur á Nes. Ég er sömu-leiðis fæddur og uppallinn í KR, en fleira en fótboltinn hefur haldið mér í þessum bæjarhluta því konuna mína fann ég líka í Vesturbænum,“ segir Bjarni hlæjandi.

Hann segir sérstakan sjarma yfir öllum tímabilum ævinnar.

„Mér líkar afskaplega vel að vera eftirlaunamaður. Ég hef verið á miklu spani allt lífið en er núna farinn að kunna vel við það sem menn kalla

aðgerðarleysi. Ég hef jafn mikið að gera nú og ég hafði þegar mest var áður, en hugsa nú meira um sjálfan mig, fer daglega í sund, passa barnabörnin og sendist um allan bæ. Ég hóf nefnilega starfsferilinn sem sendill og ætla að enda hann líka sem sendill,“ segir Bjarni hamingjusamur í afahlutverkinu, en hann á fjögur börn og átta barnabörn, þau yngstu um tveggja ára.

„Ég nýt þess virkilega að annast barnabörnin og þótt ég segi sjálfur frá er ég sennilega mun betri afi en ég var pabbi, því nú hef ég tímann fyrir mér,“ segir Bjarni, sáttur við sitt hlutskipti í lífinu.

„Lífið hefur leikið við mig og mér finnst ágætt að verða gamall þegar heilsan er góð og mín er þokkaleg. Ég valdi Vesturbæing fyrir konu, hef búið alla ævi í Vesturbænum og er mjög sáttur við lífið, ekki síst á árinu sem senn hverfur á braut, þegar KR varð bæði Íslands- og bikarmeistari.“

thordis@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**Guðrún Magnea Tómasdóttir**

Víðigrund 35, Kópavogi,

lést laugardaginn 17. desember á Landspítalanum Fossvogi. Hún verður jarðsúngin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 28. desember kl. 13.00.

Hanna Ósk Rögnvaldsdóttir  
Kjartan Rögnvaldsson  
Tómas Þróstur Rögnvaldsson María Berglind Þráinsdóttir

### Merkisatburðir

- 1394 Jörundarkirkja á Hólum brotnar í ofsaveðri.
- 1919 Sænska kvikmyndafyrirtækið Svensk Filmindustri stofnað.
- 1936 Ungmennafélagið Valur stofnað á Reyðarfirði.
- 1945 Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn stofnaðir.
- 1986 Snorri Hjartarson, bókavörður og skáld, deyir 80 ára gamall. Hann var eitt listfengasta nútímaskáld Íslands og hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1981.
- 1988 Fyrsta bílnúmerið í fastnúmerakerfi, HP 741, sett á bifreið Halldórs Ásgrímssonar dómsmálaráðherra.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is. Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



4BLS  
BÆKLINGUR

# ÚTSALA ÁRSINS

TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI

**75%**  
**AFSLÁTTUR**

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR  
AF YFIR 1000  
TÖLVUVÖRUM

**RISA**  
**FLUGELDAPAKKI**

FYLGIR ÖLLUM ACER OG  
PACKARD BELL FARTÖLVUM  
MEDAN BIRGDIR ENDAST

**0%**  
**VEXTIR**

ALLAR VÖRUR  
VAXTALAUST Í  
12 MÁNUÐI

Til áramóta fást allar  
vörur með vaxtalausum  
raðgreiðslum með 3%  
lántökugjaldi og 325kr  
greiðslugjaldi af hverjum  
gjalddegi

**OPNUM**  
**12:00**  
**Í DAG**

## OPNUNARTÍMAR

**ÞRIÐJUDAG** 12:00 - 19:00  
**MÍÐVIKUDAG** 10:00 - 19:00  
**FIMMTUDAG** 10:00 - 19:00  
**FÖSTUDAG** 10:00 - 19:00  
**GAMLÁRSDAG** 9:00 - 12:00

LOKAÐ 1-2 JAN 2012  
OPNUM AFTUR 3. JAN KL 10:00



# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Tilboð gilda dagana 27-31 desember 2011 eða meðan birgdir endast • Öll verð eru áfísáttaverð hirt með fyrirvara um villur



**FRÁ**  
ÓTRÚLEG VERÐ Á  
HEYRNARTÓLUM FRÁ KR.  
**645**

**ALLT AÐ  
50%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
HEYRNARTÓLUM**

**TILBOÐ**  
ÖLL HEYRNARTÓL Á TILBOÐI

**ALLT AÐ  
50.000  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM BENQ  
SKJÁVÖRPUM**

**6500  
LAMPÍ ENDIST  
ALLT AÐ 6500  
TÍMA**

**MS513**  
**Benq**

**MS513  
3D READY SKJÁVARPI**

- DLP 3D Ready skjávarpi (klár í 3D)
- 800x600 upplausn, 1080p HDTV samhæfni
- 2700 ANSI birtustig og 10.000:1 skerpa
- Sérstakur sparnaðar 6500 klst lampi
- HDMI, VGA, S-Video, Video RCA ofl
- Einstaklega hljóðlátur aðeins 27dB
- Stílhrein hönnun, fjarstýring fylgir

**79.900**  
ÚRVAL AF BENQ SKJÁVÖRPUM

**20" LCD  
SKJÁIR FRÁ  
19.900**

**22" LED  
SKJÁIR FRÁ  
22.900**

**24" LCD  
SKJÁIR FRÁ  
26.900**

**ÖFLUG  
SKOTKAKA**  
FYLGIR 27" LCD G2750  
SKJÁM MEÐAN BIRGÐI  
ENDAST

**Benq**

**33%  
AFSLÁTTUR**

**FULL HD  
1080P  
SPILAR OG  
TEKUR UPP**

**PRÁÐLAUST  
NET**  
EKKERT MÁL AÐ BÆTA VIÐ  
PRÁÐLAUSU NETI FYRIR  
KR. 1.990

**ARGOSY**

**DOLBY  
DIGITAL** **dt** **Full HD  
1080** **Blu-ray**

**HV339T**  
**FULL HD MEDIA PLAYER & RECORDER**

Pessi gerir allt! Spilar allt! Tengist við allt!  
og þar að auki með innbyggðum digital  
sjónvarpsmótakara og upptökumöguleika.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- 1080P HD kvikmynda afspilun H.264
- Spilar alla tónlist í DTS og Dolby HD
- Spilar beint yfir net með innb.netkorti
- Spilar af USB flökkurum og minnislyklum
- Hægt að bæta við 3,5" SATA harðdisk
- BitTorrent, Samba, Picasa, Flickr ofl. ofl.
- Dual Digital DVB-T tuner og upptaka
- HDMI, USB, LAN, RCA, RGB, ljósleiðari ofl

**19.900**  
AÐEINS Á ÚTSÖLU ÁRSINS!

**4GB  
MUSHKIN STILETTO  
1333 MHZ DDR3  
2.990**

**8GB  
MUSHKIN STILETTO  
1333 MHZ DDR3  
5.990**

**ALLT AÐ  
50%  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLU VINNSLU-  
MINNI**

**TILBOÐ**  
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**ALLT AÐ  
20%  
AFSLÁTTUR**

**TURNKASSAR**  
ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

**ALLT AÐ  
50%  
AFSLÁTTUR**

**ÖFLUG SKJÁKORT**  
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**ALLT AÐ  
20%  
AFSLÁTTUR**

**MÓÐURBORD**  
ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR

**ALLT AÐ  
25%  
AFSLÁTTUR**

**MÝS Í ÚRVALI**  
LANDSINS MESTA ÚRVAL!

**20%  
AFSLÁTTUR**

**MÚSARMOTTUR**  
20% AF ÖLLUM MÚSARMOTTUM

**10%  
AFSLÁTTUR**

**PRENTARAR**  
PRENTARAR, SKANNAR, FJÖLNOTATÆKI





**Fitusöfnun á kvið** getur verið hættumerki og eykur líkur á sykursýki, hjartasjúkdómum og heilablóðfalli. Það er mörgum hollt að endurskoða lífnaðarhætti sína eftir jól.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

Kolbrún Karlsdóttir garðyrkjufræðingur iðkar sjósund á hverjum degi. Svo hjólar hún líka og gengur.

heilsuhotel  
íslands

Næstu námskeið  
6-20. janúar  
2-16. mars

Sími 512 8040 | www.heilsuhotel.is

Heilsuhótel Íslands | Lindarbraut 634 | 235 Reykjanesbær | heilsa@heilsuhotel.is

## Blöðkurnar staðalbúnaður

**K**olbrún Karlsdóttir garðyrkjufræðingur er nýkomin úr sjónum í Nauthólsvíkinni. Þangað fer hún oft en segir það fara eftir hitastiginu hversu mikið hún syndi. Fyrir nokkrum dögum var vikin ísi lögð en hún lét það ekki aftra sér frá því að fara ofan í. „Þetta er ótrúlega gott enda fer ég alltaf í heitan pott á eftir,“ segir hún og dæsir af vellíðan. „Ég byrjaði sjósundið í sumar og synti Viðeyjarsundin – stutta og langa, Bessastaðasund, Ægisíðusund og oft yfir Fossvoginn,“ lýsir hún. „Svo fór ég í ár, læki og stöðuvötn sem ég komst í. Alltaf með blöðkurnar í bílnum, það er bara staðalbúnaður.“

Kolbrún fer líka gjarnan ferða sinna á hjóli eða labbandi auk daglegra göngutúra með hundana sína fjóra, Úu, Kötlu, Codu og Brellu. Svo er skautað ípróttin nýjasta æðið. „Ég auglýsti eftir skautum á Facebook og þeir biðu mín í Nauthólsvíkinni einn daginn. Ég er að verða svo góð að ég hugsa að ég endi á Ólympíuleikum,“ segir hún hlæjandi.

gun@frettabladid.is

Alltaf eitthvað  
nýtt og spennandi

Flott nýársdress  
fyrir flottar konur

Vertu vinur á Facebook

belladonna

Stærðir  
40-60.

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460  
www.belladonna.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa  
★★★★★

Sofðu vel um jólin

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150  
Opit virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is





**Milli jóla og nýárs** er gott að hafa léttmeti á boðstólum til að vinna á móti steikunum. Fiskur og tærar súpur eru dæmi. Eins er sniðugt að hafa gulrætur, rófur og brokkolí með léttri dýfu í millimal.

Pegar blóðsykurinn fellur hjá okkur minnka hæfileikar okkar og við missum einbeitingu. Rannsóknir sýna að mjög hár blóðsykur getur einnig haft hamlandi áhrif á andlega virkni okkar. Þær sýna einnig að meðalhár, stöðugur blóðsykur er besta leiðin til að auka andlega virkni okkar.



Heimild: [www.islenskt.is](http://www.islenskt.is)

## Hollt eftir hangikjötið

**Margir huga að hollum neysluvenjum dagana eftir hátíð saltaðs kjöts og sykurs. Sérfræðingar mæla margir hverjir með neyslu á grænmeti, ávöxtum, vatni, jurtatei, fiski og hvers kyns hreinum afurðum.**

Það er velþekkt að á fyrstu dögum nýja ársins eigi aldeilis að grípa í árararnar og róa að nýjum og hollum lífsstílsvenjum eftir að hafa údað í sig gotterí, söltuðu kjöti og rjómasósum. Ber að fara að öllu með gát og muna að margir hafa farið flatt á skyndimegrun og jafnvel slasað sig á því að ætla sér í langhlaup eftir 2 vikna sófaleti.

• Reyndið að auka hlutfall grænmetis og ávaxta á matseðlinum. Í því sambandi hjálpar mörgum að skera hráefnið niður á sem girnilegastan máta og leika sér með það. Má þar stinga upp á að skera hunangsmelónu í tvennt og skafa aldinkjötið innan úr. Þá er komin falleg skál sem hægt er að fylla með eftirlætissalatinu, og nota að sjálfsgöðu melónukjötið sjálft með, skera það til dæmis niður í litla bita.

• Á sama hátt má útbúa dýrindis „carpaccio“-rétti úr greinaldin og appelsínunum. Skera þær örþunnt niður, hella vandaðri olíu yfir og strá ferskum myntublöðum yfir. Ekki gleyma fisknum og að taka D-vítamín, það er ennþá myrkur úti þótt daginn sé farið að lengja.



Hollusta getur verið jólaleg. Notið kanilstangir út í jurtatei og kreistið rauðan blóðgreipaldinsafa í glas.

• Farið hægt af stað í hreyfingu ef gott hlé hefur verið gert á henni eins og oft vill verða um jólin. Fólk í hinu ágætasta formi hefur lent í meiðslum við að fara of geyst

af stað í hlaup, að lyfta eða gera æfingar í þöfimitímum. Byrjið á styttri æfingum með léttari þyngdum og smálengju og þyngið. [juliam@frettabladid.is](mailto:juliam@frettabladid.is)

**STAFGANGA Í LAUGARDAL**  
Stafgöngunámskeið hefst 10. janúar 2012

**BYRJENDANÁMSKEIÐ:** Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.  
**FRAMHALDSHÓPUR:** Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.

SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: [www.stafganga.is](http://www.stafganga.is)

**GUÐNÝ ARADÓTTIR,** stafgöngubjálfi, sími: 616 85 95.  
**JÓNA H. BJARNADÓTTIR,** stafgöngubjálfi, sími: 694 35 71.

STAFGANGA  
ÁHRIFARÍK LEIÐ  
TIL LÍKAMSREKTA

**Stelpur Konur**  
Staðurinn - Ræktin

**RopeYoga**

**Ný námskeið hefst 9. janúar**  
innritun í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldursþópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.

Lokuð 6 vikna námskeið 2x í viku í 60 mínútur:  
Þriðjudaga og fimmtudaga kl 6:15, 10:30 og 12:00 / Mánudaga og miðvikudaga kl 16:30

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal. Verð kr. 14.900.

**Barnagæsla - Leikland JSB**  
Velkomin í okkar hóp!

**DANSRÆKT JSB**  
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • [jsb@jsb.is](mailto:jsb@jsb.is) • [www.jsb.is](http://www.jsb.is)

**Stelpur Konur**  
Staðurinn - Ræktin

**TT námskeið**

Viltu ná kjörþyngd og komast í form?

**Ný námskeið hefst 8. janúar**  
innritun á fullu í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Í BM Mótun er aðaláherslan lögð á styrk, liðleika og góðan líkamsburð. Upphitun í tækjasal 20 mín., mótun 40 mín. Aðeins 15 í hóp. Hentar öllum aldursflokkum.

6 vikna námskeið - mánudaga og miðvikudaga kl 16:40 þriðjudaga og fimmtudaga kl 9:00 þriðjudaga og fimmtudaga kl 10:30. Kennari: Bára Magnúsdóttir. Verð kr. 19.900.

**Barnagæsla - Leikland JSB**  
Velkomin í okkar hóp!

**DANSRÆKT JSB**  
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • [jsb@jsb.is](mailto:jsb@jsb.is) • [www.jsb.is](http://www.jsb.is)

NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL

TT tímar í boði:			
6:15	A	mánu-, miðviku- og föstudagar	
7:20	C	mánu-, miðviku- og föstudagar	
10:15	D	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
14:20	G	mánu-, miðviku- og föstudagar	
16:40	H	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
17:40	I	mánu-, miðviku- og föstudagar	Barnapössun
18:40	J	mánudagar kl. 18:40, miðviku- og fimmtudagar kl. 18:25	
18:25	TT3	mánudagar kl 18:25 og miðvikudagar kl. 19:25 - (16-25 ára)	

Fundur fyrir alla TT flokka sunnudaginn 8. janúar kl. 16:30  
15% afsláttur fyrir þær konur sem halda áfram!

Velkomin í okkar hóp!

**DANSRÆKT JSB**  
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • [jsb@jsb.is](mailto:jsb@jsb.is) • [www.jsb.is](http://www.jsb.is)



# VEISLUPJÓNUSTUR

ÞRIÐJUDAGUR 27. DESEMBER 2011

Kynningarblað Matur, jól, hollusta, smáréttir, áramót, veislur, partí

## Næring skilar manni langt

Saffran styrkir afreksfólk í íþróttum. Þeirra á meðal er Þorbjörg Ágústsdóttir, margfaldur Íslandsmeistari og sjöfaldur Norðurlandameistari í skylmingum. Hún segir góða og holla næringu skipta gríðarlega mjög miklu máli fyrir íþróttafólk, enda sé það eins og bensín á tankinn – þar sem gæðin skipta miklu máli.

Þorbjörg hefur æft skylmingar frá unglingsaldri. „Ég hafði prófað ýmsar íþróttir en ekki heillast af neinni fyrir en ég prófaði skylmingar,“ segir hún og bætir glettin við að líklega hafi hún verið búin að lesa aðeins of mikið af bókum um Prins Valíant.

Hún æfir í dag með Skylmingafélagi Reykjavíkur. „Það hefur orðið mikil þróun í sportinu frá því ég byrjaði. Í dag æfum við í sérhönnuðum skylmingasal undir stúkunnni í Laugardalnum sem er í heimsklassa,“ segir Þorbjörg, sem hefur samanburðinn enda hefur hún æft með franska landsliðinu í skylmingum og keppt og æft um allan heim.

En hvað þarf maður að hafa til að bera í þessari íþrótt? „Maður þarf kraft, snerpu og liðleika en einnig verður maður að hafa ákveðinn hæfileika til að skilja leik andstæðingsins og halda ró sinni undir miklu álagi,“ segir Þorbjörg, en skylmingar eru mjög tæknileg íþrótt að hennar sögn. „Maður lærir ákveðna tækni og svo er flókið hvernig maður beitir henni til sigurs. Maður býr sér til ákveðið leikerfi og reynir að plata andstæðinginn inn í það kerfi. Þetta er allt mjög taktískt,“ útskýrir hún.

Þorbjörg æfir yfirleitt tvisvar á dag fimm daga vikunnar og einu sinni á laugardagsmorgnum. „Þetta eru því að minnsta kosti ellefu æfingar á viku og um 15 til 20 klukkutímar,“ segir hún. „Maður þarf að æfa mikið til að eiga möguleika á að ná langt og keppa við þær bestu í heiminum.“

Skylmingar eru líf og yndi Þorbjargar enda fer mikið af tíma hennar í íþróttina. Fyrir utan hópæfingar, einkaæfingar með skylmingabjálffaranum og þrekæfingar reynir hún að styrkja líkama og sál með því að fara í jóga og til íþróttasálfræðings.



Þorbjörg Ágústsdóttir skylmingakona er afar ánægð með að vera í friu fæði hjá Saffran enda þykir henni maturinn bæði góður og ekki síst hollur.

„Ég vildi óska að ég gæti gert skylmingarnar að atvinnu enda hef ég verið að standa mig ágætlega í keppni,“ segir Þorbjörg, sem er margfaldur Íslandsmeistari, sjöfaldur Norðurlandameistari og hefur lent í 18. sæti á Evrópu-meistaramóti, sem er einn besti

árangur Íslendinga í greininni. „En á Íslandi lifir maður ekki á íþróttinni, sérstaklega ekki skylmingum,“ lýsir hún.

Þó að hún fái styrki bæði frá Afrekssjóði ÍSÍ og Alþjóða ólympíusambandinu dugur það ekki til og því starfar Þorbjörg í hlutastarfi hjá

Jarðvísindadeild Háskóla Íslands, en hún kláraði meistaraþróf í jarðeðlisfræði árið 2009.

Hún segist þó ekki þéna nóg og því sé ómetanlegt að fá styrki á borð við þann sem hún fær frá Saffran. „Ég veit ekki hvort þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir hafa gert mér mikinn greiða með því að hafa mig á styrk hjá þeim,“ segir hún þakklát. Þorbjörg kemur að meðaltali fjórum til fimm sinnum í viku að borða á Saffran og yfirleitt eftir morgunæfingu. „Þessi styrkur heldur í mér lífinu enda geturðu rétt ímyndað þér hvað maður er svangur eftir æfingu,“ segir hún og hlær.

Þorbjörg er sérlega ánægð með það hvað maturinn á Saffran er hollur og næringarríkur. „Ég fæ mér yfirleitt fiskrétt vikunnar, þannig fæ ég kolvetni, prótein og góða fitu á einu bretti,“ segir hún.

Sem afreksíþróttakona þarf Þorbjörg að velja fyrir sér hvað hún lætur ofan í sig. „Ég er engin öfgamanneskja og fæ mér alveg sætindi á tyllidögum en mikilvægast er að borða rétt og regulega – og nóg. Hlutföllin þurfa að vera rétt af próteini og kolvetnum en svo snýst þetta aðallega um að borða hollan mat, grænmeti, ávexti, kjöt og fisk,“ segir Þorbjörg, sem reynir að borða mat sem henni líður vel af og veitir henni sem mesta orku. Slíkan mat finni hún einmitt á Saffran.

Þorbjörg stefnir á Ólympíuleikana í London á næsta ári. „Ég hef enn möguleika. Ég mun keppa á heimsbikarmótum nú í byrjun árs og síðan á úrtökumóti sem verður í apríl. Á þessu úrtökumóti hef ég tækifæri til að tryggja mig inn á leikana,“ útskýrir hún og segir möguleika sína ágæta. „Það eru fjögur pláss laus fyrir Evrópu og ég geri ráð fyrir að fimmtán sterkir einstaklingar keppi um þessi sæti. Þetta verður erfitt verkefni en mikil og skemmtileg áskorun.“

### HOLLUR SKYNDIBITI

Fyrsti veitingastaður Saffran var opnaður fyrir um þremur árum í Glæsibæ. Viðtökurnar voru opnaðar annar staður á Dalvegi í Kópavogi auk þess sem Saffran express, minni útgáfa staðarins, var opnuð á N1 í Ártúnsholti í apríl síðastliðnum.

Á Saffran er lögð áhersla á hollan mat sem hefur þó alla eiginleika og aðdráttarafi hefðbundins skyndibita. Oddur Smári Rafnsson er framkvæmdastjóri Saffran. „Líklega mætti segja að á Saffran sé stunduð alþjóðleg fusion-matreiðsla. Við tökum það besta frá hinum og þessum löndum og notum síðan ferskt íslenskt hráefni til að búa til gæðamat,“ segir Oddur, sem þróaði upphaflegan matseðil Saffran. „Ég neyddist áður til að borða óhollan mat þar sem lítið annað var í boði og því var skemmtilegt verkefni að útbúa hollan mat án þess að láta það bitna á bragðinu og þeirri tilfinningu sem maður fær þegar maður borðar hamborgara eða slíkt,“ segir Oddur.



### FJÖLBREYTT VEISLUPJÓNUSTA

Veislupjónusta Saffran er starfrækt á Dalvegi. „Við byrjuðum smátt en höfum vaxið jafnt og þétt,“ segir Oddur. Veislupjónusta Saffran getur séð um allar tegundir veislna, en fólk getur valið um steikarhlaðborð, smárétti og samlokubakka. „Svo erum við að sjálfsgöðu með eftirrétti líka.“



HOLLT FERSKT OG  
FRAMANDI Í MATINN

SAFFRAN býður upp á alþjóðlegan, hollan, ferskan, framandi og ódýran mat sem kryddar sál og líkama.



## PARTÍHATTAR TÁKNA ASNASKAP

Partíhattar eiga uppruna sinn að rekja til „asnahattsins“ sem skólabörn sem stóðu sig illa eða gerðu eitthvað af sér voru látin vera með þar sem skortur var á skammkrókum. Sá siður var algengur frá því um miðja nítjándu öld og fram í byrjun þeirrar tuttugustu.

Stúdentar tóku upp á því að bera slíka hatta þegar þeir voru að skemmta sér sem tákn um að nú væri leyfilegt að blása á almennar siðareglur og hegða sér „eins og asni“.

Sá sem mætir með slíkan hatt í áramótapartíð er því að lýsa því yfir að nú gildi engar siðareglur og að hann ætli að sleppa fram af sér beislinu án tillits til afleiðinganna.



Partíhattarnir sem margir bera um áramótin tákna ásetning um að sleppa fram af sér beislinu.

## UTADBORDA.IS

Íslendingar segja frá besta staðnum



Pinnar eru verkfæri áramótanna. Svartar ólífur, kirsuberjatómatar og basilíkulauf er klassískt og ekki gleyma að setja hnetur í skál.



Appelsínugular risarækjur er upplagt að skreyta með öðrum litum grænmetis.



Ef gamlárskvöld er ekki kvöldið til að stinga stjörnuljósi í eftirréttinn kemur það kvöld aldrei. Það er þó nokkur áskorun að reyna að skera ananas niður í örþunnar „carpaccio“-sneiðar, glóða þær með sírópi og bera fram með súkkulaðiis.

# PARTÍLITIR Á áramótaborðið

Litadýrð í lofti er sjaldan meiri en um áramótin og ljómandi skemmtilegt að færa hana yfir í matarboðin, með litríkum mat, borðbúnaði og dúkum. Smáréttir flæða yfirleitt um öll borð í áramótapartíum landsmanna. Sumir halda fast í hefðir; ritz-kex, ostar, vínber og saltstangir, einhverjir útbúa heita brauðrétti og jafnvel tertur og enn aðrir gera tilraunir á ári hverju og leika sér jafnvel að því að láta réttina minna á litadýrðina sem finnst úti fyrir. Hér má sjá nokkrar skemmtilegar litaútfærslur á partíplöttum.

*Brúðkaup, afmæli, fermingar o.fl.*

*Við komum á staðinn með allt sem til þarf  
Eldgrillum fyrir framan fólk og sjáum um frágang.  
Setjum saman matsedil fyrir hvern og einn  
og allir fá eitthvað við sitt hæfi.*



Hafðu samband núna S:6905000  
www.grillmeistarinn.is  
gunnar@grillmeistarinn.is

**Grillmeistarinn.is**

Veislubjónusta á hjólum



## LITAPEMA Í BOÐINU

Áramótapartí geta verið með þeim allra skemmtilegustu enda tengja þau saman gamla og nýja árið. Ef vel tekst til geta þau því orðið hápunktur tveggja ára.

Sérstök þemu eru afar vinsæl í slíkum teitum. Þemað þarf að velja út frá gestunum enda ekki það sama sem hentar fjölskyldufólki með börnum, ömmum og öfum eða fullorðnu fólki sem líkar best að skála fyrir nýju ári í dýrindis kampavíni.

Hvernig svo sem partíð verður er ýmislegt sem er ómissandi. Þannig eru hattar og blístrur klassískir fylgifiskar áramótaboðsins en einnig má hressa upp á liðið með skemmtilegum grímum.

Blöðrur eru klassískar og um að gera að velja sérstaka liti sem munu ein-kenna partíð. Silfurlitir, gullnir og hvítir litir eiga vel við á þessum árstíma þó að marglitar blöðrur geti einnig kallast á við fjölbreytta flugeldana á himnum.



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900

landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 897 8266

Sigurður Samúelsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 2312

Bergur Steingrímsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 896 6751

Sveinn Eyland  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 890 0820

Pórarinn Thorarensen  
Söluþjóni  
Sími 770 0309

Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931

Eggert Maríuson  
Sölufulltrúi  
Sími 890 1472

Frjóbert Bragason  
Sölufulltrúi  
Sími 820 6022

## Við erum Landmark\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaúði sem veitir afburðaðþjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.



## Atvinnueignir

Löggild leigumiðlun og fasteignasala

Til leigu gott verslunar- og lagerhúsnæði á Skeifusvæðinu, 108 Reykjavík

Um 500 fermetra verslunarrými sem stækka má í allt að 1.000 til 1.500 fermetra. Einnig má nýta um 1.000 fm. af húsnæðinu í lager. Skrifstofuaðstaða á millilofti.

Stórir sýningargluggar. Húsið stendur á áberandi stað. Næg bílastæði! Laust fjótlega.

Allar nánari upplýsingar veita Helgi Már Karlsson í s. 897-7086 hmk@atvinnueignir.is eða Ólafur Jóhannsson í s. 824-6703 olafur@atvinnueignir.is



534 1020

www.atvinnueignir.is



Garðurinn í kringum húsið er eftir landslagsarkitekt og er einkar stór og skjólgóður.

## Einbýlishús og stór garður

Fasteignasala Mosfellsbæjar hefur fallegt einbýlishús á einni hæð til sölu í Mosfellsbæ.

Fallegt 197,4 fermetra einbýlishús við Arkarholt í Mosfellsbæ er til sölu hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar. Sérstaklega fallegur, skjólgóður og stór garður í suður fylgir húsinu, með timburverönd og heitum potti. Eigninni hefur verið vel við haldið og er laus strax við kaupsamning.

Í húsinu eru fimm svefnherbergi og þar af er eitt með snyrtingu. Komið er inn í forstofu, með flísum á gólfi og fataskáp. Úr forstofu er komið inn í stofu, bjarta og rúmgóða, og borðstofu sem er með einkar góðri lofthæð. Stofan er hlýleg, með viðarklæddu lofti og arni.

Úr stofu er gengið út á timburveröndina og garðinn, sem teiknaður er af Reyni Vilhjálmssyni landslagsarkitekt. Innangengt er úr stofu í

sjónvarpsstofu sem og eldhús. Borðkrókur er í eldhúsi og innrétting með sambyggðri eldavél og viftu. Gert er ráð fyrir ísskáp og uppþvottavél í innréttingunni.

Gengið er úr eldhúsi inn í flísalagt þvottahús en úr þvottahúsinu er inngangur í rúmgott herbergi með fataskápum og dúk á gólfi, en sér útgangur er úr herberginu út í garð. Baðherbergi er jafnframt inni af herberginu.

Inni af stofu eru þrjú svefnherbergi, öll með parketti á gólfum. Hjónaherbergið er auk þess með fataskápum. Baðherbergi er með sturtu og baðkari og er flísalagt. Fyrir 10 árum var skipt um járn á þaki og þakkantur og rennur endurnýjuð. Um leið var skipt um gler í gluggum. Húsið var málað fyrir um þremur árum.

Verð er kr. 43.500.000 og allar nánari upplýsingar fást hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar í síma 586 8080.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

SPORT

UMRÆÐAN

LÍFIÐ

SJÓNVARP

VÍSIR



TAKTU VÍSI  
Á HVERJUM  
MORNI!

# Drottinn blessi Heimili



Heimili fasteignasala óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Heimili fasteignasala, sími 530 6500, www.heimili.is



## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

### Hellishólar



Erum með í sölu 180 hektara ferðapjónustujörð að Hellishólum í Fljótshlíð. Á jörðinni eru m.a. einbýlishúsi, tvö heilsárhús og 24 sumarhús, 18 holu keppnisgolfvöllur, 9 holu æfingavöllur, tjaldsvæði og veiðivatn. Verð kr. 680.000.000.- Allar nánari upplýsingar gefur Einar Páll Kjærnested, löggiltur fasteignasali, hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar í síma 586 8080. 10218

### Kleifakór 1 - 203 Kópavogi



242,7 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og fallegu útsýni við Kleifakór 1 í Kópavogi. Húsinu er í dag skipt upp í tvær íbúðir. Efri hæðin er 4ra herbergja íbúð og neðri hæðin er 3ja herbergja. Húsið er ekki fullbúið en það hefur verið búið í því. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 39,9 m.** 10216

### Daggarvellir 6A - 221 Hafnarfjörður



Rúmgóð og björt 110 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð með sér inngangi af svölum á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Daggarvelli 6 í Hafnarfirði. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir 8,1 m<sup>2</sup> sérgeymsla. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 21,9 m.** 10215



**Völuteigur - Atvinnuhúsnæði**  
Gott iðnaðarbil með "íbúð" auðvelt að leigja út í tvennu eða þrennu lagi. við Völuteig 1 í Mosfellsbæ sem er búið að skipta í tvær einingar og eru innangangar í það vestan og austan megin húsnæðis. Samtals er húsnæðið skráð samkvæmt Fasteignaskrá Íslands 160,8 m<sup>2</sup>. Stórar innkeyrsludyr og góð birta. Samkvæmt mælingu eiganda þá skiptist húsnæðið vestan megin í ca. 65 fm vinnslusal og ca 18 fm milliloft. En austan megin í 45 fm vinnslusal og 36 fm milliloft. Ath. að þessar stærðir eru gólfplatarmál að innan, en ekki birt flatarmál. **V. 19,9 m.** 5076



**Völuteigur - 270 Mosfellsbær**  
1.400 m<sup>2</sup> iðnaðarhúsnæði á 6.172 m<sup>2</sup> afgirtri og malbikaðri lóð við Völuteig í Mosfellsbæ. Aðalbyggingin er 1.105,5 að grunnfleti, en sambyggt húsinu er 296,2 m<sup>2</sup> þjónustubygging á tveimur hæðum. Í aðalbyggingunni er stór vinnslusalur með sex stórum innkeyrsluhurðum. Í öðrum enda salarins er vélsmíðja með tveimur innkeyrsluhurðum. Jög stórt útsvæði er við húsið, öll lóðin er malbikuð og afgirt með hárrí girðingu. **Eignin er laus til afhendingar við kapsamning. V. 143,0 m.** 5084



**Auðbrekka - Atvinnuhúsnæði**  
288,1 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði á efstu hæð í 3ja hæða húsnæði við Auðbrekku 19 í Kópavogi. Rýmið skiptist í tvo stóra vinnslusali, skrifstofu, kaffistofu, geymslu og salerni. Í öðrum vinnslusalnum eru stórar hurðir og tallá en þar er hefur allt stærra efni verið tekið inn og út úr rýminu. **V. 24,9 m.** 4652

### Litlikríki - 270 Mosfellsbær



Glæsilegt 278,9 m<sup>2</sup> einbýlishús á á þremur þöllum með tvöföldum bílskúr við Litlikríki í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, 2 baðherbergi. Falleg gólfefni og glæsilegar innréttingar. **Lækkað verð. V. 62,5 m.** 4881

### Völuteigur 21 - 270 Mosfellsbær



Flott 530,6 fm iðnaðarhúsnæði, með millilofti, við Völuteig 21 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 452,7 fm vinnslusal ásamt 77,9fm millilofti í góðu og vel skipulögðu iðnaðarhúsnæði, byggtu árið 2005. **Eignin er laus til afhendingar strax! V. 53,0 m.** 5162

### Austurkór 5 - 203 Kópavogur



Erum með í sölu nýjar 79 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúðir í nýju 3ja hæða fjölbýlishúsi við Austurkór 5 í Kópavogi. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með innréttingum, án gólfefna, en andyri, baðherbergi og þvottahúsgólf verður flisalagt. Húsið stendur hátt með fallegu útsýni. Stutt er í alla þjónustu. **Íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar í apríl 2012. Verð frá 20,9 m.** 10193

### Tröllakór 2-4 - 203 Kópavogur



Vorum að fá í sölu mjög fallegar íbúðir í 4ra. hæða lyftuhúsi við Tröllakór 2-4 í Kópavogi. Öllum íbúðunum fylgir sérgeymsla og bílastæði í bílajakjallara. Rúmgóðar fullbúnar íbúðir með fallegum innréttingum. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél er í íbúðum. Granit borðplötur og sólbekkir. **Íbúðirnar eru lausar til afhendingar strax!**

**4ra herbergja, 157,6 m<sup>2</sup> endaíbúð merkt 201 V. 31,9 m.**

**3ja herbergja, 113,4 m<sup>2</sup> íbúð merkt 204 V. 24,9 m.**

**3ja herbergja, 113,0 m<sup>2</sup> íbúð merkt 205 V. 24,9 m.** 10187


Gleðileg jól  
og farsælt komandi ár  
þökkum samstarfið á árinu



REYKJAVÍK  
FASTEIGNASALA

IO1 Reykjavík Fasteignasala • Laugavegur 66 • IO1 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.io1.is • IO1@IO1.is

Leifur Aðalsteinsson, löggiltur fasteignasali



### Skólavörðustígur - 101 Rvk.

Glæsileg efri hæð og ris auk 3-4 herb. íbúðar í kjallara samtals 298 fm. Um er að ræða sérlega glæsilega eign. Hæðin skiptist í hol, stofu, eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. Rísið er eitt opið rými. Glæsilegt útsýni. Í kjallara er innréttuð 3-4ra herbergja íbúð sem er í útleigu. **Eignin er mjög mikið endurnýjuð.**



### Klapparstígur - 101 Rvk.

Um er 3 íbúðir í nýju húsi í miðborginni. 2 íbúðana eru á 2 hæð skiptist í: 73,9fm 3 herb. **V-26,9millj.** og 87,6fm 3 herb. **V-30,9millj.** Á efstu hæðinni er 156,2fm 5-6 herb. íbúð. **V- 59,9millj.** Íbúðirnar eru allar í útleigu. Frábær staðsetning.



### Laugarnesvegur - 104 Rvk.

Glæsileg 64,8fm 2 herbergja íbúð á 2 hæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi með stórum vestur svölum. Glæsilegt útsýni til sjávar, yfir Snæfellsjökull, Akrafjall, Engey og Esjunar. Ísskápur, þvottavél fylgir með í kaupunum. **Eignin er laus eftir miðjan janúar 2012. V- 17,9millj.**



### Laugarnesvegur - 104 Rvk.

Voltaren Gel® (Díklófenakvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin úrtvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu úrtvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna úrtvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.





**75%**

**HEIÐAR HELGUSON** spilar með Queens Park Rangers á móti Swansea í ensku úrvalsdeildinni í kvöld, en hann hefur komið með beinum hætti að 9 af 12 mörkum QPR undanfarnar níu vikur. Heiðar kom inn á sem varamaður í fyrstu tveimur leikjum sínum í vetur en eftir að hann fékk tækifærið í byrjunarliðinu á móti Blackburn Rovers 15. október hefur hann komið að marki í sjö af síðustu níu leikjum sínum; skorað sjö sjálfur og lagt önnur tvö upp.

## ENSKI BOLTINN

### Enska úrvalsdeildin

<b>Chelsea - Fulham</b>	<b>1-1</b>
1-0 Juan Mata (47.), 1-1 Clint Dempsey (56.)	
<b>Bolton - Newcastle</b>	<b>0-2</b>
0-1 Hatem Ben Arfa (69.), 0-2 Demba Ba (71.)	
<b>Liverpool - Blackburn</b>	<b>1-1</b>
0-1 Sjálfsmark (45.), 1-1 Maxi Rodriguez (53.)	
<b>Manchester United - Wigan</b>	<b>5-0</b>
1-0 Ji-Sung Park (8.), 2-0 Dimitar Berbatov (41.), 3-0 Dimitar Berbatov (59.), 4-0 Antonio Valencia (75.), 5-0 Dimitar Berbatov, viti (78.)	
<b>Sunderland - Everton</b>	<b>1-1</b>
1-0 Jack Colback (26.), 1-1 Leighton Baines, viti (51.)	
<b>West Bromwich - Manchester City</b>	<b>0-0</b>
<b>Stoke - Aston Villa</b>	<b>0-0</b>

### STaðan í deildinni:

<b>Man. City</b>	18	14	3	1	53-15	45
Man. United	18	14	3	1	47-14	45
<b>Tottenham</b>	16	11	2	3	32-19	35
Chelsea	18	10	4	4	36-21	34
<b>Arsenal</b>	17	10	2	5	33-25	32
Liverpool	18	8	7	3	21-14	31
<b>Newcastle</b>	18	8	6	4	25-22	30
Stoke	18	7	4	7	18-28	25
<b>West Brom</b>	18	6	4	8	19-26	22
Everton	17	6	3	8	18-20	21
<b>Norwich</b>	17	5	6	6	27-31	21
Aston Villa	18	4	8	6	19-23	20
<b>Fulham</b>	18	4	7	7	19-24	19
Sunderland	18	4	6	8	22-22	18
<b>Swansea</b>	17	4	6	7	16-21	18
QPR	17	4	4	9	17-31	16
<b>Wolves</b>	17	4	3	10	19-32	15
Wigan	18	3	5	10	15-35	14
<b>Bolton</b>	18	4	0	14	22-41	12
Blackburn	18	2	5	11	25-39	11



**ARON EINAR GUNNARSSON** Lagði upp jöfnunarmarkid. NORDIC PHOTOS/GETTY

Cardiff í ensku b-deildinni:

## Innkast Arons bjargaði stigi

**FÓTBOLTI** Aron Einar Gunnarsson átti góðan leik með Cardiff City í ensku b-deildinni í gær þegar liðið gerði 1-1 jafntefli á útivelli á móti Watford.

Aron Einar var maðurinn á bak við jöfnunarmark Cardiff í leiknum þegar Adrian Mariappa varð fyrir því að senda innkast Arons Einarar í eigið mark, en markið kom á 80. mínútu, átján mínútum eftir að Watford hafði komist yfir.

Cardiff City hefur þar með aðeins náð í tvö stig út úr síðustu þremur deildarleikjum sínum en þetta stig dugði liðinu til að komast upp í fjórða sætið. - 66j

# United búið að ná City að stigum

West Bromwich Albion varð í gær fyrsta liðið til að halda hreinu á móti toppliði Manchester City og Manchester-liðin eru nú bæði með 45 stig eftir annan 5-0 stórsigur United-manna í röð. Chelsea gerði þriðja jafnteflið í röð og Liverpool heldur áfram vandræðagangi sínum á móti botnliðunum.

**FÓTBOLTI** Manchester-liðin eru jöfn að stigum á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir úrslitin á öðrum degi jóla. Manchester City lék þá sinn þriðja útileik í röð án þess að vinna og Manchester United nýtti sér það og náði því að stigum með öðrum 5-0 sigri sínum í röð. United hefur ekki aðeins náð City að stigum síðustu vikur heldur hefur markatala liðsins lagast mikið við hvern stórsigurninn á fætur öðrum að undanförunu.

Dimitar Berbatov fékk tækifæri í byrjunarliði Manchester United í fyrsta sinn síðan í september og skoraði þrennu í 5-0 sigri á Wigan í gær en fjögur markanna, þar á meðal öll frá Búlgaranum, komu eftir að Wigan missti Conor Sammon af velli með rautt spjald á 39. mínútu.

„Við erum komnir á gott skrið og það er markaðgn úr öllum stöðum. Ég verð ánægður ef við verðum á toppnum eða jafnir City á toppnum þegar nýársdagurinn rennur upp,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United. Liðið fór fyrst almennilega í gang eftir að það datt út úr Meistaradeildinni á dögunum en síðan þá hefur United unnið fjóra leiki í röð með markatölunni 16-1.

„Það horfðu allir á sjálfa sig í spegli og sögðu: Við getum gert miklu betur. Nú erum við farnir að spila eins og stuðningsmennirnir okkar búast við af okkur,“ sagði Patrice Evra, fyrirliði Manchester United, og bætti við: „Ef við höldum áfram á þessari braut, að vinna, skora fullt af mörkum og halda markinu hreinu, þá er enginn vafi að við verðum í toppsætinu í mótislok,“ sagði Evra.

West Bromwich Albion varð fyrsta liðið til að halda hreinu á móti Manchester City í ensku úrvalsdeildinni í vetur þegar liðin gerðu markalaust jafntefli á Hawthorns. City-menn voru langt frá sínu besta í þessum leik og baráttuglaðir lærisveinar Roy Hodgson fögnuðu frábæru stigi.

„Við vitum að það er kannski ómögulegt að vera á toppnum eftir allar 38 umferðirnar en við munum reyna. Ef við hefðum skorað í fyrri hálfleik hefði þetta orðið allt annar leikur. Við hefðum þá kannski skorað tvö

eða þrjú mörk,“ sagði Roberto Mancini, stjóri Manchester City.

Chelsea og Liverpool héldu áfram að misstíga sig í gær. Chelsea gerði þriðja 1-1 jafntefli í röð, nú á móti Fulham, og Liverpool lenti enn á ný í vandræðum á móti



**PRENNA HJÁ BERBATOV** Fékk sinn fyrsta leik í byrjunarliðinu í deildinni síðan 24. september og nýtti tækifærið frábærlega.

### Gengið eftir 1-6 leikinn

**Manchester City** vann 6-1 sigur á Manchester United á Old Trafford 23. október og náði um leið fimm stiga forskoti á toppnum. United-menn hafa nú náð að vinna upp forskotið á níu vikum.

**Gengi Manchester-liðanna í deildinni frá og með 24. október:**

<b>Stig í húsi</b>		
Man. United 25		Man. City 20
<b>Mörk skoruð</b>		
Man. United 21		Man. City 20
<b>Mörk fengin á sig</b>		
Man. United 2		Man. City 8
<b>Markatala</b>		
Man. United 21-2		Man. City 20-8

neðstu liðum deildarinnar og náði aðeins 1-1 jafntefli á heimavelli á móti botnliði Blackburn. Liverpool hefur aðeins unnið 3 af 8 leikjum í vetur á móti liðunum í átta neðstu sætunum.

„Ég hef gefið svona viðtal áður. Við erum ekki að fá mörg mörk á okkur og við erum að skapa góð færi en við getum ekki sagt aftur og aftur að við höfum mætt markverði í banastuði. Við verðum að hafa trú á því sem við erum að gera fyrir framan markið. Ef við gerum það verður þetta auðveldara fyrir okkur,“ sagði Kenny Dalglish, knattspyrnstjóri Liverpool, eftir leikinn.

Juan Mata kom Chelsea í 1-0 en Petr Cech fékk þriðja leikinn í röð á sig mark þar sem Tékkinn átti að gera miklu betur. Clint Dempsey nýtti sér það og tryggði Fulham jafntefli. „Það verður erfitt að vinna titilinn úr þessu. Fjarlægðin í efstu liðin er of mikil til að við getum gert raunhæfa atlögu að titlinum eftir þessi úrslit,“ sagði Villas-Boas eftir 1-1 jafnteflið.

„Desember hefði verið góður fyrir okkur ef við hefðum náð í sex stig úr heimaleikjunum tveimur en eftir þetta jafntefli verður þetta erfitt.“

Arsenal spilar við Wolves í kvöld en jafntefli Chelsea og Liverpool ættu að gefa liðinu tækifæri á að enda árið meðal fjögurra efstu liðanna. Tottenham og Queens Park Rangers verða einnig á ferðinni í kvöld og bæti eiga útileik. Tottenham heimsækir Norwich en QPR fer til Wales og mætir Swansea City. ooj@frettabladid.is

Alfreð og Aron settu nýtt met með Kiel í gær:

## 18 sigrar í 18 leikjum

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason og lærisveinar hans í Kiel endurskrifuðu söguna í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær þegar Kiel vann 28-25 útisigur á Gummersbach og varð fyrsta liðið til að vinna átján fyrstu deildarleiki sína á tímabili. Kiel bætti þar með met Lemgo sem vann 17 fyrstu leikina árið 2003.

Sigur Kiel var reyndar langt frá því að vera eins sannfærandi og margir af hinum 17 sigrunum í vetur enda gulltryggði liðið ekki sigurinn fyrr en besti maður liðsins, Filip Jicha, skoraði úr hraða-upphlaupi 62 sekúndum fyrir leikslök. Aroni Pálmarsyni tókst ekki að skora, en hann klikkaði á öllum þremur skotum sínum.

THW Kiel er áfram með fimm stiga forskot á Füchse Berlin, sem vann lauffléttan 33-21 sigur á MT Melsungen í gær, en Alexander Petersson skoraði bara eitt mark.

Rhein-Neckar Löwen vann síðan



**ALFREÐ GÍSLASON** Að gera frábæra hluti með Kiel. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

34-25 sigur í Íslendingaslag á móti Bergischer. Rúnar Kárasón sýndi sig fyrir landsliðsþjálfaranum Guðmundi Guðmundssyni og skoraði fimm mörk fyrir Bergischer en Róbert Gunnarsson var með 3 mörk fyrir Löwen. - 66j

# STÓR RÝMINGARSALA

VERSLUNIN HÆTTIR, ALLT Á AÐ SELJAST

**50-80% AFSLÁTTUR**



Opnar 27. des kl. 10 [www.domti.is](http://www.domti.is)

**SMÁRATOGI 1 KÓPAVOGI**





# Flugfélags Íslands Deildarbikarinn 2011

## Taumlaus handboltaskemmtun milli jóla og nýárs

Fjögur efstu lið í N1 deildum karla og kvenna fara í keppnina. Í karlaflokki mætast lið Fram, FH, Haukar og HK og í kvennaflokki takast á Fram, HK, Stjarnan og Valur.

### Leikjaplanið:

Þriðjudagur 27. desember 2011

<b>Fram – Stjarnan</b>	kl. 16.00	<b>Undanúrslit kvenna</b>
<b>Haukar – Fram</b>	kl. 17.45	<b>Undanúrslit karla</b>
<b>Valur – HK</b>	kl. 19.30	<b>Undanúrslit kvenna</b>
<b>FH – HK</b>	kl. 21.15	<b>Undanúrslit karla</b>

Miðvikudagur 28. desember 2011

<b>Deildarbikar kvk</b>	kl. 18.15	<b>Úrslit</b>
<b>Deildarbikar ka</b>	kl. 20.00	<b>Úrslit</b>

Leikið verður í Íþróttahúsinu Strandgötu í Hafnarfirði.

Miðaverð er 1.000 kr., hvorn dag, fyrir 16 ára eldri en frítt inn fyrir 15 ára og yngri. Aðgöngukort HSÍ, A og B, gilda á leikina en ekki C kortin.





# Þriðja tilraun við Hafnarfjarðarúrslitaleik

Undanúrslit í Flugfélags Íslands Deildarbikarnum fara fram í Strandgötu í dag. Í karlaflokki mætast Haukar-Fram og FH-HK en hjá konunum keppa Valur-HK og Fram-Stjarnan um sætið í úrslitaleiknum.

**HANDBOLTI** Flugfélags Íslands Deildarbikarinn verður eins og síðustu ár spilaður á milli jóla og nýárs og hann fer þriðja árið í röð fram í Strandgötu í Hafnarfirði. Undanúrslitin fara fram í dag og úrslitaleikirnir verða síðan spilaðir á morgun. Það er því mikil handboltaveisla fram undan á Strandgötunni.

Fjögur efstu liðin í N1-deildum karla og kvenna komast í keppnina og var miðað við stöðu liðanna eftir seinustu umferð fyrir jól. Í karlaflokki voru það Fram, FH, Haukar og HK sem fá að spreyta sig en það eru einmitt einu félögin sem hafa unnið þessa keppni frá því að hún var sett á laggirnar árið 2006.

Hjá konum eru það Fram, HK, Stjarnan og Valur sem spila í undanúrslitunum en öll hafa þau unnið þennan titil nema HK sem er að þreyta frumraun sína í Deildarbikar HSÍ.

Hafnarfjarðarliðin Haukar og FH eru í tveimur efstu sætum N1-deildar karla og eins og undanfarin tvö ár eiga þau möguleika á því að mætast í úrslitaleiknum. Það hefur hingað til klikkaði í bæði skiptin því Akureyringar slógu FH-inga út 2009 og slógu síðan Haukana út í fyrri. Akureyrarliðið tapaði síðan fyrir hinu Hafnarfjarðarliðinu í úrslitaleikjunum, 24-25 fyrir Haukum 2009 og svo 26-29 fyrir FH í fyrri.

Það er stutt síðan að Hafnarfjarðarliðin mættust síðast. Haukar mættu í Kaplakrikann fyrir átta dögum og unnu þá 21-16 sigur



**MÆTAST HAUKAR OG FH Á MORGUN?** Gylfi Gylfason og Ólafur Gústafsson voru í stórum hlutverkum í deildarleik Hauka og FH fyrir átta dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

eftir að hafa unnið síðustu 18 mínútur leiksins 11-3.

Topplið Hauka mætir Fram í fyrri undanúrslitaleiknum hjá körlunum, en liðin hafa mæst tvisvar í vetur og unnið hvort sinn leikinn eftir mikla spennu. Framliðið var á toppnum fram-af móti en Haukar hafa verið á skriði síðustu mánuði og eru nú

með fimm stiga forskot í toppsætinu.

Hinn undanúrslitaleikurinn er á milli FH og HK, sem hafa einnig leikið tvo spennandi leiki í vetur. Liðin gerðu fyrst 30-30 jafntefli í Digranesi en FH vann síðan 25-23 sigur í leik liðanna í Kaplakrika eftir að HK hafði verið yfir í hálfleik.

Íslandsmeistarar Vals og bikarmeistarar Fram hafa mæst í síðustu sjö úrslitaleikjunum í öllum keppnum hjá konunum og eru líkleg til að komast í þann áttunda í röð í dag. Það eru liðin tvö ár síðan að úrslitaleikur fór fram í kvannahandboltanum þar sem vantaði annað liðið. Fram vann þá 27-25 sigur á Haukum í úrslitaleik deildarbikarsins en Valsliðið hafði notað ólöglegan leikmann þegar liðið vann Hauka í undanúrslitunum og Haukum var því dæmdur sigurinn í þeim leik.

Íslandsmeistarar Vals hafa unnið alla sex deildarleiki sína í vetur með miklum yfirburðum og mæta HK í seinni undanúrslitaleiknum hjá konunum. Liðin mættust í Digranesi í nóvember og þá vann Valsliðið 32-25 sigur. Þetta verður í fyrsta sinn sem hið unga HK-lið tekur þátt í þessari keppni en HK kom mjög á óvart í upphafi tímabilsins en hefur síðan gefið nokkuð eftir.

Framliðið tapaði óvænt fyrir HK í fyrsta leik en hefur síðan unnið sex deildarleiki í röð. Fram mætir Stjörnunni í fyrri undanúrslitaleiknum hjá konunum en Fram vann 33-25 sigur í Garðabænum í leik liðanna í byrjun nóvember. Stjörnunur hafa setið eftir í undanúrslitunum undanfarin tvö ár en unnu þessa keppni fyrir þremur árum.

Veislan byrjar klukkan fjögur í dag og síðan verður boðið upp á handbolta samfellt til að verða ellifu í kvöld. Miðaverð er þúsund krónur fyrir hvorn dag, fyrir 16 ára eldri, en frítt inn fyrir 15 ára og yngri.

ooj@frettabladid.is



**HRAFNHILDUR SKÚLADÓTTIR** Valskonur hafa unnið alla leiki vetrarins og eiga titil að verja. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Spáð í leiki dagsins

**Fréttablaðið** fékk fjóra þjálfara úr N1-deildum karla og kvenna til að spá fyrir um hvernig leikirnir fara í dag:

### 16.00 Undanúrslit kvenna

#### Fram-Stjarnan

Einar Jónsson, þjálfari Hauka: 31-24  
Guðlaugur Amarss., þjálfari KA/Þórs: 32-25

### 17.45 Undanúrslit karla

#### Haukar-Fram

Atli Hilmarrsson, þjálfari Akureyrar: 25-23  
Óskar Bjarni, þjálfari Vals: 28-25

### 19.30 Undanúrslit kvenna

#### Valur-HK

Einar Jónsson, þjálfari Hauka: 30-18  
Guðlaugur Amarss., þjálfari KA/Þórs: 35-25

### 21.15 Undanúrslit karla

#### FH-HK

Atli Hilmarrsson, þjálfari Akureyrar: 27-28  
Óskar Bjarni, þjálfari Vals: 24-27

### Úrslitaleikirnir á morgun:

18.15 Konur 20.00 Karlar

**NETFRELSI**

## BYLTING Í ÞÆGINDUM

Nú getur þú horft á Stöð 2 hvar og hvenær sem er.

Stöð 2 Netfrelsi gerir þér kleift að horfa á eftirlætis þættina þína í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni – þegar þér hentar.

**Nýjung fyrir áskrifendur Stöðvar 2**

Allt upphaldsefnið þitt, innlent og erlent er aðgengilegt í tvær vikur eftir frumsýningu. Farðu inn á stöð2.is, veldu Netfrelsi, skráðu þig og byrjaðu að horfa - en hver þáttur kostar aðeins 30 Stöðvar 2 punkta fyrstu tvo mánuðina. Nýttu þér Stöð 2 Netfrelsi - hvar og hvenær sem er!

SNJALLSÍMI

SPJALDTÖLVA

TÖLVA



# FÆKKAÐU SÍGARETTUNUM MEÐ TROPICAL FRUIT



## NÝTT MINNI REYKINGAR MEIRA TROPICAL FRUIT

AÐ DRAGA ÚR REYKINGUM  
ER LÍKA SKREF Í RÉTTA ÁTT



Nicotinell er samstarfsaðili  
Krabbameinsfélagsins

Lesið vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli.  
Nicotinell lyfjatyggigúmmi inniheldur 2 mg eða 4 mg nikótín (nikótínþólacrillín). Nicotinell lyfjatyggigúmmi er notað til að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum nikótíns hjá einstaklingum sem eru háðir nikótíni. Þannig getur það auðveldað reykingafólki sem vill hætta að reykja að hætta eða að draga úr reykingum. Ekki má nota fleiri en 25 stk. 2 mg lyfjatyggigúmmi eða meira en 15 stk. 4 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju öðrum innihaldsefnum eða reykir ekki má ekki nota Nicotinell lyfjatyggigúmmi. Ráðfærðu þig við lækinn eða lyfjafæðing ef þú hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp - ert með hjartasjúkdóma, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkjan skjaldkirtil, ofvirkjan nýrnahetkur, alvarlega skerta nýrna- og/eða lífrarstarfsemi eða magasár. Ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti máttu einungis nota lyfið í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.  
Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurlaun 12a, 210 Garðabæ.



## &gt; Stöð 2 Sport 2 kl. 14:50

## Enska úrvalsdeildin

Níu tíma fótboltaveisla í beinni. Arsenal tekur á móti Wolves klukkan 14.50. Heiðar Helguson og félagar hans í Queens Park Rangers heimsækja Swansea klukkan 16.50. Útsending frá leik Norwich og Tottenham hefst klukkan 19.15 og klukkan 21.30 taka Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason við með umfjöllun um alla jólaeikina.



## VIÐ TÆKIÐ PORGILS JÓNSSON OG HIÐ ÁRLEGA HÁTÍÐAGLÁP

## Prúð og góð um jólahátíðina

Það væri ótækt að nýta ekki þetta tækifæri til hugleiðinga um jólamyndir og jóladagskrána, en sem betur fer var þetta ár með miklum ágætum.

Það sem stóð upp úr af þessum hefðbundnu jóladagskrárlíðum að þessu sinni er Jólásaga Prúðuleikaranna með Sir Michael Caine í aðalhlutverki.

Þrátt fyrir að um barnamynd sé að ræða og stutt sé í sprell, sérstaklega með Gonzo sem sögumann, skilar boðskapur Dickens sér óaðfínanlega. Hinn kaldranalegi Ebenezer Scrooge áttar sig á því að hann hafi lífað lífi þar



sem hann lét söfnun auðs ganga fyrir hamingju, ást og vináttu.

Bæði eru Prúðuleikarnir frábærir eins og venjulega og Caine sýnir sinn venjulega stórleik, sem gerir myndina ómissandi hver jól.

Fleiri gullmola mætti telja til, eins og Jóláævintýri Gris-

wold-fjölskyldunnar, sem er algert skylduáhorf, en við gerð þessa pistils uppgötvaði ég að fyrir nokkrum árum var gefið út framhald af því meistarastykki, Christmas Vacation 2, þar sem Eddie fráendi er í fyrirrúmi. Held að ég leyfi þeirri mynd að vera til án þess að leggja í hana.

## dagskrá

## RÚV

- 12.00 Enginn má við mörgum (6:7) (e)  
12.30 Myndheimur Katrínar Elvars-dóttur Þáttaröð um íslenska ljósmyndun.  
13.00 E-efni í matvælu – Litir (1:3) (E Numbers – An Edible Adventure) (e)  
13.55 Kingdom lögmaður (6:6) (e)  
14.45 Björgvin – Bolur inn við bein (e)  
15.40 Thor (e)  
16.40 Leiðarljós (Guiding Light)  
17.20 Tóti og Patti (38:52)  
17.32 Pakbúarnir  
17.44 Skúli skelfir (20:52)  
17.55 Týndur – fundinn (Lost & Found)  
18.20 Tákn málsfréttir  
18.30 Laus og liðugur (19:20)  
19.00 Fréttir  
19.30 Veðurfréttir  
19.35 Kastljós  
20.05 Íþróttannaáll 2011  
20.35 Tíu mínútna sögur – Hundalíf  
20.45 Krabbinn (4:13) (The Big C)  
21.20 Norrænir músikldagar  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Millennium – Stúlkan sem lék sér að eldinum I (3:6) (Millennium) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.  
23.55 Sönnunargögn (13:13) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.  
00.40 Kastljós (e)  
01.05 Fréttir  
01.15 Dagskrárlök

## BÍÓ

- 08.00 Bye, Bye, Love  
10.00 Nothing Like the Holidays  
12.00 Toy Story 3  
14.00 Bye, Bye, Love  
16.00 Nothing Like the Holidays  
20.00 The Family Stone  
22.00 Avatar  
00.40 Lethal Weapon 2  
02.30 Unknown  
04.00 Avatar

## STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2  
08.15 Oprah  
08.55 Í finu formi  
09.10 Bold and the Beautiful  
09.30 Doctors (81:175)  
10.15 Hawthorne (9:10)  
11.00 Borgarilmur (4:8) Boston er fæðingarstaður Bandaríkjanna – þar hófst byltingin sem leiddi til sjálfstæðis landsins og Íllur kynir sér þá merku sögu auk þess sem hún heimsækir syngjandi vísdamenn og lærir mannsiði hjá frægum sálfræðingi.  
11.35 Eldsnögg með Jóa Fel (12:12)  
12.10 Wonder Years (3:23)  
12.35 Nágrannar  
13.00 Frasier (20:24)  
13.25 Jonas Brothers: The 3D Concert Experience  
14.50 ET Weekend  
15.40 Barnatími Stöðvar 2 (2:25)  
17.05 Bold and the Beautiful  
17.30 Nágrannar  
17.55 The Simpsons (14:22)  
18.23 Veður  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.47 Íþróttir  
18.54 Ísland í dag  
19.11 Veður  
19.20 Malcolm in the Middle (21:25)  
19.45 My Name Is Earl (16:27)  
20.10 Modern Family (4:24)  
20.35 Mike & Molly (16:24)  
21.00 Chuck (15:24)  
21.45 Terra Nova  
22.35 Community (12:25)  
23.00 Jerry Maguire Jerry Maguire starfar hjá umboðsskrifstofu fyrir íþróttamenn. Samviskan nagar hann því svik og prettir eru stór hluti starfsins. Þegar hann gerir lýðum ljóst hvernig allt er í pottinn búið missir hann starfið. Allir snúa við honum baki nema sóknarmaðurinn Rod Tidwell og vinkona hans Dorothy Boyd.  
01.15 The Middle (10:24)  
01.40 Medium (9:13)  
02.25 Cougar Town (22:22)  
02.50 Hawthorne (7:10)  
03.35 Satisfaction  
04.25 Silverado

## SPORT besta sætið

- 07.00 Þýski handboltinn: Fühse Berlin – Melsungen  
18.00 Þýski handboltinn: Fühse Berlin – Melsungen  
19.25 Kobe – Doin' Work Í þessari mögnuðu mynd fylgjumst við með einum degi í lífi Kobe Bryant.  
20.55 Spænski boltinn: Real Madrid – Barcelona  
22.40 Ísland – Svartfjallaland Útsending frá leik Íslands og Svartfjallalands á HM í handbolta í Brasilíu. Þetta er fyrsti leikur íslenska kvennalandsliðsins í úrslitakeppni HM.

## SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Stoke – Aston Villa  
13.00 Sunderland – Everton  
14.50 Arsenal – Wolves BEINT  
16.50 Swansea – QPR BEINT  
19.15 Norwich – Tottenham BEINT  
21.30 Sunnudagsmessan BEINT  
22.50 Football League Show  
23.20 Swansea – QPR  
01.10 Sunnudagsmessan  
02.30 Norwich – Tottenham  
04.20 Sunnudagsmessan

## EXTRA

- 19.30 The Doctors (13:175)  
20.10 Bones (11:22)  
21.00 Fréttir Stöðvar 2  
21.25 Ísland í dag  
21.50 Injustice (1:2) Fyrri hluti vandaðrar og hörkuspennandi framhaldsmyndar um vináttu, samsæri, svik og morð. Á yfirborðinu virðist allt ganga upp hjá William Travers (James Purefoy), hann er virtur lögmaður og býr hamingjusamlega með konu sinni (Dervla Kirwan) í Suffolk. Hann hefur hins vegar misst trúna á réttarkerfið og er að jafna sig eftir erfiða atburði úr fortíðinni.  
23.30 Injustice (2:2)  
01.10 Malcolm in the Middle  
01.35 My Name Is Earl (16:27)  
02.00 Bones (11:22)  
02.45 The Doctors (13:175)  
03.25 Fréttir Stöðvar 2  
04.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

## SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 Dr. Phil (e)  
08.45 Rachael Ray (e)  
09.30 Pepsi MAX tónlist  
14.20 Being Erica (6:13) (e)  
15.05 Geðveik jól á Skjá Einum (e)  
16.35 Rachael Ray  
17.20 Dr. Phil  
18.05 Phil Collins (e) Upptaka frá stórtónleikum Phil Collins  
18.55 America's Funniest Home Videos – OPIÐ (39:50) (e)  
19.20 Everybody Loves Raymond (18:25)  
19.45 Will & Grace – OPIÐ (23:24) (e)  
20.10 Outsourced (16:22)  
20.35 Mad Love (8:13)  
21.00 Charlie's Angels (4:8) Þokkadísir-koma sér í klípu á Kúbu þegar þær freista þess að koma upp um glæpahring sem fæst við mannrán. Til að hjálpa englunum tekur Bosley höndum saman með fyrrverandi kærustu – CIA-fulltrúanum Samantha Masters.  
21.50 Cherry Goes Breastfeeding Cherry Healey kannar ólík viðhorf fólks til brjóstgáfar en svo virðist sem samfélagið dæmi þær mæður sem ekki geta mjólkað oft ansi harkalega.  
22.40 CSI: Miami (7:24) (e)  
23.30 Hæ Gosi (1:8) (e) Sprenglæglegir en um leið óþægilegir gamanþættir um bræðurna Bök og Víði og fólk í lífi þeirra. Þetta er önnur þáttaröðin um þá bræður en við skildum við þá á leið til Færeyja.  
00.00 Hæ Gosi (2:8) (e)  
00.30 Falling Skies (10:10) (e)  
01.20 Everybody Loves Raymond (e)  
01.40 Cherry Goes Breastfeeding (e)  
02.30 Pepsi MAX tónlist

## SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.10 Chevron World Challenge (2:4) 11.10 Golfing World 12.00 Presidents Cup 2011 (2:4) 18.00 Golfing World 18.50 PGA Championship 2011 (2:4) 22.00 Golfing World 22.50 US Open 2008 – Official Film 23.50 ESPN America

## N4

- 18.00 Að norðan 18.30 Tveir gestir 21.00 Bæjarstjórnarfundur

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunbátur Rásar 1 06.40 Veðurfrégnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfrégnir 10.13 Jóna hvað? 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfrégnir 12.50 Dánarfrégnir 13.00 Fyrr og nú 14.00 Fréttir 14.03 „Operan leiðir okkur inni draumaheim...“ 15.00 Fréttir 15.03 Útlarpssagan: Í huliðsblæ 15.25 Málstofan 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Fúmm Fúmm Fúmm 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spégillinn 18.50 Veðurfrégnir 18.53 Dánarfrégnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Jólásögur úr samfímanum 21.20 Trío 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfrégnir 22.10 Orð kvöldins 22.15 Jólasería 23.05 Ög og hemennirnir sungu Heims um ból 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlarp Rásar 1

## BBC entertainment

- 06.40 Only Fools and Horses 07.30 The Vicar of Dibley 08.00 Live at the Apollo 08.45 The Inspector Lynley Mysteries 09.30 Live at the Apollo 10.10 The Inspector Lynley Mysteries 10.55 Family Towers 11.25 EastEnders 11.55 Keeping Up Appearances 12.25 Absolutely Fabulous 12.55 Little Britain 13.25 The Inspector Lynley Mysteries 14.10 Live at the Apollo 14.55 The Inspector Lynley Mysteries 16.25 My Family 19.00 Comedy Countdown 2010 21.40 Top Gear 22.35 Live at the Apollo 23.15 Gavin & Stacey

## DR 1

- 06.30 Pippi Langstrømpe 07.00 Ponyo - Þá Klippen Ved Havet 08.35 Garfield 08.50 Cirkusliv í savsmúli 09.05 Victorious 09.30 Piger på landet 10.15 Miss Marple 11.10 Julekoncert med Stig Rossen 12.10 Officer og gentleman 14.15 Karate Kid III 16.00 Mr. Beans ferie 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet 18.30 Huset på Christianshavn 19.00 Áret der gik 20.00 TV Avisen 20.10 SportNyt 20.15 Áret der gik 20.45 Marley & Me 22.35 Eye for an Eye 00.10 Taggart 01.50 Rockford

## NRK 1

- 08.35 Julekrigen 10.05 I Nansens fotspor 11.00 Nyheter 11.10 Downton Abbey 11.50 Julestemning helt døgnet 12.30 Nordkapp 13.25 Der ingen skulle tru at nokon kunne bu 13.55 Lynjul 14.00 Nyheter 14.10 Desi Nation Furuset 15.00 Áret med kongefamilien 16.00 Nyheter 16.10 Toralv fra Maurstad 16.50 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Tegnspråknytt 17.00 Folkets vinterfilm 17.20 Væffeljarte 18.00 Dagsrevyen 18.30 Julelatter 18.45 En Dag som ingen andre 19.45 Været som var 20.15 Mildred Pierce

## svt1

- 08.30 Spisa med Price 09.00 Plus 10.00 Här är ditt kylskåp 10.30 Lena Nyman - ett litet stort geni 11.00 Musik ombord 12.35 Drottning Sonja och Kungliga slottet 13.05 Hurligruten - minut for minut 15.05 Rapport 15.10 S.O.S. - En segelskapsresa 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport 17.10 Regionala nyheter 17.15 Taube håller hov 18.15 Jonssons onsdag 18.30 Rapport 18.55 Regionala nyheter 19.00 Vasa 1628 20.00 Arne Dahl. Mysterioso 21.30 På väg till Malung 22.00 Den enfaldige mördaren 23.45 Rapport

## INN

- 20.00 Hrafnaþing 21.00 Svartar tungur 21.30 Græðlingur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 91,9 Kaninn

FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið  
FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útlarp Saga  
FM 102,2 Útlarp Latibær

FM 102,9 Lindin  
FM 105,5 Útlarp Boðun

— ÓMÓTSTÆÐILEG —  
**JÓLADAGSKRÁ Á STÖÐ 2**

Við viljum öll njóta þess besta saman um jólin, hvort sem það er heitt súkkulaði og smákökur eða stórkostleg jóladagskrá Stöðvar 2. Vandað talsett barnaefni, hátíðlegir tónleikar og fjölmargar bíómyndir eru meðal þess sem er á dagskrá Stöðvar 2 og Stöðvar 2 Bíó um jólin. Njóttum þess saman! Skoðuðu stod2.is og kynntu þér frábæru jóladagskrána okkar!

**JÓLAKORTIÐ Í ÁR**  
Gefðu áskriftarkort að Stöð 2 í jólagjöf. Það fæst hjá okkur í Skaftahlíðinni!



# Rizzo Pizzeria RIZZO

27. - 30. desember

## HÁTÍÐARPIZZA RIZZO

á öllum stöðum Rizzo og Rizzo Express!

Stór pizza með 3 áleggstegundum að eigin vali  
& 2 lítra pepsí á **1.790 kr.** ef þú sækir.

Pantaðu núna í síma

**577-7000**

Því eldbakað er betra!

Gleðileg jól og takk fyrir  
viðskiptin á árinu.







„Somebody That I Used to Know með Gotye er í upphaldi núna. En við spilum mest jólalög við vinnuna þessa dagana.“

Vala Stefánsdóttir, landsliðskona í liði kaffibarþjóna.

# Þúsund tölvunirðir hertaka Hörpu

„Markmiðið á hverju ári er alltaf að toppa okkur og gera hátíðina stærri og meiri fyrir alla þá sem koma að henni,“ segir Eldar Ástþórsson, markaðsstjóri CCP. Talsvert hefur gastað um CCP og samskipti fyrirtækisins við leikmenn í ár eftir að innanhússpósti var lekið á netið þar sem kynntar voru hugmyndir um breytingar á leiknum. Í kjölfarið sögðu margir upp áskrift sinni að leiknum og Eldar viðurkennir að fyrirtækið hafi unnið hörðum höndum að því að vinna það traust aftur. „Og að sjálfsgöðu er EVE Fanfest einn liður í þeirri vinnu.“

EVE Fanfest hefur verið fastur liður í lífi leikmanna tölvuleiksins vinsæla, hátíðin á næsta ári á að vera sú glæsilegasta í sögunni og af þeim sökum hefur verið ákveðið að

halda hana í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu dagana 22.-24. mars. En hátíðin hefur yfirleitt farið fram í Laugardalshöllinni.

Að sögn Eldars eru menn að leggja línurnar um þessar mundir og hafa uppi háleitar hugmyndir um notkun á húsnæðinu þar sem hin glæsilegi Eldborgarsalur kemur meðal annars við sögu. „Það kemur bara í ljós hvernig við munum útfæra húsið og hvernig það nýtist okkur best.“ Þetta verður áttunda árið í röð sem hátíðin verður haldin og hún hefur breyst talsvert. „Þetta byrjaði fyrst sem hálfgerft pöbbarölt en í fyrra slógum við aðsóknarmet, þá mættu yfir þúsund manns. Við ætlum að gera enn betur í ár.“

- fgg



**NÖRDAR Í MARS** Yfir þúsund tölvunirðir verða í Hörpu, ráðstefnu- og tónlistarhúsi Reykjavíkinga, þegar EVE Fanfest fer þar fram í lok mars. Eldar Ástþórsson býst við að hátíðin verði sú glæsilegasta en þetta er áttunda árið í röð sem hún er haldin.

# Semur í Úkraínu

„Ég kom hingað fyrst 2005, rétt eftir appelsínugulu byltinguna,“ segir tónskáldið Sveinn Rúnar Sigurðsson.

Hann er staddur í Úkraínu, nánar tiltekið í Kænugarði, að taka upp og semja tónlist. Sveinn Rúnar hefur aðsetur í hljóðverinu Cofein sem staðsett er í hjarta borgarinnar, en eiginkona tónskáldsins, María, er frá Úkraínu. „Við búum hins vegar í Ungverjalandi.“ Sveinn lætur afar vel af Úkraínu, segir fólkið þar gott. „Við höfum komið hingað oft og hérna er mikil menning.“

Sveinn Rúnar er mikill huldumaður í Eurovision þrátt fyrir að hafa unnið söngvakeppnina hér heima í tvígang, fyrst með Heaven sem Jónsi söng og svo Valentine Lost með Eiríki Haukssyni. Hann á þrjú lög í söngvakeppninni í ár og hefur fengið þau Rósu Birgittu Ísfeld, Magna Ásgeirsson og Írisi Hólm til að flytja þau fyrir sig. „Það kemur mér stöðugt á óvart hvað lögin mín komast allt-



**MEÐ ÞRjú LÖG** Sveinn Rúnar á þrjú lög í Söngvakeppni Sjónvarpsins. Hann er nú í Úkraínu að semja tónlist og taka upp.

af í gegn, þetta er í annað skiptið sem ég kem þremur lögum að og lögin í ár eru mjög ólík. Ég sem tónlistarlistamaður og finnst gaman að spreyta mig á ólíkum stílum og stemningu,“ segir Sveinn, sem lærði bæði á kirkjuorgel og píanó í Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

- fgg



**SPENGILEGUR** Mikið er lagt upp úr glæsileika sundfatnaðarins. Hér má sjá Paul í eftirlætis sundfötunum sínum.

PAUL HELLENES: TVEIR DAGAR Í ÍSBÖÐ Á ÍSLANDI MEÐ BESTA VINI SÍNUM

# Vilja prófa íslenskt sjósund


„Við skemmtum okkur alltaf konunglega við þetta,“ segir Norðmaðurinn og ísbaðáhugamaðurinn Paul Hellenes.

Paul er á leið til Íslands í byrjun næsta árs ásamt besta vini sínum, Kristian Stensrud, sem gaf honum ferðina í tilefni fimmtugsafmælis hans fyrr á árinu. Tilgangur ferðarinnar er heldur óvenjulegur, en á meðan vinirnir dvelja hér á landi í tvo sólarhringa ætla þeir einungis að stunda íslensk böð, helst sem allra köldust. Síðustu vikur hafa þeir leitað allra leiða til að koma sér í samband við íslenskt ísbaðs- og sjósundsfólk, meðal annars með því að senda skilaboð á alla helstu fjölmiðla landsins, en enn án árangurs.

Áhugi Pauls á ísböðum kviknaði fyrir rúmum þremur áratugum þegar æskuvinirnir í Larvik bjuggu árlega til vök í frosnu vatninu og böðuðu sig um jölin. „Svo fluttum við allir í burtu og hefðin lagðist af í nokkur ár. Þegar við komum aftur til Larvik fyrir nokkrum árum tókum við hefðina upp aftur og stofnuðum fyrsta ísbaðsklúbbinn í Larvik,“ segir Paul, sem er varforseti, síðameistari og heiðursfélagi klúbbsins. Hann telur ísböð



**HARKAN SEX** Norðmennirnir láta kuldann ekki á sig fá. Hér er Kristian Stensrud á kafi í ísvök.



alls ekki vera mjög vinsæl í Noregi, en samt sem áður eru um 30 meðlimir í Larvik, sem allir taka þátt í gríninu sem felst í félagsskapnum.

Paul segir reglur félagsins margar, til að mynda keppist baðfólkið um að vera í sem frumlegustum sundfötum og nýir meðlimir séu vígðir inn með sverði að hætti riddara en þurfi fyrst að gangast undir strangt inntökuþróf. „Það er algjörlega bannað að væla undan kulda. Ef fólk brosir ekki bara og þegir, þótt það sé algjörlega að drepast úr kulda, fær það ekki að vera með.“

Aðspurður segir Paul hugmyndina um að fara á sólríkan og hlýjan stað alveg hafa komið upp, en Ísland hafi heillað þá meira. „Við Norðmenn erum auðvitað þekktir

fyrir að vera harðir af okkur. Það er einungis ein þjóð sem er harðari en við, og það eru Íslendingar. Við erum ekki of miklir með okkur, við getum alveg viðurkennt það að hér erum við í öðru sæti. Þess vegna langar okkur að koma í heim sókn, hitta íslenskt ísbaðfólk eða sjósundskappa og eiga skemmtilegan dag við böð,“ segir Paul, sem neitar ekki að hann renni hýru auga til hlýjunnar í Bláa lóninu að loknu íssundinu.

Von er á félögum til landsins þann 27. janúar og þeim sem hafa áhuga á að kæla sig niður með þeim er bent á að hafa samband við Paul, í netfangið paul.hellenes hjá fmve.no.

berghthora@frettabladid.is

**JÓL ÁN AUKAKÍLÓA**  
- Frábær árangur -

# CC Flax

Frábært gegn **fyrirtíðarspennu** fyrir konur á öllum aldri og einkennum **breytingaskeiðs**

**Mulin hörfræ – Lignans Trönuberjafrae**  
**Kalk úr hafþörungum**

**Stuðlar að hormónajafnvægi og vellíðan.**  
Talið gott við bjúg og vökvæðun, styrkir þvagfærakerfið. Fjölbreyttar trefjar, hreinsa og tryggja góða starfsemi ristilsins. Lækkar kólestrólfitu, ríkt af Omega-3

**Heilbrigðari og grennri konur**  
Rannsókn sýna að konur sem hafa mikið lignans í blóðinu eru að meðaltali með 8,5 kg minni fitumassa en þær konur sem skortir eða hafa lítið af Lignans.\*\*

\* Howel AB Journal of the American Medical Association June 2002 287:3082  
\*\* British Journal of Nutrition (2009), 102: 195-200 Cambridge University.

**Styrking • Jafnvægi • Fegurð**

1 kúfuð teskeið á dag - 40 daga skammtur

Fæst í apótekum, heilsubúðum, Hagkaup og Krónunni.

www.celsus.is

# Eyðir áramótunum á Íslandi

„Mig langaði að komast burt frá brjálæðinu í London í smá tíma og fannst því tilvalið að eyða áramótunum á Íslandi,“ segir hinn hálf-íslenski Fredrik Ferrier, en hann er raunveruleikastjarna í Bretlandi.

Ferrier, sem á íslenskan föður, ætlar að eyða áramótunum á Íslandi með systur sinni og fjölskyldu hennar sem eru búsett hér á landi. „Ég ætla að njóta mín með fjölskyldunni, skoða næturlífið aðeins og ferðast út á land til að finna náttúruperlur,“ segir Ferrier, en hann varð mikil stjarna í Bretlandi á árinu eftir að raunveruleikahátturinn Made in Chelsea sló í gegn.

„Þátturinn hefur verið svaklega vinsæll og um 1 milljón horfir á hann vikulega. Búið er að sam-

þykkja seríu 3 en hún fer í tókur á næsta ári,“ segir Ferrier og bætir við að hann sé ekki búinn að ákveða hvort hann vilji vera með í næstu seríu og segist vera með fullt af öðrum verkefnum í bígerð.

„Ég er að hugsa málið og þarf að ákveða hvaða skref er best að taka næst,“ segir Ferrier, sem er fyrirseta og tónlistarmaður en hann spilar á fiðlu og gítar.

Ferrier ætlar að nýta tímann hér á landi til að kíkja í búðir á Íslandi en hann er mjög hrifinn af skandinavískum fatastíl. „Ég hlakka til að sjá hvað Ísland hefur upp á að bjóða og ætla að kynna mér íslenska hönnun. Systir mín kemur með mér og ég treysti því að hún sé með puttana á púlsinum í þeim efnum.“

- áþ



**SKOÐAR NÆTURLÍFIÐ** Hálfíslenska fyrirsetan og raunveruleikastjarnan Fredrik Ferrier eyðir áramótunum í Reykjavík með fjölskyldu sinni. NORDICPHOTOS/GETTY





# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S



**ÞÚ SÆKIR  
MIÐSTÆRÐ  
AF PIZZU MEÐ  
ÞREMUR ÁLEGGSS-  
TEGUNDUM Á  
1.000 KR.**

58 · 12345 | [dominos.is](https://dominos.is)





Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

# VÍSIR

Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hjálpartæki í jólagjöf

Jólagjafir fyrirtækja til starfsmanna sinna eru jafnan mismunandi. Margir öfunda starfsmenn Landsbankans sem fengu 13. mánuðinn greiddan og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru starfsmenn Miði.is ekki síður ánægðir, enda fékk hver og einn iPad-spjaldtölvu að gjöf. Frumlegasta fyrirtækið hlýtur þó að vera útvarpsstöðin Flass, sem gaf starfsfólki sínu gjafabréf í verslun sem selur hjálpartæki ástarlísins. Hvort hugmyndin að gjöfunum er spröttin út frá vangaveltum um

hvort starfsfólkið sé fullnægt má liggja milli hluta, en það var allavega almenn ánægja með uppátækið hjá Írisi Hólmi, Yngva Eysteins og fleiri gullbörkum á Flass.



### Trúlofuð knattspyrnukona

Knattspyrnukonan **Sara Björk Gunnarsdóttir**, sem var nýverið tilnefnd sem Íþróttamaður ársins 2011, trúlofaðist núna um jólin Hákonni Atla Hallfreðssyni, knattspyrnumanni úr FH. Sara Björk er atvinnumaður í knattspyrnu hjá Malmö í Svíþjóð og þar hefur hún staðið sig gríðarlega vel, auk þess sem hún hefur verið einn albesti leikmaður íslenska landsliðsins á árinu. Fari svo að hún hljóti nafnbótina Íþróttamaður ársins 2011 hinn 5. janúar næstkomandi yrði það rúsinan í pylsuendanum á farsælu ári hjá henni bæði í knattspyrnunni og í einkalífni.



- afb

## Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Jólhryllingur í Texas
- 2 Fárviðri í Svíþjóð – hitamet í Danmörku
- 3 Þjófurinn sem stelur frá fátækum ófundinn
- 4 Uppáhaldsleikari Hitlers er látinn
- 5 Kaupóðir Bretar freista þess að gera reyfarakaup í dag

**Þú getur skipt jólabókunum í Office 1 SAMA HVAR ÞÆR VORU KEYPTAR**



SKIPTIMÍÐINN SKIPTIR EKKI MÁLI

**Office 1**

# ★ Tenerife

## SUMAR 2012 - Komið í sölu!

- ódýrustu sætin bókast fyrst!

sumarferdir.is

Parque de las Americas ☆☆☆

Íbúð með 1 svefnherbergi. frá **96.062 kr.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
Brottför 13. júní - vika

Costa Adeje Gran Hotel ☆☆☆☆☆

Herbergi í 1 viku með morgunverð. frá **119.458 kr.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
Brottför 13. júní - vika

Fanabe Costa Sur ☆☆☆☆

ALLT INNIFALIÐ! í fjölskylduherbergi. frá **127.993 kr.**  
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn  
Brottför 13. júní - vika

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar



Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 3.900 kr. fyrir hvern farþega. Birt með fyrirvara um prentvillur.